

# Stjórnartíðindi

## 2005 - B-deild - B62-65

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

**B 62-65**

**Nr. 468-513**

**2005**



## Efnisyfirlit B 62–65 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
468	18. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 386, 15. apríl 2005, um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum 2005 .....	865
469	17. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022, miðbæjarsvæði við Aðalgötu og svæði fyrir þjónustustofnanir í Tjarnarmýri .....	866
470	17. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, íbúðarsvæði við Mýrarveg .....	866
471	17. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Suðursvæði Vatnsenda, Þing .....	866-867
472	17. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Hverahvammur .....	867
473	17. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Klettahlíð .....	867-868
474	19. maí	Auglýsing sveitarstjórnar um samþykkt á deiliskipulag við Heiðardal, Miðdal, Lyngdal og Leirdal í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi .....	868
475	24. maí	Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík .....	869
476	24. maí	Auglýsing um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður Kóreu og Hong Kong vegna Avian Inflúensu eða fuglaflensu .....	870
477	25. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012, Akratorgsreitur .....	870
478	25. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um merkingu næringargildis matvæla, nr. 586/1993 .....	871
479	10. maí	Gjaldskrá fyrir búfjárefirlit í Sveitarfélaginu Skagafirði .....	871-872
480	25. maí	Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni .....	873
481	13. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðisins á Grundartanga í Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu .....	873-874
482	10. maí	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun .....	874
483	23. maí	Auglýsing um staðfestingu úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2005-2006 .....	875-898
484	13. maí	Reglugerð um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkra trygðir samkvæmt lögum um almannatryggingar og greiðslur þeirra fyrir heilbrigðisþjónustuna .....	899-905
485	9. maí	Reglur um fjárhagsaðstoð Félagsþjónustunnar í Reykjavík ...	906-915
486	11. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi virkjunarsvæðis Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði .....	915
487	27. apríl	Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald á Seltjarnarnesi .....	916-918
488	10. maí	Samþykkt fyrir Veiðifélag Skjálfafljóts .....	919-921

# STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 2005

18. maí 2005

865

Nr. 468

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 386, 15. apríl 2005,  
um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum 2005.

1. gr.

5. gr. orðast svo:

Síldarafla skal landað og hann veginn í íslenski höfn. Heimilt er þó með leyfi Fiskistofu að landa síldarafla og síldarafurðum í höfnum erlendis enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Jafnframt er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvigtadari síld um borð í vinnsluskip og flutningaskip, enda sé tryggt að skráning og vigtun afla sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar síldar utan íslenskra hafna til Fiskistofu og skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og áætlað magn síldar. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda síldarinnar eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.

Heimilt er að miðla afla úr nótt til skips, sem leyfi hefur til síldveiða í því skyni að koma í veg fyrir að síld sé sleppt dauðri úr nóttum.

Um vigtun á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávararafla, með síðari breytingum, þó þannig að draga skal 2% af afla hvers skips vegna vatnsinnihalds í síld, miðað við afla upp úr sjó, og reiknast það magn ekki til aflaheimilda þess.

Þegar norsk-íslensk síld er reiknuð til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,11.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. maí 2005.*

F. h. r.  
**Vilhjálmur Egilsson.**

*Guðríður M. Kristjánsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022, miðbæjarsvæði við Aðalgötu og svæði fyrir þjónustustofnanir í Tjarnarmýri.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 frá 9. júlí 2002.

Breytingin felst í því að hluti íbúðarsvæðis við Aðalgötu breytist í miðsvæði (miðbæjarsvæði) og hluti Tjarnarmýri breytist í svæði fyrir þjónustustofnanir þar sem gert verður ráð fyrir einni lóð fyrir leikskóla.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Stykkishólms. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. maí 2005.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

Nr. 470

17. maí 2005

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, íbúðarsvæði við Mýrarveg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði vestan Mýrarvegur og norðan Akurgerðis stækkar til norðurs um tæplega 3000 m<sup>2</sup> á kostnað óbyggðs svæðis og almenns útivistarsvæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. maí 2005.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

Nr. 471

17. maí 2005

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Suðursvæði Vatnsenda, Þing.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 frá 23. apríl 2002.

Breytingarnar ná til 37 ha svæðis sem afmarkast af Vatnsendavegi og byggð við Fagrahvarf, Elliðahvamsvegi, vatnsverndarmörkum í Vatnsendahlíð og hesthúsahverfinu í Heimsenda og fyrirhugaðri byggð við Vinda- og Vallakór og eru eftirfarandi:

- Lega fyrirhugaðrar tengibrautar (Þingmannaleið) breytist og gert er ráð fyrir nýrri göngubrú eða undirgöngum undir þann veg.
- Fyrirhuguð íbúðarsvæði stækka til norðurs og vesturs og koma í stað opinna svæða en um miðbik svæðisins er gert ráð fyrir opnum svæðum í stað íbúðarsvæðis.
- Svæði fyrir þjónustustofnanir (leikskóla, íbúðir, hjúkrunarheimili, öryggisíbúðir og þjónustumiðstöð fyrir aldraða) færast til suðurs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. maí 2005.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Hverahvammur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin felst í því að svæði sem nefnist Hverahvammur og liggur að Varmá milli Hverhamars og Álfahvams breytist úr íbúðarsvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. maí 2005.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Kletthlíð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin felst í því að svæði ofan við Kletthlíð og vestan við Breiðumörk sem skilgreint er sem íbúðarsvæði breytist í svæði með blandaðri landnotkun (stofnana- og athafnasvæði).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. maí 2005.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### **sveitarstjórnar um samþykkt á deiliskipulagi við Heiðardal, Miðdal, Lyngdal og Leirdal í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 11. maí 2005 samþykkt deiliskipulag við Heiðardal, Miðdal, Lyngdal og Leirdal í Vogum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Vogum, 19. maí 2005.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Jóhanna Reynisdóttir** sveitarstjóri.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 63 – 2005

24. maí 2005

869

Nr. 475

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

*Hallar, Hamrahlíðarlönd og suðurhlíðar Úlfarsfells, Hverfi 4.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. október 2004 deiliskipulag fyrir Halla, Hamrahlíðarlönd og suðurhlíðar Úlfarsfells, Hverfi 4.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Háskóli Íslands.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 24. febrúar 2005 deiliskipulag fyrir Háskóla Íslands, vestan Suðurgötu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Bústaðavegur 151.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 4. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bústaðaveg 151.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reitur 1.151.4, Þjóðleikhúsreitur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 28. apríl 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skúlagötusvæði, reit 1.151.4, Þjóðleikhúsreit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 24. maí 2005.*

**Helga Bragadóttir.**

## AUGLÝSING

### um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður Kóreu og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

#### 1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum í viðkomandi löndum um upprætingu á Avian Influensu í Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður Kóreu og Hong Kong, en Avian Influensa er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og hefur aldrei greinst á Íslandi, er framlengt bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá ofangreindum löndum.

#### 2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum skv. 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

#### 3. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast gildi 25. maí og gildir til 30. september 2005. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 337/2005 um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 24. maí 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012, Akratorgsreitur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012, 2. júní 1995.

Breytingin felst í því að Akurgerði er lokað varanlega og götusvæðið sameinað aðliggjandi lóðum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraness. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 25. maí 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um merkingu næringargildis matvæla, nr. 586/1993.

#### 1. gr.

3. tl. 9. gr. orðast svo:

3. Orkugildi sem gefið er upp skal reiknað út með eftirfarandi breytistuðlum:

Kolvetni (nema pólýólar)	4	kkal/g	og	17	kJ/g
Pólýólar	2,4	kkal/g	og	10	kJ/g
Prótein	4	kkal/g	og	17	kJ/g
Fita	9	kkal/g	og	37	kJ/g
Alkóhól (etanól)	7	kkal/g	og	29	kJ/g
Lífræn sýra	3	kkal/g	og	13	kJ/g
Salatrim	6	kkal/g	og	25	kJ/g

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum, sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipun 2003/120 sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlega EES-nefndarinnar nr. 53/2005 hinn 29. apríl 2005.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 25. maí 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir búfjárefirlit í Sveitarfélaginu Skagafirði.

#### 1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun, sbr. 11. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., er kr. 4.500.

#### 2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, skal vera kr. 4.500 á tímaeiningu.

#### 3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna, sbr. 1. og 2. gr., skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem er ákveðið af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.



4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjalddöku skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Purfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002, skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarsjóðs í hverju úrskurðarmáli.

6. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins ár hvert.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. maí 2005.*

**Guðni Ágústsson.**

\_\_\_\_\_  
*Atli Már Ingólfsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 64 – 2005

25. maí 2005

873

Nr. 480

## REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni.

1. gr.

Í fylgiskjali II við reglugerðina verða eftirfarandi breytingar.

Efni	Annað nafn	D I-II	Hámark án innflutningsleyfis
Acetic anhydride	Edíksýruanhýdríð	D I	100 l
Potassium permanganate	Kalíumpermanganat	D I	100 kg

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. og 49. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum og 2. gr., 3. gr. og 4. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. maí 2005.*

**Jón Kristjánsson.**

*Ragnheiður Haraldsdóttir.*

13. maí 2005

Nr. 481

## AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðisins á Grundartanga í Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Skilmannahrepps þann 5. maí 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðisins á Grundartanga, dagsett 8. nóvember 2002. Breytingin á deiliskipulaginu felst í stækkun hafnarsvæðisins og nær einungis til stækkunar hafnarinnar þ.e. lengingu viðlegukants í suðvesturátt um 250 metra ásamt nauðsynlegum grjótfyllingum við veg, stálþil og undir og við bryggjugólf.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum lóðum á hafnarsvæðinu umfram eldra skipulag og ekki er gert ráð fyrir neinum byggingum á hafnarsvæðinu.

Gutenberg

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F.h. Skilmannahrepps, 13. maí 2005.*

**Sigurður Sverrir Jónsson** oddviti.

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðina Hólalax hf., Hólum í Hjaltadal, kt. 601279-0299. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið tekur gildi þann 29. apríl 2005 og gildir til 1. mars 2017.

*Umhverfisstofnun, 10. maí 2005.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

---

*Sigurbjörg Gísladóttir,  
forstöðumaður stjórnisýslusviðs.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 2005

23. maí 2005

875

Nr. 483

## AUGLÝSING

### um staðfestingu úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2005-2006.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með áorðnum breytingum hefur menntamálaráðherra hinn 23. maí 2005 staðfest úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 2005-2006 samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari. Úthlutunarreglurnar voru samþykktar á fundi stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna hinn 14. maí 2004 og taka gildi hinn 1. júní 2005.

*Menntamálaráðuneytinu, 23. maí 2005.*

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

*Guðmundur Árnason.*

#### Fylgiskjal.

#### Úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2005-2006.

#### **I. kafli – Lánshæft nám.**

##### **1.1. Almenn.**

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms, við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Sjóðnum er heimilt að veita námslán til sérnáms.

Lán er ekki veitt til náms sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningarsamningi. Þetta gildir m.a. um launað framhaldsnám lækna.

Lán er ekki veitt til undirbúningsnáms né heldur til náms að loknu doktorsprófi eða samþærilegu prófi.

Gestanám er að öllu jöfnu ekki lánshæft. Fjarnám getur verið lánshæft ef boðið er upp á a.m.k. 75% nám miðað við reglubundið skólanám.

Skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að viðkomandi sé fjárráða og hafi átt lögheimili á Íslandi í tvö ár samfellt fyrir upphaf þess tímabils sem sótt er um námslán vegna eða átt lögheimili hér á landi í þrjú ár af síðustu tíu árum fyrir upphaf tímabilsins.

Hafi námsmaður fullnýtt svigrúm sitt til lána á ákveðinni námsbraut eða ákveðnu skólastigi, sbr. gr. 2.2.1., telst frekara nám á viðkomandi námsbraut/skólastigi ekki lánshæft.

## **1.2. Lánshæft nám á Íslandi.**

### **1.2.1. Á háskólastigi.**

Nám á háskólastigi er lánshæft og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Nám á háskólastigi í eftirtöldum skólum er lánshæft:

Háskóli Íslands  
Háskólinn á Akureyri  
Háskólinn á Hólum  
Háskólinn í Reykjavík  
Kennaraháskóli Íslands  
Landbúnaðarháskólinn  
Listaháskóli Íslands  
Tónlistarskólinn í Reykjavík, tónmennta- og tónfræðideild  
Viðskiptaháskólinn á Bifröst

### **1.2.2. Sérnám á Íslandi.**

Nám í fjölbrauta- og menntaskólum og öðrum skólum sem bjóða uppá nám sem er liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs, er ekki lánshæft skv. þessari grein.

Lánshæft sérnám á Íslandi er löggilt iðnnám og annað samþykkt starfsnám á framhaldsskólastigi, skipulagt af viðkomandi starfsgreinaráði, sem ekki er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu á Íslandi, sbr. grein 3.1.1. Námið er lánshæft þann tíma sem það er kennt í skóla að undanskildu fyrsta eða fyrstu tveimur misserunum, sbr. 3. mgr., ef hægt er að leggja stund á það beint eftir grunnskólapróf. Ef krafist er aðfaranáms á framhaldsskólastigi er aðfaranámið (fornámið) einnig ólánshæft. Að meðtöldum launuðum starfsnáms-tíma er námið að hámarki lánshæft 75% af heildartíma námsins.

Ef sérnám beint eftir grunnskólapróf er skipulagt sem fimm missera nám eða styttra í skóla er það ólánshæft fyrsta misserið, en annars tvö fyrstu misserin (6–8 missera nám).

Nánar er gerð grein fyrir lánshæfu sérnámi á Íslandi í fylgiskjali III.

### **1.2.3. Réttindi erlendra námsmanna.**

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlendis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda hljóti þeir ekki námsaðstoð frá heimalandi sínu sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er að láta þetta ákvæði taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara, njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Erlendir ríkisborgarar teljast fá lánsrétt eins og íslenskir námsmenn á þeirri önn sem samþykkt er að veita þeim ríkisborgararétt.

Ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu sem hafa búsetu hérlendis vegna starfs síns, fjölskyldur þeirra og aðrir sem eru eða hafa verið á þeirra framfæri eiga rétt á námslánnum eins og íslenskir námsmenn.

## **1.3. Lánshæft nám í útlöndum.**

### **1.3.1. Háskólanám.**

Skilyrði láns til einkanáms í tónlist er að umsækjandi hafi lokið framhaldsprófi í tónlistarnámi skv. aðalnámskrá tónlistarskóla á Íslandi eða viðurkenndu háskólaprófi í tónlist erlendis, t.d. BA prófi í Bandaríkjunum eða sambærilegu prófi.

### **1.3.2. Sérnám.**

Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis. Lánshæfi er háð því að um sé að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám sem talist getur nægilega veigamikilið, að því er varðar eðli þess, upp-

byggingu og starfsréttindi, að mati stjórnar sjóðsins. Ekki er lánað til starfsnáms sem er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu, sbr. grein 3.1.2.

### 1.3.3. Einkanám í tónlist.

Skilyrði láns til einkanáms í tónlist er að umsækjandi hafi lokið framhaldsprófi í tónlistarnámi skv. aðalnámskrá tónlistarskóla á Íslandi eða viðurkenndu háskólaprófi í tónlist erlendis, t.d. BA prófi í Bandaríkjunum eða sambærilegu prófi.

Hámarksnámstími sem lánað er til einkanáms er allt að þremur námsárum eða tuttugu og sjö mánuðum, sbr. þó gr. 2.4.4.

Umsækjandi þarf að leggja fram upplýsingar um nafn og stöðu kennara, viðfangsefni, námsfyrirkomulag, tónleika ásamt efnisskrám og staðfestingu kennara.

### 1.3.4. Tungumálanám sem undirbúningsnám.

Heimilt er að veita lán til tungumálanáms við útlendingadeildir háskóla ef það er undirbúningur undir nám í landi þar sem önnur tungumál eru töluð en enska og norðurlandamál önnur en finnska. Heimilt er að líta á undirbúningsnám í tungumálum sem nám á framhaldsháskólastigi í sambandi við skólagjöld sbr. gr. 4.8. og hámarkssvigrúm sbr. gr. 2.4.3. hafi námsmaður lokið grunnháskólanámi og hyggist stunda framhaldsháskólanám í sömu grein.

Ef námsmaður hefur áður fengið lán til að stunda nám í viðkomandi tungumáli er ekki veitt lán til undirbúningsmálanáms.

Hámarksnámstími sem veitt er lán til skv. þessari grein er eitt misseri í eftirtöldum tungumálum: Þýsku, frönsku, spænsku og ítölsku. Í námi þar sem námsári er skipt í fjórðunga jafngilda tveir fjórðungar einu misseri.

Hámarkstími sem veitt er lán til skv. þessari grein eru tvö misseri eða þrjú fjórðungar í eftirtöldum tungumálum: Finnsku, grísku, hollensku, tékknesku, ungversku o.s.frv.

Hámarkstími sem veitt er lán til skv. þessari grein eru þrjú misseri eða fimm fjórðungar í eftirtöldum tungumálum: Kínversku, japönsku, o.s.frv.

Ef lánþegi skiptir um námsland að loknu málanáminu er honum synjað um aðstoð jafn lengi og hann naut aðstoðar í málanáminu. Fáir námsmaður undirbúningsnámið metið til styttingar á nýju námi kemur matið til lækkunar á einingaskuld hans.

Lánshæfi undirbúningsnáms í tungumálum er háð því að um sé að ræða a.m.k. tveggja mánaða skipulagt nám sem talist getur nægjanlega veigamikið að því er varðar eðli og uppbyggingu að mati stjórnar sjóðsins. Einungis er veitt lán einu sinni til undirbúningsnáms í tungumálum.

Áður en lán vegna undirbúningsnáms í tungumálum er afgreitt þarf að liggja fyrir staðfesting á inngöngu í fagnám.

### 1.3.5. Upplýsingar um lánshæft nám erlendis.

Hjá sjóðnum liggja fyrir upplýsingar um skóla og námsbrautir sem lánað er til. Ef sótt er um skóla eða námsbraut sem ekki hefur verið lánað til þarf stjórn sjóðsins að fjalla um málið. Námsmaður þarf þá að útvega ítarlegar upplýsingar um námið. Gera verður ráð fyrir að slík málsmeðferð geti tekið einhvern tíma.

## II. kafli – Námsframvinda.

### 2.1. Námsstími.

#### 2.1.1. Almenn.

Sjóðurinn veitir aðstoð þann tíma sem eiginlegt skólahald eða skyldunámskeið standa yfir og að jafnaði í tvö jafnlöng misseri, samtals 9 mánuði, fyrir fullt nám á skólaári. Almenn telt námsmaður í fullu námi ljúki hann 60 ECTS-einingum eða ígildi þeirra á skólaári (ECTS stendur fyrir „European Credit Transfer System“). Staðfesti skóli hvenær nám hefst á haust-

misseri og hvenær síðasta prófi lýkur á vormisseri er heimilt að lengja hvort misseri í allt að fimm og hálfan mánuð. Ef fullt nám á skólaári stendur skemur en 8 mánuði skal skerða reiknaðan námstíma um það sem upp á 8 mánuðina vantar.

### **2.1.2. Sumartími.**

Nám á sumarönn tilheyrir undangengnu skólaári. Um sumarlán þarf að sækja sérstaklega.

Námsmaður sem flýtir námslokum á rétt á fullu láni í þrjá mánuði yfir sumartímamann ljúki hann 20 ECTS-einingum á skólaárinu umfram fullt nám skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Námsmaður sem flýtir námslokum með því að ljúka yfir 100% námi á skólaári, sbr. gr. 2.3.1., getur þannig áunnið sér rétt til sumarlána út á staðfestar umframeiningar. Ekki er lánað út á færri en 15 ECTS-einingar, nema fyrir liggi staðfest námslok á árinu 2006.

Aðstoð á sumarönn reiknast sem aðstoð í hálfm misseri við ákvörðun heildarsvigrúms.

## **2.2. Framvinda náms.**

### **2.2.1. Almennt um námsframvindu.**

Námsframvinda er metin á þeim misserum eða árum sem námsmaður nýtur aðstoðar. Skal námsmaður að jafnaði ljúka 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Námsmaður verður að fullnægja kröfum um afköst og lágmarkseinkunnir. Tekið er tillit til skipulags náms og nánari reglur settar um framvindu á einstökum námsbrautum. Miða skal fullt nám við stysta skipulegan námstíma samkvæmt námskrá sem yfirstjórn skóla hefur staðfest. Þegar um meistara- eða doktorsnám er að ræða er þó heimilt að bæta einu misseri við framangreindan námstíma til samræmis við persónubundna námsáætlun um fullt nám sem yfirstjórn námsgreinar hefur staðfest. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaprófs, fái námsmaður lán út á misseri eða hluta þess þarf hann að uppfylla kröfur um námsafköst á því misseri. Þannig reiknast metnar einingar úr fyrra námi ekki til námsframvindu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að taka tillit til námskeiða umfram lokapróf sem nemur námi í allt að eitt misseri hafi námsmaður dvalið erlendis sem ERASMUS eða NORD-PLUS skiptinemi og fengið námskeiðin metin sem valnámskeið umfram lágmarkseiningafjölda til lokaprófs.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka námi ákveðst af reglum sjóðsins um framvindu náms, sbr. 1. mgr., og leyfilega hámarksnámslengd, sbr. gr. 2.4. Þegar heildarsvigrúm í grunnháskólanámi í bandarískum háskólum er metið er fyrsta árið ekki meðtalið. Námsmaður telst hafa fullnýtt svigrúm sitt þegar hann hefur fengið lán eða frestun á námslokum í þann annafjölda sem heildarsvigrúm gerir ráð fyrir.

### **2.2.2. Ófullnægjandi námsframvinda.**

Námsmaður þarf að ljúka í það minnsta 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins til þess að fá námslán. Geri skóli kröfur um meira en 75% árangur í námi til þess að námsmaður fái að halda áfram námi eða flytjast milli ára teljast kröfur skólans lágmarksárangur.

Námseftirlit er framkvæmt eftir hvert misseri. Uppfylli námsmaður ekki kröfur um námsframvindu skv. gr. 2.2.1., skulu námslán til hans skerðast hlutfallslega. Lán til námsmanns sem til dæmis lýkur 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla skal þannig skerðast um 25%. Þetta á eingöngu við um framfærslu- og bókalán.

Nú skuldar námsmaður árangur frá fyrri misserum eða námsferlum og er skuld hans þá dregin frá þeim einingum sem hann lýkur áður en námsframvinda er metin í prósentum.

Missi námsmaður rétt til eininga sem hann hafði áður áunnið sér og fengið lán til að ljúka er lán á fyrri námsárum ekki tekið til endurskoðunar. Námsmaður telst hins vegar skulda þann einingafjölda sem hann missti rétt til. Þetta á m.a. við þegar endurtaka þarf nám vegna

fjöldatakmörkanna sem kveðið er á um í reglugerð viðkomandi skóla, eða vegna þess að námsmaður gerir of langt hlé á námi skv. reglum skóla. Þó er heimilt að veita námsmanni sem skilað hefur fullnægjandi árangri á fyrsta misseri en ekki komist áfram í námi eingöngu vegna reglna um fjöldatakmörkanir lán til þess að endurtaka misserið. Skipti slíkur námsmaður hins vegar um námsbraut áður en hann hefur lokið fyrsta námsárinu með fullnægjandi hætti, þá telst hann skulda árangur sem nemur öðru láninu fyrir fyrsta misserið.

Hafi námsmaður fullnýtt heimild sína til láns á tiltekinni námsbraut á hann ekki rétt á lánnum fyrir en hann hefur unnið upp tafir eða lokið fyrrgreindri námsbraut.

### **2.3. Aukið svigrúm í námi.**

#### **2.3.1. Almenn.**

Námsmaður sem lýkur yfir 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla á þar með rétt á auknu námssvigrúmi í sama námsferli. Það telst nýr námsferill skipti námsmaður um skóla eða námsgrein. Ljúki hann t.d. 110% af fullu námi á einu misseri nægir honum 90% árangur á síðara misseri til þess að eiga rétt á óskertu námsláni.

Að loknu skólaári skal árangur ársins gerður upp. Skili námsmaður þá samanlagt a.m.k. 75% árangri á námsárinu í heild, á hann rétt á láni í hlutfalli við árangur á einstökum önnum námsársins.

#### **2.3.2. Veikindi og barnsburður.**

Heimilt er við mat á námsframvindu að taka tillit til þess ef námsmaður, maki hans eða börn veikjast eða námsmaður eignast barn. Með sambærilegum hætti er heimilt að taka tillit til andláts í nánustu fjölskyldu við mat á námsframvindu. Til nánustu fjölskyldu skv. þessari reglu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra.

Skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein er að hann hafi áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi. Námsmaður sem ekki hefur áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi á þó rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein vegna lánshæfs náms, ef hann skilar fullnægjandi árangri á næsta misseri eftir að hann þarf á svigrúminu að halda.

Ef um veruleg veikindi námsmanns, maka hans eða barna er að ræða á námstíma er heimilt að bæta allt að 25% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Skilyrði fyrir þessu er að námsmaður framvísi læknisvottorði þar sem greinilega komi fram á hvaða tíma hann vitjaði lækni eða lækni vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati lækni.

Veikist námsmaður seinni hluta annar eða í prófum og skili vegna þess minna en 50% árangri á þeirri önn er heimilt að veita honum 75% lán fyrir önnina. Skilyrði er að fyrir liggja læknisvottorð þar sem greinilega kemur fram á hvaða tíma námsmaður vitjaði lækni eða lækni vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati lækni. Ennfremur þarf að liggja fyrir að viðkomandi námsmanni hafi verið synjað um að taka upptökupróf og ástæður skóla fyrir þeirri synjun. Ákvæði þessarar málsgreinar getur einnig átt við ef alvarleg veikindi maka eða barns hafa kallað á innlögnum á sjúkrahús eða sambærilega umönnun og þau raskað verulega högum námsmannsins.

Námsmaður sem hefur fengið lán vegna veikinda, skv. læknisvottorði en engum árangri skilað eða minni en 50% á önn á ekki rétt á að tekið sé tillit til veikinda að nýju fyrir en hann hefur skilað námsárangri sem hann vantaði til að ljúka 50% af fullu námi á önninni. Námsmaður sem hefur skilað 50% árangri og fengið veikindasvigrúm, þ.e. 75% lán skv. læknisvottorði í tvö misseri í röð getur átt rétt á að tekið sé tillit til veikinda hans síðar í náminu þannig að honum verði veitt lán í hlutfalli við einingaskil.



Eignist námsmaður barn á námstíma er heimilt að bæta allt að 50% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Fæðingarvottorð liggja fyrir í þessu tilviki. Námsmanni er heimilt að nýta þetta svigrúm á þeirri önn sem fæðing á sér stað, og á næstu önn fyrir fæðingu og eftir fæðingu. Samanlagt skal þó viðbótarsvigrúm vegna einnar fæðingar ekki vera hærra en 50% af árangri einnar annar.

### **2.3.3. Öroroka og lesblinda.**

Geti námsmaður vegna örorku sinnar að mati lækna ekki skilað lágmarksárangri, skv. reglum sjóðsins er heimilt að veita honum 75% lán ef hann lýkur a.m.k. 50% árangri á hverju misseri. Ef hann lýkur innan við 50% árangri er heimilt að veita honum lán í hlutfalli við einingaskil. Heildarsvigrúm í náminu eykst að jafnaði ekki vegna þessa, sbr. þó grein 2.4.2. Skilyrði fyrir undanþágu skv. þessari grein er að örorka viðkomandi sé metin a.m.k. 75%. Sækja þarf sérstaklega um fyrrnefnda undanþágu til stjórnar sjóðsins. Umsókn þarf að fylgja staðfest námsáætlun og læknisvottorð.

Ákvæði þessarar greinar á einnig við ef lesblinda (dyslexia) háir námsmanni og hægir óhjákvæmilega á námsframvindu hans samkvæmt mati sérfræðings og skóla.

### **2.3.4. Fyrsta árs nemi erlendis.**

Á fyrsta misseri í nýju námslandi erlendis er veitt aukið svigrúm. Þannig er heimilt að veita mönnum lán sem nemur að lágmarki 60% á því misseri. Heildarsvigrúm í náminu eykst þó ekki vegna þessa.

### **2.3.5. Einingaskil við sérstakar aðstæður og námslok.**

Ef námsmaður á eftir minna en sem nemur 75% af einni önn á síðasta misseri í námi þá fær hann lán í réttu hlutfalli við það sem ólokið er.

Námsmaður sem ekki getur lokið 75% árangri á misseri vegna skipulags skóla eða vegna mats á fyrra námi, getur fengið lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann lýkur, enda ljúki hann öllum einungum sem í boði eru og einingaskil séu ekki undir 50% af fullu námi.

Ákvæði 2. mgr. getur átt við ef próf að loknu misseri er til staðfestingar 50% af fullu námi og skóli býður námsmanni ekki upp á sjúkra- eða endurtekningarpróf fyrr en eftir næsta misseri.

### **2.3.6. Mat á ástundun.**

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmenn taka einungis próf einu sinni á ári eða eftir lengri tíma. Lán er þá veitt í samræmi við árangur ef námsframvinda er metin í vottorðinu, þannig er heimilt að veita 100% lán ef skýrt kemur fram í vottorði að menn hafi stundað fullt nám. Þegar vorpróf liggja fyrir hjá námsmönnum í heilsársnámskeiðum er lánið endurmetið. Komi þá í ljós að einingar sem tilheyrja haustönn duga ekki fyrir því láni sem veitt var fyrir önnina þá ber námsmanni að endurgreiða ofgreitt lán.

### **2.3.7. Ástundun í framhaldsháskólanámi.**

Ástundunarvottorð manna í framhaldsháskólanámi eða námi þar sem próf eru tekin sjaldnar en einu sinni á ári er einungis tekið til greina ef í því kemur fram áætlun skóla og námsmanns um námslok.

Heimilt er í þeim tilvikum að veita allt að 100% lán fyrir hvert misseri eða önn.

Ástundunarvottorð eru ekki tekin gild við afgreiðslu lána á þeirri önn eða misseri sem viðkomandi námsmaður á að ljúka námi skv. skipulagi skóla.

### **2.3.8. Lágmarkseinkunn.**

Ljúki námsmaður tilskildum einingafjölda en aðaleinkunn hans er ekki fullnægjandi skv.

reglum skóla, er heimilt að veita honum lán vegna þess misseris, ef hann skilar þeirri einkunn, sem skóli gerir kröfur til eftir næstu önn. Ef honum tekst það ekki fellur réttur hans til láns niður vegna þeirrar annar sem hann náði ekki tilskilinni einkunn.

## 2.4. Námslengd.

### 2.4.1. Hvað telst aðstoðarár?

Námsmaður telst hafa fengið lán í eitt aðstoðarár hafi hann fengið lán fyrir venjulegt skólaár, sbr. gr. 2.1.1., enda þótt lán hafi skerst vegna reglna um viðmiðun við námsárangur eða tekjur. Venjulegt skólaár er að jafnaði tvö misseri.

### 2.4.2. Fimm ára reglan.

Að uppfylltum skilyrðum um námsframvindu getur námsmaður að hámarki fengið lán í allt að fimm ár samantlagt. Þó er heimilt að veita námsmanni undanþágu frá ofangreindu hámarki og veita honum lán í allt að eitt námsár til viðbótar ef eitt eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

- Samanlögð fyrri lán hans hjá sjóðnum nema lægri fjárhæð en 2,1 m.kr.
- Hann hefur áður staðist lokapróf í lánshæfu námi og lýkur á námsárinu öðru lokaprófi í lánshæfu námi. Með lokaprófi er átt við próf til staðfestingar starfs- eða háskóla-gráðu, en ekki undirbúnings-, fornáms- eða frumgreinapróf.
- Hann hefur áður a.m.k. í sex misseri á námstíma fengið undanþágu frá almennum skilyrðum um námsframvindu skv. grein 2.3.3. vegna örorku eða lesblindu.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka tiltekinni námsbraut getur þó aldrei verið meira en reglur sjóðsins um framvindu náms gera ráð fyrir sbr. grein 2.2.1. og 2.2.2.

### 2.4.3. Tíu ára reglan.

Leggi námsmaður stund á framhaldsháskólanám er heimilt að veita honum lán umfram það hámark sem tilgreint er í 2.4.2. Samanlagður tími sem námsmaður getur fengið lán er að hámarki 10 ár. Með framhaldsháskólanámi er átt við doktors- eða licentiatnám, meistaranám eða sambærilegt nám að loknu þriggja ára háskólanámi skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Auk þess er átt við háskólanám eftir þrjú ár skv. skipulagi skóla, á námsbrautum sem eru skipulagðar sem lengra nám en þrjú ár. Í bandarískum háskólum er þó miðað við nám eftir 4 ár. Stutt starfstengt viðbótarháskólanám, sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, t.d. kennslufræði til kennsluréttinda, félagsráðgjöf, listnám og námsráðgjöf, getur talist vera framhaldsháskólanám.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka tiltekinni námsbraut getur þó aldrei verið meira en reglur sjóðsins um framvindu náms gera ráð fyrir sbr. grein 2.2.1. og 2.2.2.

### 2.4.4. Einkanám.

Einkanám, t.d. í söng eða tónlist telst til náms á grunnháskólastigi.

## 2.5. Námslok.

### 2.5.1. Almenn.

Námslok teljast við lok þess misseris þegar námsmaður hættir að fá lán, nema námsmaður sýni fram á áframhaldandi lánshæft nám á næsta skólaári þar á eftir. Ef námsmaður gerir hlé á námi sínu lengur en eitt skólaár miðast námslok þannig við síðasta aðstoðartímabil fyrir námshlé. Hefji námsmaður nám aftur að loknu námshléi, sem er lengra en eitt skólaár, skal líta á það sem nýtt nám.

### 2.5.2. Skilyrðum til útskriftar lokið.

Eigi námsmaður rétt á frestun námsloka, sbr. gr. 2.5.4., skulu þau teljast á síðasta degi þess misseris sem hann lýkur öllum skilyrðum til að útskrifast. Frestun á útborgun námsláns hefur ekki í för með sér frestun á skilgreindum námslokum.

### 2.5.3. Síðasta aðstoðartímabil.

Eigi námsmaður ekki rétt á frekari lánnum þar sem hann hefur fullnýtt svigrúm, skulu námslok miðast við lok síðasta aðstoðartímabils.

### 2.5.4. Frestun námsloka.

Stundi lánþegi lánshæft nám án þess að sækja um lán eða námsaðstoð frá sjóðnum er heimilt að fresta námslokum. Námsmaður skal þá sækja sérstaklega um frestunina. Eftir því sem við á skulu reglur um námsaðstoð gilda um þá umsókn, s.s. hvað varðar umsóknarfrest, gildistíma umsóknar, námslengd, sbr. grein 2.4., upplýsingar um tekjur og námsárangur.

### 2.5.5. Vafi um námslok.

Sjóðsstjórn ákveður námslok í vafatilfellum.

## III. kafli – Framfærsla og tekjur.

### 3.1. Grunnframfærsla.

#### 3.1.1. Grunnframfærsla á Íslandi.

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma skólaárið 2005–2006 miðast við grunnframfærslu á Íslandi, sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð er kr. 82.500. (Sjá nánar fylgiskjal I.)

#### 3.1.2. Grunnframfærsla í útlöndum.

Grunnframfærsla í útlöndum á námstíma skólaárið 2005–2006, sem getur verið mismunandi eftir löndum og borgum, er ákveðið hlutfall af grunnframfærslu á Íslandi. (Sjá nánar fylgiskjal II.)

### 3.2. Framfærsla námsmanns.

Auk búsetu hafa þær aðstæður sem tilgreindar eru undir greinum 4.1.–4.6. áhrif á framfærslu námsmanns. Framfærsla námsmanns hækkar vegna barna sem eru 18 ára eða yngri og á framfæri hans.

Lán samkvæmt gr. 4.4. og greinum 4.7.–4.12. eru til viðbótar lánnum til framfærslu námsmanns. Tekjur geta því komið til frádráttar þessum lánnum samkvæmt ákvæðum greina 4.1.–4.6. eftir því sem við á.

### 3.3. Tekjur.

#### 3.3.1. Tekjur.

Tekjur námsmanns og maka á árinu 2005 eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, geta haft áhrif á veitta aðstoð á námstíma skólaársins fram til 30. júní 2006. Stundi námsmaður nám erlendis, eru tekjur hans yfirfærðar í mynt námslands miðað við gengi hinn 17. maí 2005.

Áhrifum tekna skal að jafnaði dreift á 9 mánuði og á einstakar annir skólaársins skv. skipulagi skóla. Ef námstími fram til 30. júní 2006 er styttri en 9 mánuðir skal dregið hlutfallslega úr tekjuáhrifunum.

#### 3.3.2. Tekjuáætlun.

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á haustmisseri skal námsmaður gera grein fyrir áætlunum tekjum á árinu 2005.

#### 3.3.3. Endanlegt tekjutillit.

Endanlegt tekjutillit á sér stað eftir álagningu skattyfirvalda. Séu tekjur lánþega þá áætlaðar skal sjóðurinn ákvarða honum námsaðstoð í samræmi við áætlunina. Ákvörðunin er endanleg nema lánþegi geri athugasemd við hana innan þriggja mánaða. Skal þá heimilt að endurskoða hana í samræmi við nýjar tekjuupplýsingar staðfestar af skattyfirvöldum.

### 3.3.4. Ófullnægjandi tekjuáætlun.

Sjóðstjórn getur breytt ófullnægjandi tekjuáætlun.

## 3.4. Hvað telst til tekna.

### 3.4.1. Tekjur á árinu 2005.

Allar tekjur sem mynda skattstofn á árinu 2005 teljast til tekna við útreikning á láni samkvæmt greinum 4.1.–4.12.

### 3.4.2. Námsstyrkir.

Skattskyldir náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship“ og „utbildningsbidrag“ reiknast sem tekjur, sbr. grein 4.8.

### 3.4.3. Sérstakir námsstyrkir.

Styrkir sem veittir eru á vegum NORDPLUS og ERASMUS hafa engin áhrif á lán, enda sæki námsmaður ekki um viðbótarlán vegna þess kostnaðar, sem hann verður fyrir vegna námsins erlendis. Styrkirnir eru skattskyldir og á framtali þarf að færa kostnað á móti, s.s. ferðakostnað og fleira vegna námsins.

### 3.4.4. Frádráttur frá tekjum.

Til frádráttar koma skólagjöld umfram þá fjárhæð sem námsmaður fær lánaða fyrir skv. gr. 4.8. að frádregnum 45.000 kr. og föst afborgun námsláns sem til fellur og greidd er á aðstoðartímabilinu.

## 3.5. Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna.

Með undirritun umsóknar veita námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Tekjuupplýsingar skulu gefnar upp skv. beiðni sjóðsins.

## IV. kafli – Lánaflokkar.

### 4.1. Lán til námsmanns sem býr í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði.

Framfærsla einhleyps námsmanns er grunnframfærsla. Lánað er fyrir framfærslu á náms-tíma en 14% tekna koma til frádráttar.

Einhleypur námsmaður, barnlaus hjón eða sambýlissólk, sanni eðlilegar leigugreiðslur með afriti af greiðsluseðli til skattyfirvalda eða staðfesti íbúðareign með afriti frá Fasteignamatí ríkisins.

### 4.2. Lán til einstaklings sem hvorki býr í leiguhúsnæði né eigin húsnæði.

#### 4.2.1. Framfærsla.

Framfærsla námsmanns sem hvorki býr í leiguhúsnæði né eigin húsnæði er 70% af grunnframfærslu. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 14% tekna koma til frádráttar.

#### 4.2.2. Námsmenn sem búa hjá efnalitlum foreldrum/foreldri.

Heimilt er að hækka framfærslu hjá námsmönnum, sem búa hjá efnalitlum foreldrum upp í 100%, ef tekjur hvors foreldris um sig eru undir viðmiðunarmörkum. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til einfaldrar framfærslu einstæðs foreldris. Framfærsla einstæðs foreldris miðast við barnafjölda á framfæri þess undir 21 árs aldri að meðtöldum námsmanni.

### 4.3. Lán til einstæðs foreldris.

Framfærsla er grunnframfærsla sem hækkar um 37.125 kr. fyrir hvert barn vegna náms á Íslandi og um sambærilegt hlutfall af grunnframfærslu sé nám stundað í útlöndum, sbr. gr. 3.1. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 14% tekna koma til frádráttar. Námsmanni er

ekki veitt lán sem einstæðu foreldri nema hann fari með forsjá barns og barnið eigi lögheimili hjá honum eða búi sannanlega hjá honum á námstíma.

#### **4.4. Lán vegna meðlagsgreiðslna.**

Námsmaður getur sótt sérstaklega um viðbótarlán vegna meðlags, sem hann greiðir svo sannanlegt sé. Þegar veitt er lán vegna meðlags, greiðir sjóðurinn meðlag beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Lánað er vegna meðlags á námstíma 16.600 kr. á mánuði eða jafngildi í annarri mynt miðað við gengi 17. maí 2005.

#### **4.5. Lán til námsmanns í hjónabandi/sambúð.**

Framfærsla námsmanns í hjónabandi eða í skráðri sambúð hækkar um 20.625 kr. fyrir hvert barn vegna náms á Íslandi og um sambærilegt hlutfall af grunnframfærslu sé nám stundað í útlöndum, sbr. gr. 3.1. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 14% tekna koma til frádráttar. Lán vegna maka er aðeins veitt í vissum undantekningartilvikum samanber grein 4.6.

Séu hjón bæði í lánshæfu námi ákvarðast lán til hvors um sig sérstaklega.

Skráð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap/staðfesta samvist.

#### **4.6. Lán vegna maka.**

##### **4.6.1. Lán vegna maka.**

Eftirfarandi aðstæður geta leitt til þess að framfærsla námsmanns í hjónabandi hækkar um 50% af grunnframfærslu vegna maka:

- a) Veikindi eða örorka maka skv. læknisvottorði.
- b) Námsmaður og maki eru búsett erlendis og hafa barn á framfæri sínu og maki kýs að vinna heimilisstörf að mestu eða öllu leyti.

Ef veitt er lán vegna maka koma 14% tekna námsmanns og maka til frádráttar. Ef námsmaður á rétt á láni vegna maka, er lánið reiknað út á tvo vegu; með og án makaláns. Niðurstöður eru síðan bornar saman og sá útreikningur valinn, sem leiðir til herra láns.

Ekki er veitt makalán ef maki er sjálfur lánþegi á námsárinu.

##### **4.6.2. Ófullnægjandi námsframvinda.**

Óheimilt er að veita makalán vegna námsmanns sem synjað hefur verið um námslán vegna ófullnægjandi námsframvindu. Hafi námsmaður notað hámarkssvigrúm til náms en ekki lokið námi þá telst hann með ófullnægjandi námsframvindu sbr. gr. 2.2.2.

#### **4.7. Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa.**

Námsmaður á rétt á viðbótarláni vegna bókakaupa. Á heilu skólaári skal lán þetta nema 42.000 kr. á Íslandi og sambærilegu hlutfalli af grunnframfærslu sé nám stundað í útlöndum, sbr. gr. 3.1.

#### **4.8. Almenn lán vegna skólagjalda.**

Viðbótarlán vegna skólagjalda erlendis umfram fenginn óskattskyldan styrk eru aðeins veitt til framhaldsháskólanáms, sbr. skilgreiningu á framhaldsháskólanámi í gr. 2.4.3.

Viðbótarlán vegna skólagjalda á Íslandi, umfram fenginn óskattskyldan styrk, eru veitt til sérnáms, almenns háskólanáms og framhaldsskólanáms.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda út við upphaf námstímabils til annarra námsmanna en fyrsta árs nema sbr. gr. 5.2.1.

Samanlögð lán til námsmanna vegna skólagjalda á Íslandi skulu aldrei verða hærri en 3,2 m.kr. og vegna skólagjalda erlendis ákveðið hlutfall af þeirri upphæð, sbr. fylgiskjal II. Ef með þarf skal yfirfæra útreikningsfjárhæð (sbr. gr. 5.2.2.) eldri skólagjaldalána í mynt náms-

lands 2005-2006 miðað við gengi 17. maí 2005. Einungis er veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 45.000 kr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar ef námsmaður er verulega fatlaður, sbr. 1. mgr. gr. 2.3.3, getur sannanlega ekki stundað nám sitt hér á landi að óbreyttum aðstæðum og sérstakar ástæður mæla með undanþágu.

#### **4.9. Lán vegna ýmissa atvika og röskunar á stöðu og högum námsmanns.**

##### **4.9.1. Röskun á stöðu og högum námsmanns.**

Nú verður ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti, t.d. verður námsmanni vegna alvarlegra veikinda, örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild. Má þá veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bóttum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf. Einnig er heimilt að veita námsmanni, sem ekki nær að skila 75% lágmarksárangri vegna skipulags skóla, aukalán samkvæmt þessari grein, enda eigi hann rétt á láni fyrir viðkomandi misseri, sbr. grein 2.3.5. Aukalánið skal að hámarki nema framfærslu eins mánaðar.

Heimilt er skv. þessari grein að veita námsmanni sérstakt lán vegna aukaferðar ef hann þarf skyndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts í nánustu fjölskyldu. Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt viðeigandi læknisvottorði eða dánarvottorði. Til nánustu fjölskyldu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra.

##### **4.9.2. Hámarkslán.**

Hámarkslán á misseri vegna röskunar á stöðu og högum námsmanns miðast við mánaðarframfærslu eins og hún er reiknuð af sjóðnum að teknu tilliti til fjölskyldustærðar.

#### **4.10. Lán vegna sjúkratrygginga.**

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um að þeim kostnaði sé mætt. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingafélagunum. Ef veitt er lán vegna sjúkratrygginga er það einungis fyrir þeim hluta sem er umfram 5% af framfærslukostnaði. Heimilt er að veita aukalán vegna sjúkrakostnaðar erlendis sem námsmaður hefur að hluta til fengið endurgreiddan hjá Tryggingastofnun ríkisins. Við afgreiðslu slíkrar umsóknar skal tekið tillit til þess hvort námsmaður hafi keypt eðlilegar sjúkratryggingar. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðraskoðunar og ungbarnaeftirlits erlendis ef ljóst er að hvorki tryggingaraðili námsmannsins né viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taki þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á námstíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kýs, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi. Óheimilt er að taka tillit til sjúkrakostnaðar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur synjað að greiða.

#### **4.11. Vaxtastyrkur.**

Við útborgun lána fyrir framfærslu- og bókakostnaði, sem greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, skal greiða vaxtastyrk. Eftir haustmisseri skal styrkur nema 1,4% af framfærslu- og bókaláni, 1,8% eftir vormisseri, og 3,7% eftir sumarmisseri. Samsvarandi hlutföll fyrir fjórðungaskóla skulu vera 1,3% eftir haustfjórðung, 1,2% eftir vetrar- og vorfjórðung og 3,1% eftir sumarfjórðung.

Komi í ljós við endurútreikning námsláns að loknu námsári að námsmanni hafi verið úthlutað of háum vaxtastyrk, er það leiðrétt með þeim hætti að ofgreiddur styrkur er færður sem lán á námsárinu.

#### 4.12. Lán vegna ferðakostnaðar.

##### 4.12.1. Ferðakostnaður námsmanns, maka og barna.

Námsmanni er heimilt að sækja um viðbótarlán til þess að greiða hluta eigin ferðakostnaðar, maka og barna sem eru á framfæri námsmanns. Umsóknarfrestur til að sækja um þessi lán er hinn sami og um almenn námslán. Lánin miðast við ákveðna upphæð, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði.

Ef maki sækir einnig um lán á námsárinu á námsmaður ekki rétt á viðbótarláni vegna ferða maka, og lán vegna ferða barna miðast þá við helming þeirra upphæða sem tilgreindar eru í gr. 4.12.2.

##### 4.12.2. Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis.

Ferðalán vegna náms erlendis tekur mið af aðstæðum þegar sótt er um námslán og ákvarðast þannig miðað við heilt skólaár: Vegna hvers einstaklings er ferðalán til námsmanna og maka í Danmörku, Noregi og Svíþjóð 35.000 krónur á mann, en 40.500 krónur á einstakling vegna námsmanna og maka annars staðar í Evrópu, 52.000 krónur í Norður Ameríku og 92.000 krónur á einstakling vegna námsmanns og maka annarsstaðar. Lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindum fjárhæðum ef barn er yngra en tveggja ára, 75% vegna barna á aldrinum tveggja til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára. Ekki er skilyrði að menn framvísi gögnum vegna ferðar.

Ofangreindar fjárhæðir eru umreiknaðar í mynt námslands miðað við gengi 17. maí 2005.

##### 4.12.3. Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi.

Ferðalán vegna náms á Íslandi tekur mið af aðstæðum þegar sótt er um námslán og ákvarðast þannig: Vegna einstaklings og maka 13.900 krónur, en lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindri upphæð ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára. Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgarsvæðinu eða öðru skólasvæði. Ekki er skilyrði að menn framvísi gögnum vegna ferðar.

##### 4.12.4. Greiðslutími ferðalána.

Ferðalán fyrir heilt skólaár greiðist út í tvennu lagi. Vegna náms í útlöndum greiðist það út í upphafi haust- og vormisseris til annarra en námsmanna á fyrsta ári, sbr. grein 5.2.1. Vegna náms á Íslandi og til fyrsta árs nemenda í útlöndum greiðist ferðalán út með framfærsluláni í lok haust- og vormisseris.

### V. kafli – Umsóknir og útborgun lána.

#### 5.1. Umsóknir um námslán.

##### 5.1.1. Umsóknareyðublöð.

Sótt er um námslán á sérstökum rafrænum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á vefnum ([www.lin.is](http://www.lin.is)). Umsóknareyðublöðin fást einnig á skrifstofu sjóðsins.

##### 5.1.2. Umsóknir og gildistími.

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert aðstoðarár. Hver umsókn gildir til loka misseris. Umsókn verður að hafa borist áður en lánshæfur námstími hefst. Sjóðnum er þó heimilt að miða við upphaf misseris hafi umsókn borist fyrir:

- 30. september vegna aðstoðar til áramóta;
- 31. janúar vegna aðstoðar eftir áramót fram að sumri;
- 31. maí vegna sumarlána.

Framhaldsumsóknir, þ.e. umsóknir frá námsmönnum sem fengu lán á námsárinu 2004–2005, gilda frá upphafi námsársins berist þær fyrir 31. janúar.

### 5.1.3. Fylgiskjöl og skilafrestur.

Tilkynna ber námsmanni tímanlega um gögn, sem honum ber að skila, þannig að honum gefist nægur tími til að senda þau til sjóðsins. Fylgiskjöl vegna umsóknar eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þeirra var óskað. Að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður sé fallinn frá umsókn. Hið sama gildir um prófvottorð, þeim skal skilað eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að próftímabili lýkur, að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður hafi fallið frá umsókn um lán á viðkomandi önn.

### 5.1.4. Aðstoð.

Starfsmenn og samtök námsmanna sem tilnefna fulltrúa í stjórn sjóðsins veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið sjóðsins.

### 5.1.5. Afgreiðsla umsókna og annarra erinda.

Ákvörðun stjórnar varðandi erindi sem berast sjóðnum skal tilkynnt skriflega, nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila. Námsmanni eða öðrum þeim sem í hlut á er heimilt að fá ákvörðun rökstudda, samanber gr. 5.10.3., mál endurupptekið, samanber gr. 5.10.4. eða getur óskað eftir úrskurði málskotsnefndar, samanber gr. 5.10.5. Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnarsýslulögum.

### 5.1.6. Lánsáætlun.

Á grundvelli upplýsinga námsmanns m.a. um tekjur og fjölskylduhagi getur hann fengið útfyllta lánsáætlun frá sjóðnum. Hún gefur kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sbr. reglu 5.2.4.

### 5.1.7. Umboðsmaður.

Námsmaður erlendis verður að hafa umboðsmann á Íslandi sem m.a. skrifar undir skuldaþréf fyrir hans hönd.

### 5.1.8. Skilyrði sem lánþegar þurfa að uppfylla.

Skilyrði, sem lánþegar þurfa m.a. að uppfylla, eru að þeir séu ekki í vanskilum við sjóðinn, þegar sótt er um nýtt lán og bú þeirra sé ekki til gjaldþrotameðferðar eða að þeir teljist af öðrum ástæðum bersýnilega ótryggir lántakendur. Teljist námsmaður ótryggur lántakandi skv. ofangreindu getur hann sótt um undanþágu frá þessari grein enda sýni hann fram á annað, eða að hann leggi fram aðrar ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi.

## 5.2. Útborgun námslána.

### 5.2.1. Útborgun námslána.

Lán greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, þegar námsmaður hefur lagt fram gögn um námsárangur sinn, lokatekjuáætlun og aðrar upplýsingar sem máli skipta. Lán greiðast inn á reikning í viðskiptabanka eða sparisjóði sem skal vera á nafni námsmanns. Skal við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 15. janúar og 15. júní. Heimilt er að greiða út lán á öðrum tímum enda liggja fyrir að námsmaður hafi uppfyllt kröfur sjóðsins um afköst og árangur í námi áður en sjóðurinn innir af hendi greiðslu láns vegna viðkomandi annar, misseris eða skyldunámskeiða. Lánveitingum vegna námsársins 2005–2006 skal þó lokið fyrir 1. febrúar 2007, eftir það eru ekki afgreidd lán vegna námsársins.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda og ferðalán skv. grein 4.8. og grein 4.12. á þeirri önn sem námsmaður greiðir slíkan kostnað. Skili námsmaður ekki tilskildum lágmarksárangri eftir viðkomandi skólaár eru þessi lán endurkræf skv. reglum um ofgreidd lán.

Fyrsta árs nemar teljast námsmenn á fyrsta misseri í lánshæfu námi og eiga þeir ekki rétt á að lán vegna skólagjalda skv. gr. 4.8. og ferða skv. gr. 4.12. séu greidd út fyrr en þeir hafa skilað fullnægjandi árangri við lok fyrsta misseris. Hafi námsmaður áður skilað fullnægjandi



árangri í lánshæfu námi telst hann ekki fyrsta árs nemi samkvæmt skilningi þessarar greinar þegar hann hefur nýtt nám.

### **5.2.2. Útreikningur lána erlendis.**

Námslán eru að jafnaði reiknuð út í mynt viðkomandi námslands. Tekjum og styrkjum er breytt í mynt námslands miðað við gengi 17. maí 2005. Þegar lán eða hlutar þess koma til útborgunar er upphæðinni sem greiða á út breytt í íslenskar krónur miðað við daggengi á útborgunardegi.

### **5.2.3. Staðfesting á tekjum.**

Námsmenn skulu skila staðfestingu eða breytingu á fyrri áætlun vegna tekna á árinu 2005 áður en lán er greitt út. Ef verulegur munur reynist vera á þeirri áætlun og tekjum námsmanns og maka er heimilt að gjaldfella lánið.

### **5.2.4. Fyrirgreiðsla banka og sparisjóða.**

Stjórn sjóðsins hefur gert samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um að þeir veiti námsmönnum tímabundna fyrirgreiðslu innan misseris eða skólaárs, ef þess er óskað, að uppfylltum venjulegum skilyrðum viðkomandi peningastofnunar og að fenginni lánsáætlun námsmanns.

### **5.2.5. Bóka- og aukalán.**

Bóka- og aukalán greiðast í einu lagi þegar framfærslulán viðkomandi kemur til útborgunar.

### **5.2.6. Hlutilán.**

Nú óskar námsmaður eftir því að fá einungis greiddan hluta af því láni sem honum reiknast og skal honum það þá heimilt.

### **5.2.7. Skuldabréf og bankareikningur.**

Útborgun lána er háð því skilyrði að lánþegi hafi undirritað skuldabréf og tryggt lánið með sjálfskuldarábyrgðarmönnum eða veði. Lánið greiðist inn á reikning viðkomandi lánþega sem skal vera á hans eigin nafni í banka eða sparisjóði.

## **5.3. Um ábyrgðir á námslánunum. Réttindi og skyldur ábyrgðarmanna.**

### **5.3.1. Eðli sjálfskuldarábyrgðar.**

Þeir sem gerast ábyrgðarmenn að námsláni takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á náms-skuldinni en slík ábyrgð gerir ábyrgðarmanni skylt að greiða skuldina sem ábyrgð er fyrir strax og í ljós kemur að lántakandi hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar um að greiða af láninu.

Sjóðurinn getur innheimt ábyrgðina beint hjá ábyrgðarmanni og þarf ekki að gera sérstakar tilraunir til að fá skuldina greidda hjá lántakanda. Þó getur sjóðurinn ekki gengið að ábyrgðarmanni fyrr en staðreynt hefur verið að lántakandi hafi ekki greitt af láninu á gjald-daga.

Sjóðurinn getur látið gera aðför (fjárnám) til fullnustu skuldarinnar hjá sjálfskuldarábyrgðarmanni án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Sjálfskuldarábyrgð skal ætíð bundin við ákveðna hámarksfjárhæð sem breytist í samræmi við vísitölu neysliverðs en auk þess tekur sjálfskuldarábyrgðin til greiðslu, vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem leiða kann af vanskilum skuldarinnar þar með talin réttargjöld og innheimtuþóknun.

Tilnefnd ábyrgðarfjárhæð ábyrgðarmanns miðast við tilgreinda vísitölu og skal að jafnaði ekki vera hærrí en 6,5 m.kr. Ábyrgðarmanni er þó heimilt að veita ábyrgð umfram framan-greinda hámarksábyrgð vegna láns sem námsmanni reiknast á því námsári sem uppreiknuð ábyrgð hans nær 6,5 m.kr. Lágmarksábyrgð er 100 þús.kr.

### 5.3.2. Skilyrði sem ábyrgðarmenn þurfa að uppfylla.

Ábyrgðarmaður staðfestir með undirskrift sinni á skuldabréf eða ábyrgðaryfirlýsingu að hann hafi kynnt sér ákvæði skuldabréfsins.

Ábyrgðarmenn verða að vera orðnir 18 ára og fjárráða, en enginn hámarksaldur gildir um þá. Ábyrgð lögpersónu í stað einstaklings er háð samþykki stjórnar og að um sé að ræða opinbera stofnun eða fjármálastofnun sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Í þeim tilvikum skal lágmarksábyrgðartími vera 10 ár eftir fyrsta gjalddaga eða 15 ár eftir að ábyrgð er veitt. Sjóðnum skal þá heimilt, með samþykki lánþega, að innheimta gjald fyrir ábyrgðaraðilann við útborgun lánsins. Að öðru leyti gilda um ábyrgð lögpersónu sömu reglur og almennt gilda um sjálfskuldarábyrgð einstaklinga.

Einn ábyrgðarmaður skal að lágmarki takast á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir lántakanda.

Ábyrgðarmenn skulu að jafnaði vera íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi.

Óheimilt er að samþykkja þá menn sem ábyrgðarmenn fyrir námsláni sem eru á vanskilaskrá eða teljast af öðrum ástæðum bersýnilega ótryggir ábyrgðarmenn að mati sjóðsins.

Breytist staða ábyrgðarmanns þannig að hann telst ekki lengur uppfylla ofangreind skilyrði þá skal lántakandi útvega nýjan ábyrgðarmann fyrir námsláni sínu áður en hann fær frekari lán afgreidd hjá sjóðnum. Þá ábyrgist hinn nýi ábyrgðarmaður allt það lán sem lántakandi kann að fá til viðbótar. Eldri ábyrgð fellur ekki úr gildi nema að henni sé sagt upp og ný sett í staðinn með samþykki sjóðsins.

### 5.3.3. Réttarstaða ábyrgðarmanna og endurkröfur.

Ábyrgðarmenn bera óskipta sameiginlega (solidaríska) ábyrgð gagnvart sjóðnum, en þeir bera jafna ábyrgð sín á milli allt að tilteknu hámarki hvers og eins. Sá ábyrgðarmaður sem greiðir skuldina getur því bæði átt endurkröfurétt á hendur lántakanda og öðrum ábyrgðarmönnum.

Verði vanskil á námskuld getur ábyrgðarmaður greitt upp sinn ábyrgðarhluta ásamt vöxtum og kostnaði.

Ábyrgðarmaður getur neytt þeirra réttinda sem lántakandi á skv. skuldabréfinu og haldið láninu í skilum. Í því sambandi getur hann óskað eftir því við sjóðinn að greiðslunni skuli ráðstafað til lækkunar á þeim hluta heildarskuldarinnar sem hann ábyrgðist.

Ákvæði skuldabréfs um undanþágur frá endurgreiðslu gilda ekki gagnvart ábyrgðarmanni sem ábyrgð hefur fallið á og tekið hefur að sér endurgreiðslu lánsins.

Látist ábyrgðarmaður getur lántakandi útvegað nýjan ábyrgðarmann sem uppfyllir ofangreind skilyrði en að öðrum kosti taka erfingjar hins látna við ábyrgðinni eftir almennum reglum ef erfingjar hafa á annað borð tekið á sig ábyrgð á skuldum dánarbúsins.

Ábyrgðarmaður getur sagt upp ábyrgðinni. Það skal gert skriflega með bréfi til sjóðsins. Áhrif þess eru þau að ekki aukast skyldur hans umfram það sem þá þegar er um samið. Uppsögnin tekur gildi um leið og sjóðurinn hefur tilkynnt lántakanda um uppsögnina.

### 5.3.4. Veðtrygging.

Óski námsmaður eftir að setja fasteign að veði til tryggingar námsláni þarf hann að leggja fram eftirfarandi gögn: Veðbókarvottorð, afrit síðustu greiðsluseðla vegna áhvílandi lána, fasteigna- og brunabótamat.

Við veðtryggingu námslána er miðað við að áhvílandi lán, að viðbættu láni frá sjóðnum, fari ekki yfir 65% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis og sé innan 65% af brunabótamati. Jafnframt er heimilt að fara fram á sölumat löggilts fasteignasala og skal þá miðað við að lán frá sjóðnum fari ekki yfir 60% af sölumati.

### 5.4. Greiðsla félagsgjalda.

Óski námsmaður þess annast sjóðurinn greiðslu gjalda vegna félagsaðildar að Sambandi

íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE), Bandalagi íslenskra námsmanna (BÍSN) og Iðnnemasambandi Íslands (INSÍ). Sjóðurinn dregur félagsgjöldin af námslánnum og greiðir til rétttra aðila.

## **5.5. Breytingar á aðstoð.**

### **5.5.1. Tilkynningaskylda námsmanns.**

Umsækjanda ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veitingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduaðstæður, breytingar á fjárhag, heimilisfangi og námsáætlun, eða veikindi er valdið geta töfum í námi. M.a. ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um.

### **5.5.2. Leiðrétting á útreikningi.**

Ef í ljós kemur að sjóðurinn hefur veitt námsaðstoð eða reiknað út upphæð láns á röngum forsendum er það leiðrétt við fyrsta hentugleika, skv. nánari ákvæðum í þessum kafla. Er þá tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur vísvitandi gefið villandi eða rangar upplýsingar, hvort um vanrækslu hefur verið að ræða af hans hálfu ellegar um mistök frá hendi sjóðsins. Að jafnaði er mögulegt að semja um fyrirkomulag endurgreiðslna.

## **5.6. Vísvitandi villandi upplýsingar.**

Ef námsmaður hefur vísvitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga verður þegar í stað endurkræf með áfallinni verðtryggingu og kostnaði sem af hlýst. Þetta á m.a. við ef sannað þykir að námsmaður hafi gefið upp rangar tekjur skv. skilgreiningu sjóðsins um tekjur, þegar viðkomandi skattári er lokið.

## **5.7. Ofgreidd lán.**

### **5.7.1. Ofgreidd lán.**

Ef námsmaður fær ofgreitt lán, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, vanskila á námsárangri eða öðrum ástæðum, skal gefa honum kost á að greiða lánið á sérstöku skuldabréfi og skal greiðslutíminn að jafnaði ekki vera lengri en 10 mánuðir. Ofgreidd lán námsmanna erlendis eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur miðað við gengi 17. maí 2005.

### **5.7.2. Skuldabréf.**

Skuldabréf vegna ofgreiddra lána bera almenna meðalvexti banka og sparisjóða og leggjast vextirnir á þá upphæð sem námsmanni ber að endurgreiða frá útborgunardegi hins ofgreidda láns.

### **5.7.3. Vextir.**

Fyrsti vaxtadagur er skilgreindur í skuldabréfi.

### **5.7.4. Innheimta.**

Ofgreitt lán kemur til innheimtu við lok námsárs. Lok námsárs í þessum skilningi er þegar námsárangur og önnur gögn hafa borist vegna allra anna á námsárinu, sem sótt er um aðstoð fyrir.

## **5.8. Eftirlit með tekjum vegna síðasta láns.**

### **5.8.1. Námsmenn á Íslandi.**

Sjóðurinn fær upplýsingar frá ríkisskattstjóra um tekjur skv. skattframtali þess tekjuárs sem lagt var til grundvallar síðustu lánveitingu.

### **5.8.2. Námsmenn á Norðurlöndum.**

Námsmenn annars staðar á Norðurlöndum þurfa að skila vottorði um tekjur sl. árs. Í Danmörku „årsopgørelse“, í Noregi „skatteopgjør“ og í Svíþjóð „slutlig skatsedel“.

### **5.8.3. Námsmenn í öðrum löndum.**

Sjóðurinn getur krafist skattavottorðs frá námsmönnum í öðrum löndum.

### **5.8.4. Endurgreiðsla.**

Komi í ljós að tekjur skv. vottorði skattstjóra eru hærrí en gefið var upp af námsmanni, ber honum að endurgreiða ofgreitt lán með verðtryggingu.

### **5.9. Mistök sjóðsins.**

Verði mistök við veitingu námsláns, námsmanni í óhag, ber að leiðrétta þau strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum úthlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðréttist sem fyrst. Námsmanni skal tilkynnt um slík mistök og síðan ákveðið í hverju einstöku tilviki hvernig endurgreiðslu skuli hagað.

### **5.10. Vafamál.**

#### **5.10.1. Hlutverk stjórnar.**

Það er eitt af hlutverkum stjórnar að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum. Úrskurðum stjórnar má vísa til málskotsnefndar, samanber gr. 5.10.5.

#### **5.10.2. Málsmeðferð.**

Áður en stjórn sker úr vafamáli skal sérstök undirnefnd skipuð úr hópi stjórnarmanna, endurgreiðslunefnd eða vafamálanefnd eftir atvikum, undirbúa og gera tillögur um bókanir fyrir stjórn sjóðsins. Nefndin skal yfirfara afgreiðslu hliðstæðra mála og þau mál sem talin eru koma næst því máli sem er til ákvörðunar. Bókanir stjórnar í vafamálum skulu vera almennar og þeim haldið sérstaklega til haga þannig að þær séu aðgengilegar öllum þeim sem eiga erindi við sjóðinn.

#### **5.10.3. Rökstuðningur.**

Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun sjóðsins er byggð á, lögum, reglugerð, úthlutunarreglum eða bókun stjórnar eftir því sem við á. Að því marki, sem ákvörðun byggir á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

#### **5.10.4. Endurupptaka.**

Eftir að stjórn sjóðsins hefur tekið ákvörðun og hún tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

#### **5.10.5. Málskotsnefnd.**

Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna. Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og er endanlegur.

## VI. kafli – Samnorrænar reglur.

Umsækjandi við nám á Norðurlöndum utan heimalandsins getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum fengið námslán frá námslandinu. Skilyrði fyrir námsaðstoð er að umsækjandi fái ekki námsaðstoð frá öðru landi.

Nánari upplýsingar fást hjá lánasjóðum í hverju landi.

### DANMÖRK

Styrelsen for Statens Uddannelsesstøtte (SU)  
Danasvej 30  
DK-1780 København V  
Sími: 00-45-33268600  
Bréfasími: 00-45-33268611  
Veffang: <http://www.su.dk/>

### FINNLAND

Folkpensionsanstaltens Studiestødscentral  
P.O. Box 228  
SF-40 101 Jyväskylä 10  
Sími: 00-358-20-4346770  
Bréfasími: 00-358-20-4346710  
Veffang: <http://www.kela.fi/>

### NOREGUR

Statens lånekasse for utdanning(SLK)  
P. boks 195, Østre Aker vei 20  
N-0510 Oslo 5  
Sími: 00-47-22726700  
Bréfasími: 00-47-22642636  
Veffang: <http://www.lanekassen.no/>

### SVÍÐJÓÐ

Centrala studiestødsnämnden (CSN)  
Norra Tjörngatan 2-6  
S-851 82 Sundsvall  
Sími: 00-46-60-186290  
Bréfasími: 00-46-60-186006  
Veffang: <http://www.csn.se/>

## VII. kafli – Lánskjör.

### 7.1. Vextir G-lána og verðtrygging.

#### 7.1.1. Lánskjör.

Lán skv. lögum nr. 21/1992 eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá námslokum. Verðtryggingin miðast við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Lánþega ber að greiða lántökugjald 1,2% í hvert sinn sem lán er tekið og kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga.

#### 7.1.2. Verðtrygging.

Lán úr sjóðnum eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs og reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir útborgun. Eftir ákvörðun námsloka er skuld uppreiknuð og grunnvísitala skuldabréfs miðuð við vísitölu neysluverðs á námslokadegi.

#### 7.1.3. Námslok.

Þegar námslok hafa verið ákvörðuð, sbr. gr. 2.5. skal lántakanda sent bréf með sundurliðuðum upplýsingum um greiðslur sem tilheyra skuldabréfinu. Honum skal jafnframt tilkynnt um dagsetningu námsloka og hvenær vextir fara að reiknast af skuldabréfinu. Hálfsmánaðar frestur skal gefinn til að gera athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er heimilt að fylla skuldabréfið út.

#### 7.1.4. Fullnýtt svigrúm.

Nú hefur námsmaður fullnýtt svigrúm sitt og skal þá líta svo á að námi hans sé lokið.

#### 7.1.5. Gengið frá skuldabréfi.

Þegar gengið er frá skuldabréfi er öllum ábyrgðarmönnum send tilkynning um upphæð bréfsins og þá fjárhæð sem hver og einn telst ábyrgur fyrir.

#### 7.1.6. Námshlé o.fl.

Nú sækir lántaki ekki um lán á nýju námsári fyrir tilskilinn umsóknarfrest en hefur þó ekki lokið námi og skal þá tilkynna honum að gengið verði frá skuldabréfi hans innan hálfsmánaðar og hvenær sjóðurinn telur námslok hans hafa verið. Honum skal jafnframt sent yfir-

lit um greiðslur til hans sem verða færðar uppreiknaðar á skuldabréfið. Í slíkum tilfellum er ekki veittur frestur á því að ganga frá skuldabréfinu. Tilkynni námsmaður að hann hafi tekið sér námshlé sem er ekki lengra en eitt ár er frágangi á skuldabréfi frestað í samræmi við reglur um skilgreiningu á námslokum.

## **7.2. Endurgreiðslutími.**

### **7.2.1. Lán er afborgunarlaust í tvö ár.**

Endurgreiðsla hefst aldrei fyrir en tveimur árum eftir námslok sbr. gr. 2.5. Ef námslok eru á fyrri hluta árs, þ.e. fyrir 1. janúar – 30. júní, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslunnar 30. júní tveimur árum eftir námslok. Séu námslok á síðari hluta árs, 1. júlí eða síðar, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu 1. mars á þriðja ári frá námslokum. Seinni árgreiðslan er alltaf 1. september.

### **7.2.2. Vextir.**

Vextir reiknast frá námslokum. Fáí námsmaður greitt út lán eftir námslok eins og þau eru skilgreind af sjóðnum, þá reiknast vextir á þá greiðslu frá deginum eftir útborgun.

## **7.3. Árleg endurgreiðsla.**

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars, en þó getur fyrsti gjalddagi verið annar. Hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. september og er háð tekjum fyrra árs. Föst árgreiðsla er kr. 52.698 og miðast við vísitölu neysluverðs 177,8. Þessi upphæð breytist á hverju ári til samræmis við vísitölu neysluverðs 1. janúar hvers árs. Viðbótargreiðslan miðast við 3,75% af tekjustofni ársins á undan endurgreiðsluári, en með tekjustofni er átt við útsvarsstofn lánþega að viðbættum fjármagnstekjum, sbr. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003. Ef lánþegi er í sambúð er miðað við 50% fjármagnstekna hans og sambúðaraðilans og skiptir ekki máli hvort tekjurnar eru af séreign skv. kaupmála eða hjúskapareign. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal margfölduð skv. hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Samkvæmt framansögðu dregst áðurnefnd föst árgreiðsla frá viðbótargreiðslunni.

Sé lánþega áætlaður skattstofn skal miða við hann. Sé lánþegi á endurgreiðslutíma ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar og skal árleg viðbótargreiðsla ákveðin í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar og ekki unnt að sannreyna tekjustofn samkvæmt því skal stjórn sjóðsins áætla honum tekjustofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu. Ákvarðaður tekjustofn vegna gjalddaga á árinu 2005 skal samsvara tvöföldum eftirstöðvum heildarskuldur lánþega við sjóðinn, þó aldrei lægri fjárhæð en 7,0 m.kr.

Lánþegi á rétt á endurútreikningi árlegrar viðbótargreiðslu sé hún byggð á áætluðum tekjum. Hann skal þá sækja um endurútreikninginn eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar og leggja fyrir stjórn sjóðsins bestu fánlegar upplýsingar um tekjurnar. Endurútreikningur fer síðan fram þegar sjóðnum hafa borist staðfestar upplýsingar um tekjurnar. Hafi tekjustofn verið of hátt áætlaður skal honum endurgreidd ofgreidd fjárhæð með almennum vöxtum óverðtryggðra bankalána.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns eða hafi lánþegi vantalið tekjur sínar á framtali er heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Hækkun á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar er gjaldkræf þegar í stað ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga greiðslunnar.

## **7.4. Undanþágur.**

### **7.4.1. Undanþága vegna skyndilegra og verulegra breytinga.**

Nú gefur útsvarsstofn vegna tekna á fyrra ári ekki rétta mynd af fjárhag lánþega á endurgreiðsluári, vegna skyndilegra og verulegra breytinga sem hafa orðið á högum hans milli

ára, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Ef lánþegi gerir skriflega grein fyrir þessum breyttu högum sínum og styður hana tilskildum gögnum, er sjóðstjórn heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu, ýmist til lækkunar eða niðurfellingar á greiðslum, eftir atvikum.

#### 7.4.2. Undanþága vegna lágra tekna.

Námsmaður sem hefur haft svo lágar tekjur á fyrra ári að honum reiknast ekki viðbótar-greiðsla og fjárhagur hans hefur ekki batnað á endurgreiðsluárinu, getur sótt um undanþágu frá fastri ársgreiðslu ef lánshæft nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda þessum örðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

#### 7.4.3. Sótt um frest.

Lánþegar sem óska eftir frestun eða niðurfellingu á endurgreiðslu námsláns skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum og láta fylgja umsókn nákvæmar upplýsingar, sem þar er óskað eftir, á fylgiskjöllum.

Umsókn um frest á endurgreiðslu námsláns skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar. Hafi ósk um frestun ekki borist sjóðnum fyrir þessi tímamörk er óheimilt að fresta afborguninni, sbr. 7. mgr. 8. gr. laga um sjóðinn.

#### 7.4.4. Nám hafið að nýju.

Ef veitt er undanþága frá endurgreiðslu S- og/eða V-láns hefur undanþágan ekki áhrif á fjölda endurgreiðsluára, þ.e. endurgreiðslutíminn lengist sem nemur undanþágutímanum.

#### 7.5. Lán sem sjóðurinn hefur veitt.

Lán sem sjóðurinn hefur veitt eru:

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgr. hefst m.v. námslok	Endurgr. tími	Gjalddagar
M	1952–61	3,5%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1952–61	3,5%	3 ár	10 ár	1. feb. og 1. júní
M	1961–67	3,5%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1961–67	3,5%	3 ár	15 ár	1. feb. og 1. júní
L	1967–75	5%	5 ár	15 ár	1. júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apr. og 1. nóv.
X•	1976–82	verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóv.
T••	1982–92	verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. sept.
R	1992–2005	allt að 3% +verðtr.	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.
G	2005–	allt að 3% +verðtr.	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.

• nefnast V-lán eftir sameiningu

•• nefnast S-lán þegar endurgreiðsla hefst

#### 7.6. Sé greitt eftir fleiri kerfum.

Lánþegi sem skuldar eldri námslán en G-lán skal fyrst endurgreiða eldri lánin. Á næsta almanaksári eftir að endurgreiðslu þeirra lýkur eða á að vera lokið skal hann hefja endurgreiðslu G-lánsins.

Ef lánþegi skuldar R-lán og jafnframt V- eða S-lán skal hann fyrst greiða R-lánið. Ef lánþegi greiðir bæði af V- og S-láni dragast afborganir V-láns frá afborgunum S-lánsins.

#### 7.7. Vanskil.

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, sendir sjóðurinn hana til lögfræðings í innheimtu. Ef lánþegi gerir enn ekki skil, er sjóðnum heimilt að gjaldfella alla skuldina og innheimta hana með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

Staðfesti hér með framangreindar reglur, sem samþykktar hafa verið af stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með áorðnum breytingum.

*Menntamálaráðuneytinu, 23. maí 2005.*

### **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

## **Fylgiskjal I.**

### **Framfærslugrunnur og greinargerð með grunnframfærslu fyrir skólaárið 2005-2006.**

#### **Framfærslugrunnur LÍN.**

Framfærslugrunnur LÍN skólaárið 2005-2006 gerir ráð fyrir að ársútgjöld einstaklings í leiguhúsnæði á Íslandi séu kr. 1.491.300 og að þeim megi skipta niður á einstaka útgjalda-liði sem hér segir:

<b>Helstu útgjaldaliðir</b>	<b>Framfærslugrunnur</b>
(sbr. vísitölu neysluverðs)	<b>LÍN (kr.)</b>
Matur og drykkjarvörur	272.400
Föt og skór	89.200
Húsnæði, hiti og rafmagn	393.800
Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	74.100
Heilsugæsla	54.800
Ferðir og flutningar	172.200
Póstur og sími	46.900
Menntun, tómstundir og menning	243.800
Ýmsar vörur og þjónusta	144.100
<b>Alls</b>	<b>1.491.300</b>

Að meðaltali hækkar framfærslugrunnurinn um 7,3% frá skólaárinu 2004-2005. Umfram 3,2% hækka liðirinn „Húsnæði“ og „Heilsugæsla“ í samræmi við framlögð gögn um raunkostnað. Liðurinn „Menntun“ hækkar einnig aukalega, sbr. hækkun sjálfsfjármögnunar vegna innritunar- og skólagjalda.

#### **Miðgildi tekna**

Gert er ráð fyrir að einstaklingur í leiguhúsnæði hafi árið 2005 samtals kr. 870.666 í tekjur.

Árið 2003 höfðu 2.775 barnlausir lánþegar LÍN á Íslandi sem bjuggu í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði kr. 2.517.612.816 í tekjur. Miðgildi teknanna var kr. 780.095. Frá janúar 2004 til janúar 2005 hækkaði launavísitalan um 6,6%. Viðmiðunarlaun fyrir árið 2004 eru því kr. 831.581.

Frá janúar 2005 til janúar 2006 er gert ráð fyrir 4,7% launahækkun. Miðað við þá spá eru áætlaðar tekjur lánþega árið 2005 kr. 870.666.

#### **Ráðstöfunartekjur**

Við ákvörðun ráðstöfunartekna námsmanns í leiguhúsnæði á Íslandi er tekið tillit til skerðingar námsláns vegna tekna, en samkvæmt úthlutunarreglum LÍN koma 14% tekna til frádráttar reiknuðu láni. Þetta jafngildir að námsmaður hefur  $0,86 \times 870.666 = 748.773$  kr. tekna sinna til ráðstöfunar.

#### **Grunnframfærsla LÍN**

Í samræmi við ákvörðun stjórnar skal grunnframfærsla, sbr. gr. 3.1.1. í úthlutunarreglum LÍN, sýna lánsþörf námsmanns í leiguhúsnæði á mánuði á námstíma, sem telst samkvæmt



núgildandi reglum almennt 9 mánuðir. Grunnframfærslan er þannig ákveðin sem 1/9 af mismuni framfærslugrunnsins og ráðstöfunartekna námsmanns í leiguhúsnæði. Miðað við framangreindar forsendur verður grunnframfærsla LÍN 82.500 kr. skólaárið 2005 - 2006, þ.e. 1/9 af (1.491.300 - 748.733). Skólaárið 2004 - 2005 var grunnframfærslan kr. 79.500. Hækkunin er því kr. 3.000 eða 3,8%.

## Fylgiskjal II.

### Framfærsla erlendis og hámark skólagjaldalána.

Land	Mynt	Framfærsla	Hámark skólagjaldalána
Argentína	USD	767	38.000
Austurríki	EUR	1.323	37.369
Ástralía	AUD	1.502	61.908
Bandaríkin A	USD	1.565	38.000
Bandaríkin B	USD	1.385	38.000
Belgía	EUR	922	37.369
Búlgaría	EUR	862	37.369
Danmörk	DKK	7.265	276.145
Egyptaland	EUR	625	37.369
England	GBP	881	25.600
London	GBP	979	25.600
Filippseyjar	USD	806	38.000
Finnland	EUR	887	37.369
Frakkland	EUR	942	37.369
París	EUR	1.035	37.369
Grikkland	EUR	1.025	37.369
Guatemala	USD	985	38.000
Holland	EUR	978	37.369
Hong Kong	USD	1.036	38.000
Indland	USD	655	38.000
Írská Lýðveldið	EUR	1.022	37.369
Ítalía	EUR	1.115	37.369
Japan	JPY	166.842	4.244.831
Jórdanía	USD	1.324	38.000
Kanada	CAD	1.327	52.028
Kína	USD	577	38.000
Kosta Ríka	USD	861	38.000
Kúba	USD	1.170	38.000
Kýpur	EUR	749	37.369
Litháen	EUR	862	37.369
Lúxemborg	EUR	922	37.369
Mexíkó	USD	1.392	38.000
Norður-Írland	GBP	881	25.600
Noregur	NOK	7.647	279.430
Nýja-Sjáland	NZD	1.808	74.287
Portúgal	EUR	675	37.369
Pólland	EUR	871	37.369
Rúmenína	EUR	862	37.369
Rússland	EUR	862	37.369
Sam. ar. furstad.	USD	1.034	38.000
Singapore	USD	1.098	38.000
Skotland	GBP	881	25.600
Spánn	EUR	939	37.369
Suður-Afríka	EUR	647	37.369

Land	Mynt	Framfærsla	Hámark skólagjaldalána
Sviss	CHF	2.215	53.941
Svíþjóð	SEK	8.210	340.847
Taívan	USD	985	38.000
Tékkland	EUR	854	37.369
Taíland	EUR	706	37.369
Ungverjaland	EUR	1.068	37.369
Wales	GBP	881	25.600
Þýskaland	EUR	922	37.369
München	EUR	1.013	37.369

### Fylgiskjal III.

#### Sérnám á Íslandi, sbr. 1.2.2. Samningsbundið iðnnám er merkt (s) og verknámsbundið (v).

	Óláns hæf misseri	Hámarksfj. láns hæfra missera
<b>ATS-skólinn</b>		
Flugumferðarstjórnarnám	Ekkert	4
<b>Fjölbrauta-, iðn- og verkmenntaskólar</b>		
<b>Iðngreinar</b>		
Bakaraiðn (s)	1. misserið	6
Bifreiðasmíði (v)	1. og 2. misseri	6
Bifvélavirkjun (v)	1. og 2. misseri	6
Bílamálun (s)	1. misserið	5
Framreiðsla (s)	1. misserið	5
Gull- og silfursmíði (s)	1. misserið	6
Hársnyrtibraut (s)	1. misserið	6
Húsa- og húsgagnasmíði (s)	1. misserið	6
Húsa- og húsgagnasmíði (v)	1. misserið	6
Kjötiðn (s)	1. misserið	6
Klæðskurður/kjólasaumur (v)	1. og 2. misseri	6
Matreiðsla (s)	1. misserið	6
Málaraiðn (s)	1. misserið	6
Málmiðngreinar (fyrrí hlutí)	1. og 2. misseri	2
Málmiðngreinar (seinni hlutí)	Ekkert	4
Meistaránám	Ekkert	1–4
Múrsníði (s)	1. misserið	6
Pípulagnir	1. misserið	6
Rafvirkjun/rafvélavirkjun (s)	1. misserið	6
Rafvirkjun/rafvélavirkjun (v)	1. og 2. misseri	6
Rafeindavirkjun (v)	1. og 2. misseri	6
Rafveituvirkjun (s)	1. misserið	6
Símsmíði (s)	1. misserið	6
Snyrtibraut (v)	Fornám	5
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	1. misserið	5
<b>Annað starfsnám</b>		
Ferðamálanám	Verknámið	2
Félagsliðabraut	1. misserið	3
Hjúkrunar- og móttökuritari	1. misserið	2
Leiðsögunám	Ekkert	2
Lyfjateknabraut	Aðfaranámið	5

	<b>Ólánshæf misseri</b>	<b>Hámarksfj. lánshæfra missera</b>
Læknaritabraut	Starfsnámið	3
Margmiðlunarbraut	Ekkert	4
Matartæknánám	1. misserið	5
Sjávarútvegsbraut	1. og 2. misseri	2
Sjúkraliðabraut	1. og 2. misseri	5
Tanntæknabraut	1. misserið	4
Tækniteiknun	1. misserið	4
<b>Flugskóli Íslands</b>		
Atvinnuflugmannsnám (JAR)	Ekkert	2
<b>Fjöltækniskóli Íslands</b>		
Skipstjórnarnám	1. og 2. misseri	6
Vélstjórnarbraut	1. og 2. misseri	8
<b>Háskólinn í Reykjavík</b>		
Frumgreinasvið	Ekkert	4
<b>Hólaskóli</b>		
Ferðamálabraut	Ekkert	3
Fiskeldisbraut	Ekkert	5
Hrossabraut	Ekkert	5
<b>Kvikmyndaskóli Íslands</b>		
Kvikmyndagerð	Ekkert	4
<b>Landbúnaðarháskóli Íslands</b>		
Blómaskreytingabraut	Ekkert	6
Búnaðarnám	Ekkert	4
Garð- og skógarplöntubraut	Ekkert	6
Skógræktarbraut	Ekkert	6
Skrúðgarðyrkjubraut	Ekkert	6
Umhverfisbraut	Ekkert	6
Ylræktarbraut	Ekkert	6
<b>Lögregluskólinn</b>		
Lögreglunám	Starfsnám	1
<b>Myndlistaskólinn á Akureyri</b>		
Myndlist	Ekkert	6
Grafísk hönnun	Ekkert	6
<b>Snyrtiskólinn</b>		
Snyrtifræði	Ekkert	5
<b>Tannsmiðaskóli Íslands</b>		
Tannsmíðanám	2 misseri af 8	6
<b>Tónlistarskólar</b>		
Hljóðfæra- og söngn. e. framh.próf	Ekkert	2-8
Kennaradeildir	Ekkert	6
Tónfræðadeild	Ekkert	6
<b>Viðskiptaháskólinn á Bifröst</b>		
Frumgreinadeild	Ekkert	2

## REGLUGERÐ

**um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar og greiðslur þeirra fyrir heilbrigðisþjónustuna.**

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Hugtök.*

Í reglugerð þessari merkir eftirfarandi:

*Aðstoð:* Læknishjálp og heilbrigðisþjónusta, sbr. lög nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, sem veitt er af hinu opinbera heilbrigðiskerfi á Íslandi og einstaklingar sjúkratryggðir á Íslandi skv. lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, eiga rétt á.

*Nauðsynleg aðstoð:* Aðstoð sem verður nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum meðan á dvöl stendur sé mið tekið af eðli aðstoðarinnar og fyrirhugaðri lengd dvalarinnar.

*Fyrirfram ákveðin aðstoð:* Aðstoð þegar tilgangur dvalar er að njóta aðstoðarinnar. Undanskilin er aðstoð til þeirra sem þarfnast viðvarandi meðferðar og nauðsynlegt er að gera ráðstafanir fyrirfram til að tryggja að þjónustan sé til reiðu.

*Neyðaraðstoð:* Læknishjálp og heilbrigðisþjónusta, sbr. lög nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, sem veitt er af hinu opinbera heilbrigðiskerfi á Íslandi við skyndileg veikindi eða slys sem upp koma hjá einstaklingum sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, eða njóta ekki réttinda samkvæmt milliríkjasamningum um almannatryggingar á meðan á dvöl stendur.

*Sjúkratryggingavottorð:* Staðfesting á sjúkratryggingu sem gefin er út samkvæmt ákvæðum milliríkjasamninga um almannatryggingar.

*Ábyrgðaryfirlýsing:* Sjúkratryggingavottorð þar sem tilgreind er greiðsluábyrgð á aðstoð hjá tilgreindri stofnun.

*Þjónustuveitandi:* Aðili sem veitir læknishjálp og heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, hjá hinu opinbera heilbrigðiskerfi á Íslandi.

*Milliríkjasamningar um almannatryggingar:* Samningar sem gerðir hafa verið með stoð í 64. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, aðallega EES-samningurinn (Austurríki, Belgía, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Liechtenstein, Litháen Lúxemborg, Malta, Noregur, Portúgal, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Stóra-Bretland, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland, Þýskaland), Norðurlandasamningurinn um almannatryggingar og stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu (Sviss).

*Sjúkratryggingaskírteini:* Skírteini sem gefið er út skv. 32. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

*Sérstakt sjúkratryggingaskírteini:* Skírteini sem gefið er út skv. 8. gr. reglugerðar nr. 463/1999 um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá.

##### 2. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar hjá Tryggingastofnun ríkisins og heilbrigðisþjónustu hins opinbera þegar einstaklingar sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi þarfnast aðstoðar og eiga rétt til nánar tilgreindrar aðstoðar hér á landi í samræmi við ákvæði milliríkjasamninga um almannatryggingar.

Ennfremur tekur reglugerðin til aðstoðar og gjaldtöku vegna einstaklinga sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi.

3. gr.

*Gjaldtaka.*

Um aðstoð til einstaklinga sem eiga rétt til aðstoðar í samræmi við ákvæði milliríkjasamninga um almannatryggingar eða sem 7. eða 8. gr. á við um fer samkvæmt II. kafla. Greiðslur fyrir aðstoðina skulu einnig fara fram samkvæmt II. kafla.

Aðrir einstaklingar sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi skulu fá heilbrigðisþjónustu og greiða gjöld samkvæmt IV. kafla.

Óheimilt er að taka hærra gjald af þeim sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi en fram kemur í reglugerð þessari, hvort sem þeir eiga rétt á heilbrigðisþjónustu í samræmi við ákvæði milliríkjasamninga um almannatryggingar eða ekki.

Þegar um er að ræða ósjúkratryggða liðsmenn Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951, og skyldulið þeirra sem dvelst með þeim hér á landi og hefur ekki íslenskt ríkisfang fer um aðstoð og gjaldtöku Landspítala – háskólasjúkrahúss samkvæmt samningi sjúkrahússins við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli.

II. KAFLI

**Réttur til aðstoðar og greiðslur einstaklinga þegar milliríkjasamningar um almannatryggingar gilda.**

4. gr.

*Tímabundin dvöl.*

Einstaklingar sem milliríkjasamningar um almannatryggingar taka til og sem eru sjúkratryggðir í samningsríki skulu fá nauðsynlega aðstoð, sbr. einnig 6. gr., hjá þjónustuveitanda sem þörf verður fyrir af heilsufarsástæðum meðan á tímabundinni dvöl stendur í samræmi við ákvæði samninganna. Aðstoðin skal vera nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum meðan á dvöl stendur ef tekið er mið af eðli aðstoðarinnar og ætlaðri tímalengd dvalarinnar.

Þegar leitað er eftir aðstoð skal framvísa vegabréfi og gildu, viðurkenndu sjúkratryggingavottorði sem gefið er út af tryggingastofnun einstaklingsins í samningsríki í samræmi við ákvæði samninganna. Þó þurfa einstaklingar sem búsettir og tryggðir eru á Norðurlöndum einungis að framvísa persónuskilríkjum sem staðfesta búsetuna þegar aðstoðar er leitað.

5. gr.

*Sérstök viðtæk aðstoð.*

Til aðstoðar skv. 4. gr. telst regluleg meðferð í nýrnávil og súrefnisþjónusta þrátt fyrir að þörfin hafi verið til staðar áður en dvöl hófst, svo og önnur sambærileg aðstoð sem nauðsynlegt er að skipuleggja fyrirfram, enda sé tilgangur dvalar ekki að fá aðstoðina.

Til aðstoðar skv. 4. gr. teljast einnig minni hjálpartæki sem þörf verður fyrir meðan á dvöl stendur og viðgerð á hjálpartækjum sem skemmst hafa á dvalartíma. Sé sótt um stærri hjálpartæki skal framvísa ábyrgðaryfirlýsingu.

6. gr.

*Kostnaður við heimflutning.*

Einstaklingar sem eru tryggðir og búsettir í öðru norrænu landi eiga rétt á að Tryggingastofnun ríkisins greiði beinan aukakostnað við heimferð sem leiðir af því að þeir, vegna sjúkdómsins, verða að ferðast með dýrara móti en þeir ella myndu hafa gert. Aukakostnaður

Í þessu sambandi telst t.d. vera kostnaður við nauðsynlega fylgd og við sjúkrabörur. Að jafnaði skal leita samþykkis Tryggingastofnunar ríkisins fyrirfram.

Um nánari framkvæmd þessarar greinar fer samkvæmt ákvæðum Norðurlandasamnings um almannatryggingar, sbr. lög nr. 66/2004 um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar.

#### 7. gr.

##### *Undanþága frá 6 mánaða búsetuskilyrði sjúkratrygginga.*

Einstaklingar sem taka upp búsetu hér á landi og eru ekki orðnir sjúkratryggðir en hafa fengið undanþágu frá ákvæðum 32. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 463/1999 um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá, skulu framvísa sérstöku sjúkratryggingaskírteini hjá þjónustuveitanda.

#### 8. gr.

##### *Búseta á Íslandi en sjúkratrygging í samningsríki.*

Einstaklingar sem milliríkjasamningar um almannatryggingar taka til og eru sjúkratryggðir í öðru samningsríki en taka upp búsetu hér á landi, skulu fá aðstoð hér á landi í samræmi við ákvæði samninganna eins og um sjúkratryggða einstaklinga hér á landi væri að ræða, enda framvísi þeir sjúkratryggingaskírteini ef þörf krefur.

#### 9. gr.

##### *Fyrirfram ákveðin aðstoð.*

Komi einstaklingar sem milliríkjasamningar um almannatryggingar taka til og sem eru sjúkratryggðir í öðru samningsríki til landsins til tímabundinnar dvalar í þeim tilgangi að fá aðstoð, skulu þeir greiða fullt gjald, sbr. IV. kafla, nema framvísað sé hjá Tryggingastofnun ríkisins gildri ábyrgðaryfirlýsingu (eyðublaði E112) sem gefin er út af tryggingastofnun viðkomandi einstaklings samkvæmt ákvæðum samninganna. Í ábyrgðaryfirlýsingunni skal koma fram til hvaða aðstoðar og þjónustuveitanda ábyrgðin tekur.

Tryggingastofnun ríkisins afhendir síðan viðkomandi einstaklingi sérstaka staðfestingu til að nota hjá þjónustuveitanda.

#### 10. gr.

##### *Greiðslur fyrir aðstoð.*

Um greiðslu einstaklinga sem njóta aðstoðar samkvæmt reglugerð þessari og milliríkjasamningum um almannatryggingar fer samkvæmt reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nú reglugerð nr. 1030/2004.

Þeir sem ekki framvísa tilskyldum gögnum samkvæmt reglugerð þessari þegar aðstoðar er leitað skulu greiða fullt gjald, sbr. IV. kafla.

Sé fullnægjandi vottorðum ásamt frumriti reiknings hins vegar framvísað hjá Tryggingastofnun ríkisins áður en horfið er af landi brott skal stofnunin endurgreiða viðkomandi einstaklingum greiðsluhluta sjúkratrygginga umfram greiðsluhluta sjúklings samkvæmt reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Að öðrum kosti ber viðkomandi að snúa sér til eigin tryggingastofnunar með beiðni um endurgreiðslu.

Um greiðslu fyrir aðstoð skv. 8. gr. fer samkvæmt reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

## III. KAFLI

**Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins til þjónustuveitenda fyrir aðstoð þegar milliríkjasamningar um almannatryggingar gilda og endurkröfur til erlendra tryggingastofnana.**

## 11. gr.

*Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins til þjónustuveitenda fyrir aðstoð þegar milliríkjasamningar um almannatryggingar gilda.*

Um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins til þjónustuveitanda vegna aðstoðar sem veitt er samkvæmt reglugerð þessari og milliríkjasamningum um almannatryggingar fer samkvæmt sömu reglum og gilda um sjúkratryggða einstaklinga hér á landi, sbr. þó 13. gr.

Þjónustuveitandi sem veitir einstaklingum aðstoð samkvæmt II. kafla skal senda Tryggingastofnun ríkisins reikning fyrir aðstoðina á því formi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður í samræmi við þær reglur sem gilda um einstaklinga sem sjúkratryggðir eru hér á landi og láta fylgja með ljósrit af tilskyldum gögnum. Þetta á einnig við um þjónustuveitanda sem ella eru á föstum fjárlögum, þó ekki í þeim tilvikum er um getur í 7. gr.

Þegar gjaldskrársamningar, settar gjaldskrár eða daggjöld eru ekki til staðar skal reikningsgerð byggð á raunkostnaði þjónustuveitanda vegna aðstoðarinnar, sbr. 13. gr. Tryggingastofnun getur óskað eftir rökstuðningi fyrir grundvelli útreiknings sem raunkostnaðarkröfur byggjast á.

Þjónustuveitandi skal geta staðfest að aðstoðin sem veitt var hafi verið nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum meðan á dvöl stóð miðað við eðli aðstoðarinnar og fyrirhugaða lengd dvalarinnar, m.a. á grundvelli upplýsinga sem skráðar eru í sjúkraskrá.

## 12. gr.

*Endurkröfur.*

Tryggingastofnun ríkisins annast endurkröfur vegna veittrar aðstoðar hér á landi samkvæmt ákvæðum milliríkjasamninga um almannatryggingar. Tryggingastofnun ríkisins skal endurkrefja erlenda tryggingastofnun um útlagðan kostnað við aðstoðina í samræmi við ákvæði milliríkjasamninganna um almannatryggingar.

Í þeim tilvikum sem samið hefur verið um gagnkvæmt brottfall frá endurkröfum við viðkomandi ríki skv. 64. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar skal Tryggingastofnun ríkisins bera endanlega kostnaðinn við aðstoðina skv. 54. gr. sömu laga.

## 13. gr.

*Búseta á Íslandi en sjúkratrygging í samningsríki.*

Þjónustuveitandi sem veitir einstaklingum sem búsettir eru hér á landi, sbr. 8. gr., aðstoð skal bera kostnaðinn eða fá greitt fyrir aðstoðina í samræmi við sömu reglur og gilda um einstaklinga sem sjúkratryggðir eru hér á landi.

Þjónustuveitandi skal veita Tryggingastofnun ríkisins upplýsingar um kostnað við veitta aðstoð, sbr. 3. mgr. 11. gr., þegar viðkomandi einstaklingar eru búsettir hér á landi, sbr. 8. gr., þannig að unnt sé að endurkrefja erlenda tryggingastofnun um kostnaðinn í þeim tilvikum sem milliríkjasamningar um almannatryggingar kveða á um að endurkrafa skuli byggjast á raunkostnaði.

Í þeim tilvikum sem milliríkjasamningar um almannatryggingar kveða á um að endurkrafa skuli byggjast á útreikningi á meðaltalskostnaði skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið kveða á um nauðsynlega útreikninga.

14. gr.

*Aðstoð á grundvelli milliríkjasamninga um almannatryggingar.*

Um nánari framkvæmd þegar aðstoð er veitt á grundvelli milliríkjasamninga um almannatryggingar skal fylgja ákvæðum samninganna.

#### IV. KAFLI

#### **Aðstoð og greiðslur einstaklinga þegar milliríkjasamningar um almannatryggingar gilda ekki.**

15. gr.

*Aðstoð.*

Einstaklingar sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum um almannatryggingar og sem milliríkjasamningar um almannatryggingar taka ekki til, eiga rétt á neyðaraðstoð hjá hinu opinbera heilbrigðiskerfi hér á landi.

Útlendingar sem fengið hafa dvalarleyfi og/eða atvinnuleyfi samkvæmt lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga og ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, eiga rétt á neyðaraðstoð, sbr. 1. mgr.

Um greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 16. gr. Tryggingastofnunar ríkisins greiðir ekki þjónustuveitanda og hefur ekki milligöngu um endurkröfur í þessum tilvikum.

16. gr.

*Greiðslur einstaklinga sem ekki eru sjúkratryggðir þegar milliríkjasamningar um almannatryggingar gilda ekki.*

1. *Heilsugæsla.*

Fyrir aðstoð í heilsugæslu skulu þeir sem falla undir 1. og 2. mgr. 15. gr. greiða fullt gjald eins og það er tilgreint hér að neðan.

a. *Komugjöld:*

Fyrir komu á heilsugæslustöð á dagvinnutíma kr. 3.700.

Fyrir komu á heilsugæslustöð vegna mæðra- og ungbarnaverndar kr. 3.700.

Fyrir komu á heilsugæslustöð utan dagvinnutíma, þ.e. milli kl. 16.00 og 08.00 og á laugardögum og helgidögum, kr. 4.000.

b. *Vitjanagjöld:*

Fyrir vitjun læknis á heilsugæslustöð á dagvinnutíma kr. 8.000.

Fyrir vitjun læknis á heilsugæslustöð utan dagvinnutíma kr. 10.000.

Fyrir vitjun annarra en lækna á heilsugæslustöð kr. 4.000.

c. *Gjöld fyrir bóluefni vegna ungbarnaeftirlits á heilsugæslustöð greiðast til viðbótar við komugjald:*

1. Trivax (DPT), kr. 1.900.

2. Polio, kr. 1.200.

3. Hib, kr. 2.200.

4. Virivac (MHR), kr. 1.800.

5. DT, kr. 700.

6. Míslingar, kr. 2.000.

7. Hettusótt, kr. 4.700.

8. Pentavac, kr. 3.800.

d. *Gjöld fyrir bólusetningar (hvern skammt) á heilsugæslustöð greiðast til viðbótar við komugjald:*

1. Blóðmauraheilabólga, kr. 3.600.



2. Heilahimnubólga (meningococca)
    - a. fjölvirkt fjölsykrubóluefni, kr. 4.600.
    - b. prótínbóluefni gegn stofni C (18 ára og eldri), kr. 4.000.
  3. Hettusótt, kr. 4.700.
  4. Hlaupabóla, kr. 6.100.
  5. Hundaæði, kr. 6.800.
  6. Inflúensa, kr. 600.
  7. Japönsk heilabólga, kr. 3.300.
  8. Kólera (bóluefni til inntöku), kr. 2.800.
  9. Lifrabólga A 720 ein./ml, kr. 2.700.
  10. Lifrabólga A 1400 ein./ml, kr. 4.100.
  11. Lifrabólga B, kr. 2.900.
  12. Lifrabólga B fyrir börn, kr. 2.100.
  13. Lifrabólga A og B, kr. 5.300.
  14. Lifrabólga A og B fyrir börn, kr. 3.800.
  15. Lungnabólga, kr. 2.000.
  16. Mislingar, kr. 2.000.
  17. Stífkrampi og barnaveiki fyrir fullorðna, kr. 700.
  18. Taugaveiki, kr. 2.300.
- e. Gjöld fyrir aðra þjónustu heilsugæslustöðvar greiddast til viðbótar við komugjald:
1. Þungunarpróf, kr. 400.
  2. Streptokokkarannsóknir, kr. 500.
  3. Lyfjaleit í þvagi, kr. 1.600.
  4. Lykkja (t), kr. 3.000.
  5. Hormónalykkja, kr. 15.300.
  6. Foreldrafraeðsla, kvöldnámskeið, gildir fyrir báða foreldra, kr. 6.000.
- f. Gjald vegna krabbameinsleitar (legstrok og mynd af brjóstum) á heilsugæslustöð skal vera kr. 2.600. Gjaldið greiðist til viðbótar við komugjald.
2. *Sjúkrahús og aðrar stofnanir.*  
Fyrir aðstoð á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum þar sem kostnaður er greiddur af fjárlögum skulu þeir sem falla undir 1. og 2. mgr. 15. gr. greiða þjónustuveitanda fullt gjald eins og það er tilgreint hér að neðan.
- a. Fyrir komu á slysadeild og bráðamóttöku skal greiða kr. 24.800 og auk þess viðbótargjöld skv. b- og c-liðum 3. tölul.
  - b. Fyrir hverja komu til sérfræðilæknis á göngudeild og dagdeild sjúkrahúsa skal greiða kr. 2.000 og til viðbótar 100% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna.
  - c. Fyrir sjúkra- og talþjálfun á sjúkrahúsum skal greiða kr. 2.000 auk 100% gjald samkvæmt gjaldskrá í gildandi samningum samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við Félag sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara og Félag talkennara og talmeinafræðinga. Greiðslurnar veita ekki rétt til þjálfunarkorts frá Tryggingastofnun ríkisins.
  - d. Fyrir meðferð húðsjúkdóma veitta á sjúkrahúsi af öðrum en læknum skal greiða kr. 3.900.
  - e. Fyrir komu og endurkomu á göngudeild og dagdeild vegna þjónustu annarra en lækna skal greiða kr. 5.200.
  - f. Þegar um innlögn er að ræða skal greiða meðaltal DRG-kostnaðar eins og það er reiknað út af Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Í þeim tilvikum sem kostnaður fer umfram við-

miðunarmark DRG-meðaltals skal greiða raunkostnað. Upplýsingar um meðaltal DRG-kostnaðar skal birta á heimasíðu Landspítala – háskólasjúkrahúss.

3. *Sameiginleg ákvæði um gjaldtöku fyrir þjónustu í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.*
  - a. Gjöld fyrir læknisvottorð skulu miðast við hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða kr. 3.000 fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur.
  - b. Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknarstofu og vegna rannsóknar á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknarstofu skal greiða kr. 2.000 og til viðbótar 100% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna.
  - c. Fyrir hverja komu til geisla- og myndgreiningar skal greiða kr. 2.000 og til viðbótar 100% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna.
  - d. Fyrir nauðsynlega túlkabjónustu skal sjúklingur greiða fullt gjald samkvæmt gjaldskrá Alþjóðahúss.
4. *Sjúkraflutningar.*

Fyrir sjúkraflutninga skal sjúklingur greiða kr. 430 á hvern ekinn kílómetra.

Með umsömdu og ákveðnu heildarverði í b-lið 2. tölul. og b- og c-liðum 3. tölul. 1. mgr. er átt við það gjald sem samið hefur verið um í samningum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við sérfræðilækna skv. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar eða verð sem tilgreint er í fylgiskjali með reglugerð nr. 1030/2004 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Greiðslur samkvæmt þessari grein veita ekki rétt til afsláttarskírteinis hjá Tryggingastofnun ríkisins.

## V. KAFLI Gildistaka o.fl.

### 17. gr.

Greiðslur sjúklinga samkvæmt reglugerð þessari skulu renna til viðkomandi þjónustuveitanda nema gjald samkvæmt f-lið 1. tölul. 1. mgr. 16. gr. sem rennur til Krabbameinsfélags Íslands.

### 18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. og 2. mgr. 54. og 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 2. mgr. 20. gr. og 35. gr.a. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júní 2005.

Reglugerð þessi er samin með hliðsjón af lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahags-svæðið, með síðari breytingum, og reglugerðum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um gildistöku ESB-reglugerðar nr. 1408/71 um almannatryggingar, með síðari breytingum. Þá er höfð hliðsjón af lögum nr. 66/2004 um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar og öðrum samningum sem gerðir hafa verið á grundvelli 64. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. maí 2005.*

**Jón Kristjánsson.**

*Ragnheiður Haraldsdóttir.*

# REGLUR

## um fjárhagsaðstoð Félagsþjónustunnar í Reykjavík.

### I. KAFLI

#### Almenn atriði.

##### 1. gr.

##### *Inntak fjárhagsaðstoðar.*

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. og III. kafla reglna þessara.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra áfalla, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. og 16. og 17. gr. þessara reglna.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði velferðarráðs, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

##### 2. gr.

##### *Framfærsluskylða.*

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

##### 3. gr.

##### *Lækkun grunnfjárhæðar.*

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa eða hafnað starfsleitaráætlun, skal Félagsþjónustan greiða hálfa grunnupphæð til framfærslu eins og hún er tilgreind í III. kafla reglna þessara þann mánuð sem hann hafnar vinnu, svo og mánuðinn þar á eftir.

Sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar skráningarskírteini eða dagpeningavottorði frá svæðisvinnumiðlun án viðhlítandi skýringa og umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.

##### 4. gr.

##### *Réttur fylgir lögheimili.*

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

## 5. gr.

*Form fjárhagsaðstoðar.*

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 25. gr. og 27. gr. þessara reglna, sbr. og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Lán eru vaxtalaus.

## 6. gr.

*Tímabil samþykkis hverju sinni.*

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og skal viðkomandi bent á að leita sér aðstoðar Ráðgjafarstofnu um fjármál heimilanna.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

## 7. gr.

*Fjárhagsaðstoð aftur í tímann.*

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

## II. KAFLI

**Umsókn um fjárhagsaðstoð.**

## 8. gr.

*Umsókn og fylgigögn.*

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá borgarhlutaskrifstofum Félagsþjónustunnar, Vesturgarði og Miðgarði. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem fram komi upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir. Umsókn skal fylgja yfirlit yfir eignir og tekjur vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með talda greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bönkum, sparisjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum, barnabætur, mæðra- og fedralaun.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskríteini frá vinnumiðlun er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði/greiðsluseðli atvinnuleysisbóta. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil.

## 9. gr.

*Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda.*

Félagsþjónustan getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði og lífeyrissjóðum, innlendum og erlendum. Skal það gert í samræði við umsækjanda.

Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

Skylt er að veita Félagsþjónustunni upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framfæranda, enda hafi umsækjandi veitt Félagsþjónustunni umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

## III. KAFLI

**Réttur til fjárhagsaðstoðar.****Mat á fjárþörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar.**

## 10. gr.

*Mat á fjárþörf.*

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárþörf til framfærslu, sbr. 11. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 12. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

## 11. gr.

*Grunnfjárhæð.*

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri getur numið allt að 84.245 kr. á mánuði, hér eftir nefnd grunnfjárhæð.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að 134.792 kr. á mánuði (84.245 kr. x 1,6).

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

Unglingar, 18 ára og yngri, eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

## 12. gr.

*Tekjur og eignir umsækjanda.*

Allar tekjur einstaklingsins/maka, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn á undan, aðrar en greiðslur vegna barna og húsaleigubætur/vaxtabætur, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Mæðra- og fedralaun reiknast umsækjanda til tekna. Með tekjum er hér átt við allar tekjur einstaklings/maka sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna, þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur TR, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna, hvort sem hann hefur stimplað sig eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði.

Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar sé gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, barnabótaauka og meðlögum ef við á.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambylingur, eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og eina fjölskyldubifreið, eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal honum vísað á lánafyrirgreiðslu banka og sparisjóða, þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð.

### 13. gr.

#### *Greiðslur meðlags.*

Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en grunnfjárhæðin skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjá mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldur.

### Sérákvæði.

#### 14. gr.

#### *Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum.*

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum, sem hafa/hefur lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að viðkomandi hafi stöðvað atvinnurekstur sinn og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysisstryggingar, nr. 12/1997, sbr. og 4. mgr. 1. gr. reglna þessara.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

#### 15. gr.

#### *Námsmenn.*

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar til framfærslu nema fullnægt sé skilyrðum 18. gr. um námsstyrki/lán vegna náms.

## IV. KAFLI

### Heimildir vegna sérstakra aðstæðna.

#### 16. gr.

#### *Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framferi*

- A. Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin. Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómsunda- starfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 10.000 kr. á mánuði.
- B. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum styrk vegna áfallandi greiðslna sem nema heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, frístundaheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða

- þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.
- C. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum fjárstyrk í tengslum við dvöl barns utan heimilis í sex mánuði eða skemur. Ávallt þarf að liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf.
- D. Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna 12 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.
- Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

## 17. gr.

*Námskostnaður barna í skóla fjarri heimabyggð.*

Ef sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið mæla með því, er heimilt að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra sem ekki geta sótt framhaldsskóla í heimabyggð. Við mat á fjárþörf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimabyggð er, að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki nr. 79/2003 og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

## 18. gr.

*Námsstyrkir.*

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og aðstoðin miðast við grunnfjárhæð ásamt almennum skólagjöldum, innritunarkostnaði og bókakostnaði:

- til einstaklinga 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða,
- til einstæðra foreldra 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa haft atvinnutekjur undir 1.000.000 undanfarna tólf mánuði. Skilyrði er að umsækjandi hafi átt í félagslegum erfiðleikum,
- til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir án bótaréttar eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Leggja þarf inn umsókn tveimur mánuðum áður en nám hefst.

Starfsmaður og námsmaður skulu gera með sér samkomulag um félagslega ráðgjöf þar sem fram kemur m.a. hvernig skuli staðið að skilum varðandi skólasókn, námsframvindu og/eða einkunnir. Einkunnum skal þó ætíð skilað í annarlok.

Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

Meðlag sem umsækjandi kann að fá, reiknist honum til tekna.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

## 19. gr.

*Sameiginlegt heimilishald.*

Þegar umsækjandi um fjárhagsaðstoð býr hjá foreldrum/foreldri og nýtur hagræðis af

því, nemur upphæð fjárhagsaðstoðar til hans kr. 50.547, sem er mismunur fullrar fjárhagsaðstoðar og fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambýlisfólks.

Geti umsækjandi sýnt fram á að hann njóti ekki hagræðis af sameiginlegu heimilishaldi er heimilt að veita fulla grunnfjárhæð.

Hafi einstaklingur, sem fellur undir ofangreint, forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð full grunnfjárhæð.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

#### 20. gr.

##### *Styrkur vegna húsbúnaðar.*

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a) til einstaklings, sem hefur lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun,
- b) til ungs fólks á aldrinum 18–24 ára, sem er eignalaust, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn,
- c) þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr. nema þegar einstaklingur er að flytjast á sambýli, þá eru mörkin 50.000 kr.

Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

#### 21. gr.

##### *Greiðsla sérfræðiaðstoðar.*

- I. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu samfleytt undanfarna 12 mánuði. Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 40.000 kr. á ári. Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.
  - II. Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, sálfræðingum og geðlæknum, ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og fyrirsjáanlegt að eigi sé hægt að veita þjónustuna innan Félagsþjónustunnar eða á vegum heilbrigðisstofnana:
    - a) einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika,
    - b) einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.
- Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 55.000 kr. á ári.
- Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

#### 22. gr.

##### *Útfararstyrkir.*

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru 160.000 kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðsluyfirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.



Heimilt er að veita tekjulágum eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita foreldri eða foreldrum sem hafa tekjur á eða undir grunnfjárhæð fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

### 23. gr.

#### *Áfallaaðstoð.*

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum með tekjur undir grunnfjárhæð eða á mörkum hennar, fjárhagsaðstoð vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna eða náttúruhamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

### 24. gr.

#### *Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu og til tryggingar húsaleigu.*

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur við eða undir grunnfjárhæð í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um þá sem njóta sérstakra húsaleigubóta.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

### 25. gr.

#### *Aðstoð vegna sérstakra erfiðleika.*

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika, að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum:

- a) umsækjandi hafi haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna sex mánuði eða lengur,
- b) staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana,
- c) fyrir liggja yfirlit starfsmanns Félagsþjónustunnar eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á,
- d) fyrir liggja á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra þegar til lengri tíma er litið,
- e) fyrir liggja samkomulag um félagslega ráðgjöf og/eða fjármálaráðgjöf.

Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn.

Eigi er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

## 26. gr.

*Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns.*

Uppfylla þarf öll skilyrði 25. gr. þessara reglna auk eftirfarandi skilyrða:

- a. Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að fyrir liggja mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Aðeins skal veita lán þegar ljóst er að umsækjandi muni geta staðið í skilum með afborganir af því.
- b. Eigi er heimilt að veita lán ef umsækjandi er með lán frá Félagsþjónustunni fyrir.
- c. Hámark láns sem hægt er að samþykkja á borgarhlutaskrifstofu/Vesturgarði/Miðgarði er kr. 300.000. Hámarkslánstími sem hægt er að samþykkja á borgarhlutaskrifstofu/Vesturgarði/Miðgarði er sex ár. Umsóknnum um hærra lán og lengri lánstíma skal vísa til velferðarráðs.
- d. Skilyrði er að umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum.
- e. Að öllu jöfnu skal ekki veita umsækjanda lán, ef hann hefur fengið afskrifað lán frá Félagsþjónustunni á síðustu 12 mánuðum.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

## 27. gr.

*Sérstök fjárhagsaðstoð í desember.*

Veita skal þeim sem hafa fengið fulla fjárhagsaðstoð undangengna sex mánuði samfelld, sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð.

Þeir sem hafa haft til framfærslu samsvarandi upphæð fyrir sama tímabil eiga einnig rétt á uppbótinni.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

## 28. gr.

*Styrkur til greiðslu kostnaðar vegna geymslu á búslóð.*

Heimilt er að veita styrk til greiðslu vegna geymslu á búslóð að hámarki kr. 100.000.

Skilyrði er að umsækjandi hafi haft tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum grunnfjárhæðar síðastliðna 12 mánuði og hafi átt í miklum félagslegum erfiðleikum.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

## 29. gr.

*Sérstök aðstoð vegna stuðningsvinnu.*

Heimilt er að veita sérstaka aðstoð í málum þar sem verið er að veita markvissan stuðning. Skilyrði er að umsækjandi eigi í miklum félagslegum erfiðleikum.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

## V. KAFLI

**Málsmeðferð**

**sbr. ákvæði stjórnslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði  
XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.**

## 30. gr.

*Könnun á aðstæðum.*

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef Félagsþjónustunni berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Félagsþjónustan skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

## 31. gr.

*Samvinna við umsækjanda.*

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

## 32. gr.

*Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.*

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

## 33. gr.

*Leiðbeiningar til umsækjanda.*

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið Félagsþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

## 34. gr.

*Niðurstaða og rökstuðningur synjunar.*

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

## 35. gr.

*Rangar eða villandi upplýsingar.*

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur Félagsþjónustan endurkrafíð viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

## 36. gr.

*Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.*

Starfsmenn Félagsþjónustunnar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

## 37. gr.

*Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð*

Þar sem starfsmenn Félagsþjónustunnar hafa umboð til að taka ákvörðun um fjárhagsaðstoð skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að velferðarráð Reykjavíkurborgar fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til velferðarráðs frá því honum

barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun velferðarráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

38. gr.

*Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.*

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarráðs.

39. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem samþykktar voru af borgarráði 28. apríl 2005, að fengnum tillögum félagsmálaráðs (nú velferðarráð), eru settar í samræmi við 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum. Reglurnar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 276/2004.

*Reykjavík, 9. maí 2005.*

Borgarstjórinn í Reykjavík,

**Steinn Valdís Óskarsdóttir.**

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi virkjunarsvæðis Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 21. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi virkjunar Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði.

Bæjarstjórn Ölfuss heimilar auglýsingu á tillögu að breytingu á samþykktu deiliskipulagi fyrir virkjun á Hellisheiði, samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum. Deiliskipulag þetta kemur í stað deiliskipulags sem samþykkt var af sveitarstjórn Ölfuss 24. júní 2004 og öðlaðist gildi 20. júlí 2004.

Ytri mörkum skipulagssvæðisins er ekki breytt. Gerðar eru breytingar á skipulaginu sem ná til 17 liða. Aðalbreytingar eru að skiljustöð A ofan Hellisskarðs færist til norðurs. Skiljustöð B færist einnig til norðurs, norður fyrir veg að Sleggjubeinsdal. Geymslusvæði fyrir tengingar á röralögnum verður við svæði sem var lagersvæði fyrir efni rétt við skiljustöð B. Lagnaleiðir eru settar fram eins og þær verða. Ákvæði Sveitarfélagsins Ölfuss um meðferð niðurrennsliwatns er komið inn á skipulagsuppráttinn.

Fyrir liggja byggingarskilmálar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Porlákshöfn, 11. maí 2005*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

# GJALDSKRÁ

## fyrir gatnagerðargjald á Seltjarnarnesi.

### 1. gr.

#### *Almenn heimild.*

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum á Seltjarnarnesi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

### 2. gr.

#### *Ráðstöfun gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar á Seltjarnarnesi. Nota skal gjaldið til greiðslu kostnaðar við að endurbyggja götur með tilheyrandi lögnum, við lagningu bundins slitlags og gangstétta, gerð umferðareyja, gangstíga og opinna svæða.

### 3. gr.

#### *Grunnur gatnagerðargjalds.*

- Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í húsbyggingu eins og hann er hverju sinni í vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, eins og hér greinir. Gjald pr. ferm. skal tilgreint í heilum krónum:
 

- Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	14,0%	kr. 9.864
- Raðhús, parhús, tvíbýlishús og keðjuhús	10,0%	kr. 7.046
- Fjölbýlishús	7,0%	kr. 4.932
- Annað húsnaði	8,0%	kr. 5.636
- Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins.
- Bæjarsjóður getur hækkað eða lækkað gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna tiltekinnna svæða eða lóða um allt að 20%.

### 4. gr.

#### *Lágmarksgjald.*

- Við ákvörðun lágmarksgatnagerðargjalds við úthlutun byggingarréttar á lóð skal að jafnaði miða við eftirfarandi stærðir:
 

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	220 ferm. pr. íbúð
Raðhús, tvíbýlishús og keðjuhús	190 ferm. pr. íbúð
Fjölbýlishús	960 ferm. hús
- Lágmarksgatnagerðargjald af öðrum lóðum skal taka mið af nýtingarmöguleika á lóð samkvæmt því skipulagi, sem gildir við lóðaúthlutun. Reikna skal flatarmál húsa samkvæmt ÍST 50 um flatarmál og rúmmál bygginga og miðað við brúttóstærðir. Bílgeymslur og útihús skal telja með við útreikning á flatarmáli húsa.

### 5. gr.

#### *Greiðsluskilmálar.*

- Lágmarksgatnagerðargjald, sem ákveðið er við úthlutun byggingarréttar á lóð, skal greitt innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningar til lóðarhafa um úthlutunina og með

- þeim skilmálum, sem bæjarráð ákveður. Ef ekki er greitt innan tilskilins frests fellur úthlutunin sjálfkrafa úr gildi án sérstakrar tilkynningar þar um.
2. Af flatarmáli bygginga, sem byggingarnefnd samþykkir og sem er umfram það flatarmál, sem lágmarksgatnagerðargjald samkvæmt 1. mgr. var miðað við, skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt þeirri gjaldskrá, sem gildir þegar það er samþykkt. Viðbótargatnagerðargjald skal greitt áður en byggingarleyfi er gefið út.
  3. Gatnagerðargjald af byggingum, sem samþykktar eru á eignarlóðum, skal greitt áður en byggingarleyfi er gefið út.

#### 6. gr.

##### *Undantekningar.*

Gatnagerðargjald skal lækkað eða fellt niður þegar svo stendur á, sem segir í 1.-4. tl. þessarar málsgreinar:

1. Af kjallarárymum íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp, skal greiða 25% af venjulegu fermetragjaldi, enda sé húsrýmið gluggalaust og aðeins gengt í það innan frá.
2. Af sameiginlegum bifreiðageymslum fyrir þrjár eða fleiri bifreiðar, sem byggðar eru samkvæmt skipulagsskilmálum og koma í stað bifreiðastæða, skal greiða 25% af fermetragjaldi þeirra húsa, sem þær eiga að þjóna.
3. Af yfirbyggðum göngugötum eða léttum tengibyggingum í eða á milli verslunar og/eða skrifstofuhúsa, sem teljast til sameignar viðkomandi húss (húsa) og eru til almenningsnota á afgreiðslutíma viðkomandi verslana/skrifstofa, skal greiða 25% af venjulegu fermetragjaldi verslunar- og skrifstofuhúsa. Skilyrði þessa er þó að hús, sem yfirbygging eða tengibygging er byggð við, sé svo sjálfstætt, að það fullnægi kröfum byggingarlaga og -reglugerðar án hennar og jafnmikið að yfirbyggingin eða tengibyggingin sé þannig úr garði gerð, að hún fullnægi ekki aðeins sérkröfum byggingarlaga og -reglugerðar.
4. Af auknu flatarmáli íbúðarhúsa 15 ára og eldri, sem leiðir af endurbótum á þeim, t.d. með byggingu anddyris, yfirbyggingu svala, glerskálum o.þ.h., skal ekki greiða gatnagerðargjald, enda nemi stækkunin ekki meiru en 1/3 hluta af flatarmáli íbúðarinnar og aldrei meiru en 30 m<sup>2</sup> á hverja íbúð. Tilheyri stækkunin sameign fjöleignarhúss, skal meta hana eins og ef um stækkun vegna einnar íbúðar væri að ræða. Við ákvörðun gatnagerðargjalds samkvæmt þessum tölulíð skal meta í einu lagi þær stækkanir, sem samþykktar hafa verið á sama húsi á næstu 5 árum á undan.

Samþykki byggingarnefnd breytingar á húsnæði eða notkun húsnæðis, sem undanþágur samkvæmt 1., 2. eða 3. tl. 1. mgr. þessarar greinar taka til, þannig að það uppfylli ekki lengur skilyrði til lækkunar gatnagerðargjalds skal greiða gatnagerðargjald af því húsnæði samkvæmt gildandi gjaldskrá, að teknu tilliti til þess sem áður hefur verið greitt vegna sama húsnæðis. Ef veitt er undanþága frá greiðslu gatnagerðargjalds, samkvæmt staflið 1., 2. eða 3. tl. 1. mgr. skal þinglýsa yfirlýsingu á viðkomandi eign um að breytt notkun húsnæðisins geti leitt til greiðslu gatnagerðargjalds.

#### 7. gr.

##### *Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.*

1. Um endurgreiðslu greidds gatnagerðargjalds fer eftir 9. gr. reglugerðar nr. 543/1996. Gatnagerðargjald endurgreiðist ásamt verðbótum samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar frá þeim degi þegar það var greitt. Gatnagerðargjald, sem greitt hefur verið í tengslum við veitingu byggingarleyfis, skal verðbætt samkvæmt framansögðu til þess dags þegar byggingarleyfi fellur úr gildi eða er fellt úr gildi. Í öðrum tilvikum skal reikna verðbætur til þess dags þegar gatnagerðargjaldið er endurgreitt.

2. Hafi byggingarleyfi fyrir húsi eða hluta húss verið bundið skilyrði um niðurrif eða brottflutning að kröfu bæjaryfirvalda skal gatnagerðargjald, sem greitt hefur verið vegna viðkomandi byggingar, endurgreitt ásamt verðbótum þegar byggingin hefur verið rifin eða fjarlægð í samræmi við kvöðina. Verðbætur skulu reiknast frá greiðsludegi gatnagerðargjaldsins til þess dags, að niðurrifs eða brottflutnings er krafist. Réttur til endurgreiðslu gatnagerðargjalds samkvæmt þessari málsgrein fellur niður ef bæjaryfirvöld hafa ekki krafist niðurrifs eða brottflutnings byggingarinnar, sem kvöðin hvílir á, innan 15 ára frá því að hið skilyrta byggingarleyfi var upphaflega veitt.

8. gr.

*Inneign gatnagerðargjalds til frádráttar.*

Ef byggt er nýtt hús eða byggt við eldra hús á lóð, sem greitt hefur verið lágmarksgatnagerðargjald af fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, skal viðbótargatnagerðargjald reiknað eins og hér segir:

- a) Ef bygging eða byggingar sem fyrir eru á viðkomandi lóð eru minni að rúmmáli en sem svarar því, sem lágmarksgatnagerðargjaldið var miðað við, skal sá hluti hins greidda gjalds, sem þannig stendur eftir, verðbættur miðað við vísitölu byggingarkostnaðar frá greiðsludegi til þess dags þegar nýtt byggingarleyfi er samþykkt og koma þannig til frádráttar við ákvörðum viðbótargatnagerðargjalds.
- b) Ef bygging eða byggingar sem fyrir eru á lóð eru jafn stórar eða stærri að rúmmáli en sem svarar því, sem lágmarksgatnagerðargjaldið var miðað við, skal greiða viðbótargatnagerðargjald samkvæmt 2. mgr. 5. gr.

9. gr.

*Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.*

Samningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Seltjarnarnes fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld, sem bæjaryfirvöld hafa sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu, sbr. 2. tl. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 171/1996, nema aðilar séu um annað sáttir.

10. gr.

*Gildistaka gjaldskrár.*

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarness samkvæmt 6. gr. laga um gatnagerðargjöld nr. 171/1996 og 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald, til að öðl-ast gildi þegar í stað.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar Seltjarnarness þann 27. apríl 2005.

*Seltjarnarnesi, 27. apríl 2005.*

**Jónmundur Guðmarsson** bæjarstjóri.

# SAMÞYKKT

## fyrir Veiðifélag Skjálfandafljóts.

### 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Skjálfandafljóts. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

### 2. gr.

Félagið nær til eftirtalinna jarða, sem eiga land að vatnakerfi Skjálfandafljóts skv. 3. gr., sbr. skrá yfir eftirtalin lögbýli:

Arnarstaðir	Hjarðarból	Ófeigsstaðir I
Arndísarstaðir	Hlíðarendi I	Ófeigsstaðir II
Arnstapi	Hlíðarendi II	Rangá
Árland	Hlíðskógar	Rauðá
Árteigur	Hnjúkur	Rauðafell
Ártún	Holtakot	Sandur I
Barnafell	Hóll	Sandur II
Berg	Hólsgreiði	Sandur III
Bergsstaðir	Hraunkot I	Sandhaugar
Birkihlíð	Hraunkot II	Sandvík
Birningsstaðir	Hrappsstaðir	Skriða I
Bjarnastaðir	Hrifla	Skriða II
Björg	Húsabakki	Skriðuland
Borgartún	Hvarf	Skriðusel
Bólstaður I	Ingjaldsstaðir	Staðarholt
Bólstaður II	Jaðar	Stóru-Tjarnir
Einarsstaðir	Jarlsstaðir	Stóratunga I
Einbúi	Jódísarstaðir	Stóratunga II
Engihlíð	Kambstaðir	Stóruvellir I
Eyjadalsá	Kálfborgará	Stóruvellir II
Fellsendi	Kross I	Sunnuhvoll
Fellssel	Kross II	Svartárkot
Fljótsbakki	Kvíaból	Syðri-Skál
Fosshóll	Landamótssel	Úlfsbær
Fosssel	Litlu-Tjarnir	Vatnsendi
Fremstafell I	Litluvellir	Vað I
Fremstafell II	Lundarbrekka I	Vað II
Garðshorn	Lundarbrekka II	Vesturhlíð
Garður I	Lundarbrekka III	Víðiker
Garður II	Lundarbrekka IV	Ystafell I
Geirbjarnarstaðir	Ljósavatn	Ystafell II
Glaumbæjarsel	Lyngholt	Ystafell III
Granastaðir I	Lækjamót I	Ytri-Skál
Granastaðir II	Lækjamót II	Þingeyjarland
Halldórsstaðir I	Lækjavellir	Þóroddsstaðir I
Halldórsstaðir II	Mýri	Þóroddsstaðir II
Heiðarbraut	Nípa	Öxará
Hellnasel		

### 3. gr.

Félagssvæðið skiptist í þrjár deildir þannig:

A-deild: Vatnakerfi Skjálfandafljóts neðan fossa við Þingey.

B-deild: Vatnakerfi Skjálfandafljóts ofan fossa við Þingey, að Svartá undanskilinni.

D-deild: Jarðir sem land eiga að Svartá.



## 4. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskgengd á félagssvæðinu með fiskrækt og gerð fiskvega. Félagið tekur ekki til veiði í stöðuvötnum á félagssvæðinu, þó afrennsli hafi til Skjálfandafljóts, nema ábúendur og/eða eigendur viðkomandi jarða óski þess sérstaklega.

## 5. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum og jafnmörgum til vara og skulu þeir vera stjórnir A- og B-deilda og formaður D-deilda. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan endurkosningu, ef ekki hamla sérstök forföll, nema um jafnmörg ár og hann hefur áður starfað. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnir deilda skulu skipaðar þeim þremur mönnum sem kosnir eru á aðalfundi þeirra, til þriggja ára í senn. Gangi þeir úr stjórn á víxl: Einn eftir eitt ár, einn eftir tvö ár og ræður hlutkesti fyrst, einn eftir þrjú ár og síðan eftir starfstíma í stjórninni. Stjórnin skiptir með sér verkum til eins árs í senn.

Varamenn skulu kosnir eftir sömu reglum og aðalmenn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn reikninga til þriggja ára í senn.

## 6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins sem ekki varða deildirnar sérstaklega. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirmensjón með störfum þess og fjárreiðum. Stjórnin fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi.

## 7. gr.

Aðalfund félagsins skal halda mars – apríl ár hvert. Á fundi skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn. Félagismaður getur falið öðrum að fara með atkvæði sitt enda sé umboðið skriflegt, eigi eldra en þriggja mánaða og skal þess getið í fundarbók.

Stjórn félagsins ákveður fjárframlög til sameiginlegrar starfsemi félagsins og annast skiptingu þeirra milli verkþátta. Kostnaður vegna rekstrar aðalfélagsins sé greiddur af deildum í hlutfalli af innkomnum leigutekjum.

## 8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, fundargerðir og bréf. Reikningar skulu bornir upp á aðalfundi félagsins.

## 9. gr.

Sérmál deilda skv. 3. gr. skulu vera:

- a. Ráðstöfun veiðiréttar og umráð veiðiaðferða.
- b. Fjárreiður deilda og önnur mál sem deildir telja æskilegt eða nauðsynlegt að sinna sérstaklega.

Aðild að fiskvegagerð sem og öll önnur meiriháttar fjárframlög deilda vegna sameiginlegrar starfsemi félagsins, skulu háð samþykki deildarfunda.

Aðalfundir deilda skulu haldnir í mars - apríl ár hvert. Þeir ákvarða fjárframlög skv. b-lið þessarar greinar og taka afstöðu til fjárframlaga sem kunna að koma til álita skv. 7. gr.

Um stjórnun og starfshætti deilda fer að öðru leyti skv. 5. – 8. gr. eftir því sem við á.

## 10. gr.

Arði af sameiginlegri veiði í hverri deild, skal skipt niður á deildarmenn í samræmi við arðskrá skv. 27. gr. laga um lax- og silungsveiði. Sjá einnig 6. gr. samþykktar þessarar.

Deildarmenn greiði gjöld til deildar sinnar í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 11. gr.

Öll veiði er samþykkt þessi nær til, er óheimil á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi deildarstjórna, sbr. 9. gr. a. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt. Takmörkun veiðiaðferða og veiðitíma umfram ákvæði laga um lax- og silungsveiði, er á hverju deildarsvæði háð samþykki aðalfundar viðkomandi deilda. Forkaupsrétt á allt að 25% veiðileyfa, hafa deildarmenn eftir samþykktum aðalfunda deilda og mega þeir ráðstafa leyfi til annarra.

## 12. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema samkvæmt reglum sem settar eru í VIII. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

## 13. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum skv. XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

## 14. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 52. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi samþykkt fyrir veiðifélag Skjálfandafljóts nr. 190/1972.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. maí 2005.*

**Guðni Ágústsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi íbúðarhverfis í Norðurbæ vegna Garðavegar 15 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. apríl 2005 breytingu á deiliskipulagi íbúðarhverfis í Norðurbæ vegna Garðavegar 15 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðin við Garðaveg 15 stækkar í austurátt. Jafnframt breytist notkun hússins úr einbýlishúsi í tvíbýlishús. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 17. maí 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

# SAMÞYKKT

## fyrir Veidifélagið Hölkna.

### 1. gr.

Félagið heitir Veidifélagið Hölkni. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

### 2. gr.

Félagið nær til allra jarða sem land eiga að Hölná í Skeggjastaðahreppi, en þær eru Miðfjörður I, Miðfjörður II, Melavellir, Gunnarsstaðir, Veðramót I, Veðramót II og Hölná, einnig eru eigendur Djúpalækjar I, Djúpalækjar II og Bjarmalands, handhafar veiðiréttar í ánni.

### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Einnig að stuðla að góðri umgengni um vatnasvæðið og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi, skaði lífríki þess.

### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og einn eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram.

Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan endurkosningu nema sérstök föföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn ganga út annað árið og hinir hitt árið.

### 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

### 6. gr.

  - Hámarksákvæði fyrir nítrít og nítröt, sbr. einnig d-lið, gilda um það magn efnanna sem er í lokaafurð. Nítrít skal eingöngu nota sem nítrítsalt, þ.e. matarsalt (NaCl) með 0,4-0,6% af natríum- eða kalíumnítríti. Með nítríti er æskilegt að nota askorbínsýru eða natríumaskorbat.
- b. Hámarksákvæði fyrir fosföt eru gefin upp reiknuð sem (r.s.) fosfórpentoxíð ( $P_2O_5$ ). Í kafla A-6, er sýnd tafla til að umreikna magn fosfatsambanda yfir í fosfórpentoxíð.
- c. Hámarksákvæði fyrir brennisteinssýrting og sölt (súlfít, bísúlfít og tvísúlfít) eru gefin upp reiknuð sem brennisteinstvíoxíð ( $SO_2$ ). Í kafla A-7 er sýnd tafla til að umreikna magn brennisteinssambanda yfir í brennisteinstvíoxíð.
- d. Hámarksákvæði fyrir nítrít (E 249-250) og nítröt (E 251-252), eru gefin upp reiknuð sem natríumsölt þessara efna. Í kafla A-8 er sýnd tafla til að umreikna kalíumsölt yfir í natríumsölt.
- e. Hámarksákvæði fyrir aukefni og sölt þeirra, t.d. sorbínsýru og sölt eða sakkarín og sölt, eiga við um sýruform þess aukefnis sem tilgreint er, þ.e. sorbínsýru og sakkarínsýru í dæminu hér að framan. Sölt efnanna verður að umreikna.
- f. Hornklofi ( ) utan um tvö eða fleiri aukefni, merkir að samanlagt magn þeirra aukefna sem hornklofinn nær yfir, má ekki vera meira en hámarksákvæðið gefur til kynna. Í vissum tilvikum, eru einnig sett hámarksákvæði við einstök efni innan hornklofans, og er þá ekki heimilt að nota þau efni í meira magni en hámarksákvæðið segir til um.
- g. Þar sem við á, eru hámarksákvæði fyrir litarefnablöndur, gefin upp reiknuð sem magn virka litarefnisins í blöndunni. Dæmi um þetta eru bixín í annatólausnum og betain í rauðrófulit.
- h. Hámarksákvæði fyrir aukefni, sem eru blöndur margra mismunandi efnasambanda, eru gefin upp reiknuð sem heildarmagn blöndunnar. Dæmi um þetta er karragenan (E 407).
- i. Hámarksákvæði fyrir tinklórið (E 512), eru gefin upp reiknuð sem tin.
- j. Hámarksákvæði fyrir álsúlföt (E 520-523) og natríumálfosfat (E 541), eru gefin upp reiknuð sem ál.
- k. Hámarksákvæði fyrir natríum, kalíum- og kalsíumferrósíanið (E 535, E 536 og E 538), eru gefin upp reiknuð sem vatnsfrítt kalíumferrósíanið.
- l. Hámarksákvæði fyrir járnglúkónat (E 579) og járnlaktat (E 585) eru gefin upp reiknuð sem járn.
- m. Hámarksákvæði fyrir inósínsýru, inósínöt og ribónúkleótíð (E 630-635) eru gefin upp reiknuð sem gúanýlsýra.
- n. Hámarksákvæði fyrir quillaia kjarna (E 999) eru gefin upp reiknuð sem vatnsfrír kjarni.
- o. Í nokkrum tilvikum gildir hin sk. 100% regla. Ef fleiri en eitt þessara efna er notað skal reikna út hlutfall hvers efnis af leyfilegu hámarksmagni. Samanlagt hlutfall efnanna má ekki fara yfir 1. Reglan gildir í matvælaflokkum 2.1.1 og 2.1.2 um notkun gallata (E 310-312) og BHA/BHT (E 320-321), í matvælaflokk 5.3 um notkun asesúlfams K/aspartams/támatíns/neóhesperidíns DC (E 950/E 951/E 957/E 959) og í matvælaflokk 13.1 um notkun lesitíns/mónó- og dígliseríða af fitusýru (E 322/E 471) og karragenans/karób gúmmís (E 407/ E 410).

## A-6 Tafla til að umreikna fosföt.

E-númer	Efnafræðilegt heiti	Byggingarformúla	Mólþyngd	1 g efni = g P <sub>2</sub> O <sub>5</sub>	1 g P <sub>2</sub> O <sub>5</sub> = g efni
E 338	Fosförsýra	H <sub>3</sub> PO <sub>4</sub>	98,00	0,724	1,38
E 339 i	Mónónatriumfosfat	NaH <sub>2</sub> PO <sub>4</sub>	119,98	0,592	1,69
"	"	NaH <sub>2</sub> PO <sub>4</sub> , H <sub>2</sub> O	138,00	0,514	1,94
"	"	NaH <sub>2</sub> PO <sub>4</sub> , 2H <sub>2</sub> O	156,01	0,455	2,20
E 339 ii	Dínatriumfosfat	Na <sub>2</sub> HPO <sub>4</sub>	141,96	0,500	2,00
"	"	Na <sub>2</sub> HPO <sub>4</sub> , 2H <sub>2</sub> O	177,99	0,399	2,50
"	"	Na <sub>2</sub> HPO <sub>4</sub> , 7H <sub>2</sub> O	268,06	0,265	3,78
"	"	Na <sub>2</sub> HPO <sub>4</sub> , 12H <sub>2</sub> O	358,14	0,198	5,05
E 339 iii	Trínatriumfosfat	Na <sub>3</sub> PO <sub>4</sub>	163,94	0,433	2,31
"	"	Na <sub>3</sub> PO <sub>4</sub> , H <sub>2</sub> O	181,96	0,390	2,56
"	"	Na <sub>3</sub> PO <sub>4</sub> , 12H <sub>2</sub> O	380,12	0,187	5,36
E 340 i	Mónókalíumfosfat	KH <sub>2</sub> PO <sub>4</sub>	136,09	0,522	1,92
E 340 ii	Dikalíumfosfat	K <sub>2</sub> HPO <sub>4</sub>	174,18	0,407	2,45
E 340 iii	Trikalíumfosfat	K <sub>3</sub> PO <sub>4</sub>	212,28	0,334*)	2,99*)
E 341 i	Mónókalsíumfosfat	Ca(H <sub>2</sub> PO <sub>4</sub> ) <sub>2</sub>	234,05	0,606	1,65
E 341 ii	Dikalsíumfosfat	CaHPO <sub>4</sub> , 2H <sub>2</sub> O	172,09	0,412	2,43
E 341 iii	Trikalsíumfosfat	10 CaO, 3P <sub>2</sub> O <sub>5</sub> , H <sub>2</sub> O	1004,67	0,424	2,36
E 450 i	Dínatriumdifosfat	Na <sub>2</sub> H <sub>2</sub> P <sub>2</sub> O <sub>7</sub>	221,94	0,640	1,56
E 450 ii	Trínatriumdifosfat	"	"	"	"
E 450 iii	Tetranatriumdifosfat	Na <sub>4</sub> P <sub>2</sub> O <sub>7</sub>	265,90	0,534	1,87
"	"	Na <sub>4</sub> P <sub>2</sub> O <sub>7</sub> , 10H <sub>2</sub> O	446,05	0,318	3,14
E 450 iv	Dikalíumdifosfat	"	"	"	"
E 450 v	Tettrakalíumdifosfat	K <sub>4</sub> P <sub>2</sub> O <sub>7</sub>	330,34	0,430	2,33
"	"	K <sub>4</sub> P <sub>2</sub> O <sub>7</sub> , 3H <sub>2</sub> O	384,39	0,369	2,71
E 450 vi	Dikalsíumdifosfat	"	"	"	"
E 450 vii	Mónókalsíumdifosfat	"	"	"	"
E 451 i	Pentanatriumtrifosfat	Na <sub>5</sub> P <sub>3</sub> O <sub>10</sub>	367,86	0,579	1,73
"	"	Na <sub>5</sub> P <sub>3</sub> O <sub>10</sub> , 6H <sub>2</sub> O	475,95	0,447	2,24
E 451 ii	Pentakalíumtrifosfat	K <sub>5</sub> P <sub>3</sub> O <sub>10</sub>	448,41	0,475*)	2,11*)
E 452 i	Natriumpólýfosfat	(NaPO <sub>3</sub> ) <sub>n</sub> (n>3)	101,97xn	0,696	1,44
E 452 ii	Kalíumpólýfosfat	(KPO <sub>3</sub> ) <sub>s</sub>	118,08xn	0,601	1,66
E 452 iii	Natriumkalsíumpólýfosfat	"	"	"	"
E 452 iv	Kalsíumpólýfosfat	"	"	"	"

\*) Reiknað fyrir vatnsfritt efni.

## A-7 Tafla til að umreikna brennisteinssambönd.

E- númer	Efnafræðilegt samband	Byggingarformúla	Mólþyngd	1 g efni = g SO <sub>2</sub>	1 g SO <sub>2</sub> = g efni
E 220	Brennisteinsdíoxíð	SO <sub>2</sub>	64,06	1	1
E 221	Natriúmsúlfít	Na <sub>2</sub> SO <sub>3</sub>	126,05	0,508	1,97
"	"	Na <sub>2</sub> SO <sub>3</sub> , 7H <sub>2</sub> O	252,16	0,254	3,94
E 222	Natriumvetnissúlfít	NaHSO <sub>3</sub>	104,06	0,616	1,62
E 223	Natriumdísúlfít	Na <sub>2</sub> S <sub>2</sub> O <sub>3</sub>	190,11	0,674	1,48
E 224	Kalíumdísúlfít	K <sub>2</sub> S <sub>2</sub> O <sub>3</sub>	222,33	0,576	1,74
E 226	Kalsíumsúlfít	CaSO <sub>3</sub>	120,13	0,533*)	1,88*)
E 227	Kalsíumvetnissúlfít	Ca(HSO <sub>3</sub> ) <sub>2</sub>	202,22	0,634	1,58
E 228	Kalíumvetnissúlfít **)	KHSO <sub>3</sub>	120,16	0,533	1,88

\*) Reiknað fyrir vatnsfritt efni.

\*\*) Aðeins fánlegt í lausn með a.m.k. 280 g KHSO<sub>3</sub>/l.

**A-8 Tafla til að umreikna níttrit og nítrot.**

E-númer	Efnafræðilegt samband	Byggingarformúla	Mólþyngd	Umreikningar
E 249	Kalíumníttrit	$\text{KNO}_2$	85,10	1 g efni = 0,811 g $\text{NaNO}_2$
E 250	Natriumníttrit	$\text{NaNO}_2$	69,00	1 g efni = 1,233 g $\text{KNO}_2$
E 251	Natriumníttrat	$\text{NaNO}_3$	84,99	1 g efni = 1,190 g $\text{KNO}_3$
E 252	Kalíumníttrat	$\text{KNO}_3$	101,10	1 g efni = 0,841 g $\text{NaNO}_3$

**A-9 Listi yfir aukefni í númeraröð.**

E 100	Kúrkúmín	E 202	Kalíumsorbat
E 101	Ríbóflavín	E 203	Kalsíumsorbat
E 101	Ríbóflavín-5-fosfat	E 210	Bensósýra
E 102	Tartrasín	E 211	Natriumbensóat
E 104	Kínólíngult	E 212	Kalíumbensóat
E 110	Sunset Yellow FCF	E 213	Kalsíumbensóat
E 120	Karmín	E 214	Etýl-p-hýdroxibensóat
E 122	Asórúbín	E 215	Natriumetýl-p-hýdroxibensóat
E 123	Amarant	E 216	Própýl-p-hýdroxibensóat
E 124	Ponceau 4R	E 217	Natriumprópýl-p-hýdroxibensóat
E 127	Erytrósín	E 218	Metýl-p-hýdroxibensóat
E 129	Allúra rautt AC	E 219	Natriummetýl-p-hýdroxibensóat
E 131	Patent blátt V	E 220	Brennisteinsdíoxíð
E 132	Indigótín	E 221	Natriumsúlfít
E 133	Briljant blátt FCF	E 222	Natriumvetnissúlfít
E 140	Klórófyll	E 223	Natriumdísúlfít (pýrósfúlfít)
E 140	Klórófyllín	E 224	Kalíumdísúlfít (pýrósfúlfít)
E 141	Klórófyll-koparkomplex	E 226	Kalsíumsúlfít
E 141	Klórófyllín-koparkomplex	E 227	Kalsíumvetnissúlfít
E 142	Grænt S	E 228	Kalíumvetnissúlfít
E 150a	Karamellubrúnt	E 234	Nísín
E 150b	Karamellubrúnt, basískt, súlfiterað	E 235	Natamysín
E 150c	Karamellubrúnt, ammónierað	E 242	Dimetýldíkarbónat
E 150d	Karamellubrúnt, ammónierað, súlfiterað	E 249	Kalíumníttrit
E 151	Briljant svart PN	E 250	Natriumníttrit
E 153	Viðarkolsvart	E 251	Natriumníttrat
E 155	Brúnt HT	E 252	Kalíumníttrat
E 160a	Blönduð karótín/beta-karótín	E 260	Ediksýra
E 160b	Annattólausnir (bixín, norbixín)	E 261	Kalíumasetat
E 160c	Paprikuóleóresín (kapsantín, kapsórúbín)	E 262	Natriumasetat
E 160d	Lykópen	E 262	Natriumvetnissasetat
E 160e	Beta-apó-karótenal	E 263	Kalsíumasetat
E 160f	Beta-apó-karótensýruetýlester	E 270	Mjólkursýra
E 161b	Lútín	E 280	Própiónsýra
E 161g	Kantaxantín	E 281	Natriumprópiónat
E 162	Rauðrófulitur (betanín)	E 282	Kalsíumprópiónat
E 163	Antósýanlausnir	E 283	Kalíumprópiónat
E 170	Kalsíumkarbónat	E 284	Bórsýra
E 170	Kalsíumvetniskarbónat	E 285	Natriumtetrabórat
E 171	Titandíoxíð	E 290	Koldíoxíð
E 172	Járnnoxíð og járnhýdroxíð	E 296	Eplásýra
E 173	Ál	E 297	Fúmarsýra
E 174	Silfur	E 300	Askorbínsýra
E 175	Gull	E 301	Natriumaskorbat
E 180	Litólúbín BK	E 302	Kalsíumaskorbat
E 200	Sorbínsýra	E 304	Askorbýlpalmitat
		E 304	Askorbýlsterat

E 306	Tókóferól (náttúrulegt)	E 404	Kalsíumalgínat
E 307	Alfa-Tókóferól (gerviefni)	E 405	Própýlenglýkólagínat
E 308	Gamma-Tókóferól (gerviefni)	E 406	Agar
E 309	Delta-Tókóferól	E 407	Karragenan
E 310	Própýlgallat	E 407a	Unnir eucheuma þörungar
E 311	Oktylgallat	E 410	Karób gúmmí
E 312	Dódesýlgallat	E 412	Gúar gúmmí
E 315	Ísóaskorbínsýra (Erythorbic sýra)	E 413	Tragant
E 316	Natríumísóaskorbat	E 414	Arabískt gúmmí
E 320	BHA (Bútýlhýdroxíanisól)	E 415	Xantan gúmmí
E 321	BHT (Bútýlhýdroxítólúen)	E 416	Karaya gúmmí
E 322	Lesítín	E 417	Tara gúmmí
E 325	Natríumlaktat	E 418	Gellan gúmmí
E 326	Kalíumlaktat	E 420	Sorbitól
E 327	Kalsíumlaktat	E 420	Sorbitólsíróp
E 330	Sítrónusýra	E 421	Mannítól
E 331	Mónónatríumsítrat	E 422	Glýseról
E 331	Dínatríumsítrat	E 425	Konjak
E 331	Trínatríumsítrat	E 431	Pólýoxietýlensterat
E 332	Mónókalíumsítrat	E 432	Pólýoxietýlen sorbitanmónólaurat
E 332	Trikalíumsítrat	E 433	Pólýoxietýlen sorbitanmónóóleat
E 333	Mónókalsíumsítrat	E 434	Pólýoxietýlen sorbitanmónópalmitat
E 333	Díkalsíumsítrat	E 435	Pólýoxietýlen sorbitanmónósterat
E 333	Trikálsíumsítrat	E 436	Pólýoxietýlen sorbitantrísterat
E 334	Vínsýra	E 440	Pektín
E 335	Mónónatríumtartarat	E 440	Pektín, amíderað
E 335	Dínatríumtartarat	E 442	Ammóníumfosfatíð
E 336	Mónókalíumtartarat	E 444	Súkrósuasetat ísóbutýrat
E 336	Dikalíumtartarat	E 445	Glýserólesterar úr viðarkvoðu
E 337	Natríumkalíumtartarat	E 450	Dínatríumdífosfat
E 338	Fosfórsýra	E 450	Trínatríumdífosfat
E 339	Mónónatríumfosfat	E 450	Tetranatríumdífosfat
E 339	Dínatríumfosfat	E 450	Dikalíumdífosfat
E 339	Trínatríumfosfat	E 450	Tetrakalíumdífosfat
E 340	Mónókalíumfosfat	E 450	Díkalsíumdífosfat
E 340	Dikalíumfosfat	E 450	Mónókalsíumdífosfat
E 340	Trikalíumfosfat	E 451	Pentanatríumtrífosfat
E 341	Mónókalsíumfosfat	E 451	Pentakalíumtrífosfat
E 341	Díkalsíumfosfat	E 452	Natríumpólýfosfat
E 341	Trikálsíumfosfat	E 452	Kalíumpólýfosfat
E 343	Mónókalsíumfosfat	E 452	Natríumkalsíumpólýfosfat
E 343	Díkalsíumfosfat	E 452	Kalsíumpólýfosfat
E 350	Natríummalat	E 459	Betacyklódestrín
E 350	Natríumvetnismalat	E 460	Sellulósa, fínkristölluð
E 351	Kalíummalat	E 460	Sellulósuduft
E 352	Kalsíummalat	E 461	Metýlsellulósa
E 352	Kalsíumvetnismalat	E 463	Hýdroxíprópýlsellulósa
E 353	Metavínsýra	E 464	Hýdroxíprópýlmetýlsellulósa
E 354	Kalsíumtartarat	E 465	Metýletýlsellulósa
E 355	Adípínsýra	E 466	Karboxímetýlsellulósa
E 356	Natríumadípat	E 466	Natríumkarboxímetýlsellulósa
E 357	Kalíumadípat	E 469	Ensim hydrolíseruð sellulósa
E 363	Succinic sýra	E 470a	Fítusýrur, natríum-, kalíum- og kalsíumsölt
E 380	Triammóníumsítrat	E 470b	Fítusýrur, magnesíumsölt
E 385	Kalsíumdínatríum-EDTA	E 471	Mónó- og díglýseríð fítusýra
E 400	Algínsýra	E 472a	Mónó- og díglýseríð edíksýru
E 401	Natríumalgínat	E 472b	Mónó- og díglýseríð mjólkursýru
E 402	Kalíumalgínat	E 472c	Mónó- og díglýseríð sítrónusýru
E 403	Ammóníumalgínat	E 472d	Mónó- og díglýseríð vinsýru

E 472e	Mónó- og díglýseríð, mónó- og díasetýlvínsýru	E 553a	Magnesiumtrísílikat
E 472f	Blönduð mónó- og díglýseríð edíksýru og vínsýru	E 553b	Talkúm, asbestfrítt
E 473	Súkrósufítusýruesterar	E 554	Natríumálsílikat
E 474	Súkróglýseríð	E 555	Kalíumálsílikat
E 475	Pólyglýserólfitusýruesterar	E 556	Kalsíumálsílikat
E 476	Pólyglýserólesterar interesteraðrar ríkinólsýru	E 558	Bentónít
E 477	Própýlenglýkólfitusýruesterar	E 559	Álsílikat
E 479b	Hitaoxuð sojaaolía með mónó- og díglýseríðum fítusýra	E 570	Fítusýrur
E 481	Natríumsteróýllaktýlat	E 574	Glúkónsýra
E 482	Kalsíumsteróýllaktýlat	E 575	Glúkónó-delta-laktón
E 483	Sterýltartarat	E 576	Natríumglúkónat
E 491	Sorbitanmónósterat	E 577	Kalíumglúkónat
E 492	Sorbitantrísterat	E 578	Kalsíumglúkónat
E 493	Sorbitanmónólaurat	E 579	Járnglúkónat
E 494	Sorbitanmónóóleat	E 585	Járnlatat
E 495	Sorbitanmónópalmítat	E 620	Glútamínsýra
E 500	Natríumkarbónat	E 621	Mónónatríumglúamat (MSG)
E 500	Natríumvetniskarbónat	E 622	Mónókalíumglúamat
E 500	Natríumsesquikarbónat	E 623	Kalsíumdíglúamat
E 501	Kalíumkarbónat	E 624	Mónóammóníumglúamat
E 501	Kalíumvetniskarbónat	E 625	Magnesiumdíglúamat
E 503	Ammóníumkarbónat	E 626	Gúanýlsýra
E 503	Ammóníumvetniskarbónat	E 627	Dínatríumgúanýlat
E 504	Magnesiumkarbónat	E 628	Dikalíumgúanýlat
E 504	Magnesiumvetniskarbónat	E 629	Kalsíumgúanýlat
E 507	Saltsýra	E 630	Inósínsýra
E 508	Kalíumklóríð	E 631	Dínatríumínósínat
E 509	Kalsíumklóríð	E 632	Dikalíumínósínat
E 511	Magnesiumklóríð	E 633	Kalsíumínósínat
E 512	Tínklóríð	E 634	Kalsíumríbónúkleótíð
E 513	Brennisteinssýra	E 635	Dínatríumríbónúkleótíð
E 514	Natríumsúlfat	E 640	Glýsín
E 514	Natríumvetnissúlfat	E 640	Natríumglýsínat
E 515	Kalíumsúlfat	E 900	Dimetýlpólýsíloxan
E 515	Kalíumvetnissúlfat	E 901	Bíavax (hvítt og gult)
E 516	Kalsíumsúlfat	E 902	Candelíllavax
E 517	Ammóníumsúlfat	E 903	Karnúbavax
E 520	Álsúlfat	E 904	Skellakk
E 521	Natríumálsúlfat	E 907	Hert póly-1-deken
E 522	Kalíumálsúlfat	E 912	Montansýruesterar
E 523	Ammóníumálsúlfat	E 914	Oxað pólyetýlenvax
E 524	Natríumhýdroxíð	E 927b	Karbamíð
E 525	Kalíumhýdroxíð	E 938	Argon
E 526	Kalsíumhýdroxíð	E 939	Helíum
E 527	Ammóníumhýdroxíð	E 941	Köfnunarefni
E 528	Magnesiumhýdroxíð	E 942	Köfnunarefnisoxíð
E 529	Kalsíumoxíð	E 943a	Bútan
E 530	Magnesiumoxíð	E 943b	Ísóbútan
E 535	Natríumferrósýaníð	E 944	Própan
E 536	Kalíumferrósýaníð	E 948	Súrefni
E 538	Kalsíumferrósýaníð	E 949	Vetni
E 541	Natríumálfosfat	E 950	Asesúlfam-K
E 551	Kísíldíoxíð	E 951	Aspartam
E 552	Kalsíumsílikat (asbestfrítt)	E 952	Sýklamínsýra
E 553a	Magnesiumsílikat	E 952	Kalsíumsýklamat
		E 952	Natríumsýklamat
		E 953	Ísómalt
		E 954	Sakkarín
		E 954	Kalsíumsakkarínat

E 954	Kalíumsakkarínat	E 1414	Asetýlerað disterkjufosfat
E 954	Natríumsakkarínat	E 1420	Sterkjuasetat
E 955	Súkralósi	E 1422	Asetýlerað disterkjuadipat
E 957	Támatín	E 1440	Hýdroxíprópýlsterkja
E 959	Neóhesperidín DC	E 1442	Hýdroxíprópýldisterkjufosfat
E 962	Aspartam- og asesúlfamsalt	E 1450	Natríumoktenýlsuccinatsterkja
E 965	Maltítól	E 1505	Trietýlsítrat
E 965	Maltítól síróp	E 1507	Glýserýl díasetat (díasetín)
E 966	Laktítól	E 1518	Glýserýl tríasetat (tríasetín)
E 967	Xylítól	E 1520	Própýlenglýkól
E 999	Quillaia kjarni		
E1103	Invertasi	510	Ammóníumklóríð
E 1105	Lýsósím		
E 1200	Pólýdextrósi		Amýlasi
E 1201	Pólývínýlpyrrolidón		Papain
E 1202	Pólývínýlpólýpyrrolidón		Pepsín
E 1404	Sterkja, oxuð		Rennín
E 1410	Mónósterkjufosfat		Kínín og sólt
E 1412	Disterkjufosfat		Pektínasi
E 1413	Fosfaterað disterkjufosfat		

#### A-10 Tafla fyrir aukefni sem leyfilegt er að nota í bragðefni og hafa ekki áhrif á lokaafurð.

Aukefnaflokkur	Heiti efnis	Nr.	Athugasemdir
Rotvarnarefni	Sorbínsýra og sorböt	E 200, E 202-203	} Alls 1,5 g/kg
	Bensósýra og bensóöt	E 210-213	
Þráavarnarefni	Gallöt	E 310-312	} Alls 100 mg/kg, þó ekki með E 320 } Alls 200 mg/kg, þó ekki með E 310-312
	BHA	E 320	
	Gallöt	E 310-312	} Alls 1 g/kg, aðeins í ilmkjarnaoliur
	BHA	E 320	
	Fosförsýra og Fosföt	E 338, E 339-341, 343, E 450-452	} Alls 40 g/kg
	Karayagúmmi	E 416	50 g/kg
	Pólýoxietýlen-sorbitanesterar	E 432-436	Í bragðefni nema fljótandi reykbragðefni og bragðefnaoleoresín <sup>1)</sup> , alls 10 g/kg, Í matvæli með fljótandi reykbragðefnum og bragðefnaoleoresín, alls 1 g/kg
	Betasýklódestrín	E 459	Í hjúpuð bragðefni fyrir bragðbætt te og auðleysanlega drykki alls 500 mg/l, og í nasl, tilbúið til neyslu eða útbúið samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda, alls 1 g/kg.
	Kísíldíoxíð	E 551	50 g/kg
	Dimetýlpólýsiloxan	E 900	10 mg/kg
	Trietýlsítrat	E 1505	} Í matvæli tilbúin til neyslu eða útbúin skv. leiðbeiningum framleiðanda, alls 3 g/kg.
	Glýserýl díasetat	E 1517	
	Glýserýl tríasetat	E 1518	
	Própýlenglýkól	E 1520	
	Bensýl alkóhól	E 1519	Í gosdrykki, 1 g/l
	Sjá einnig lista, kafla A-2		Fyrir bragðefni til notkunar í líkjöra, bragðbætt vín, bragðbætta drykki úr víni og kokteila úr víni, 100 mg/l drykkjarvöru. Í sælgæti þ.m.t.
			GFH

1) Með bragðefnaoleoresín er átt við kryddextrókt þar sem leysiefni hefur verið eimað frá og eftir stendur blanda af rokkgjarnri olíu og resinefni.



## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á: tilskipun 2004/46/EB, sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2004, þann 29. september 2004, tilskipun 2004/47/EB sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2004, þann 29. september 2004, tilskipun 2003/95/EB sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2004, þann 19. mars 2004, tilskipun 2004/45/EB sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2004, þann 29. september 2004, tilskipun 2003/114/EB sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2004, þann 24. september 2004 og tilskipun 2003/115/EB sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2004, þann 24. september 2004.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. maí 2005.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Sigrún Ágústsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um (16.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

## 1. gr.

Í reglugerð um (7.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri sem gefin var út 18. mars 2003, breytist eftirfarandi:

Í 2. gr. bættist við 13. lið, örverur, í D-hluta, 3. viðauka, II. kafla. Þar birtust töluliðir sem áttu að vera í veldissæti en komu út venjulegir, taflan birtist hér aftur og nú leiðrétt:

Í 3. viðauka, D-hluta, 13. lið, örverur, bættist við eftirfarandi, sbr. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2200/2001/EB:

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði
3	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> NCYC Sc 47	Efnaþandla <i>Saccharomyces cerevisiae</i> sem inniheldur að lágmarki: $5 \times 10^9$ CFU/g aukefnis	Mjólkurkúr	—	$4 \times 10^8$	$2 \times 10^9$	Í notkunarlíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhlita, geymsluþol og þol við kögguln Magn <i>Saccharomyces cerevisiae</i> í dagskammti skal ekki fara yfir $5,6 \times 10^9$ CFU á hver 100 kg líkamsþyngdar. $8,75 \times 10^9$ CFU er bætt við á hver umfram 100 kg líkamsþyngdar
5	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> CBS 493.94	Efnaþandla <i>Saccharomyces cerevisiae</i> sem inniheldur að lágmarki: $1 \times 10^8$ CFU/g aukefnis	Mjólkurkúr	—	$5 \times 10^7$	$3,5 \times 10^8$	Í notkunarlíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhlita, geymsluþol og þol við kögguln Magn <i>Saccharomyces cerevisiae</i> í dagskammti skal ekki fara yfir $1,2 \times 10^9$ CFU á hver 100 kg líkamsþyngdar. $1,7 \times 10^8$ CFU er bætt við á hver umfram 100 kg líkamsþyngdar
19	<i>Streptococcus infantarius</i> CNCM 1-841 <i>Lactobacillus plantarum</i> CNCM 1-840	Blanda: <i>Streptococcus infantarius</i> og <i>Lactobacillus plantarum</i> sem inniheldur að lágmarki: <i>Streptococcus infantarius</i> $0,5 \times 10^9$ CFU/g og: <i>Lactobacillus plantarum</i> $2 \times 10^9$ CFU/g	Kálfar	6 mánuðir	<i>Streptococcus infantarius</i> : $1 \times 10^9$ <i>Lactobacillus plantarum</i> : $0,5 \times 10^9$	<i>Streptococcus infantarius</i> : $1 \times 10^9$ <i>Lactobacillus plantarum</i> : $0,5 \times 10^9$	Í notkunarlíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhlita, geymsluþol og þol við kögguln
20	<i>Bacillus licheniformis</i> DSM 5749 <i>Bacillus subtilis</i> DSM 5750 (í hlutfallinu 1/1)	Blanda: <i>Bacillus licheniformis</i> og <i>Bacillus subtilis</i> sem inniheldur að lágmarki: $3,2 \times 10^9$ CFU/g aukefnis ( $1,6 \times 10^9$ CFU/g af hvortri bakteríu)	Gyltur	15 daga fyrir got og á mjólkur- skeiði	$0,96 \times 10^9$	$1,92 \times 10^9$	Í notkunarlíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhlita, geymsluþol og þol við kögguln
			Eldissvín	—	$0,48 \times 10^9$	$1,28 \times 10^9$	Í notkunarlíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhlita, geymsluþol og þol við kögguln

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði
			Eldskjúklingar	—	$3,2 \times 10^9$	$3,2 \times 10^9$	I notunarléiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln. Má nota í fæðublöndur sem innihalda hin leyfðu hnislalyf: amprólíum/etópabat, diklasúríl, halófüginón, metíklórþindól/metyl-bensókat, natríummónensín, níkarbasín, róbenidín og natríumsalínómýsín.
			Eldskalkúnar	—	$1,28 \times 10^9$	$3,2 \times 10^9$	I notunarléiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln. Má nota í fæðublöndur sem innihalda hin leyfðu hnislalyf: amprólíum/etópabat, diklasúríl, halófüginón, metíklórþindól/metyl-bensókat, natríummónensín, nífuorsól og róbenidín.
			Kálfar	6 mánuðir	$1,28 \times 10^9$	$1,6 \times 10^9$	I notunarléiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln.
21	<i>Enterococcus faecium</i> DSM 3530	Efnablanda <i>Enterococcus faecium</i> sem inniheldur að lágmarki: $2,5 \times 10^9$ CFU/g	Kálfar	6 mánuðir	$1 \times 10^9$	$1 \times 10^9$	I notunarléiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og með hliðsjón af eftirtöldum gerðum sem vísað er til í I. viðauka II. kafla samningsins um Evrópska efnahagssvæðið; reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2200/2001/EB, eins og henni var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2002. Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 20. maí 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

---

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmstöttir.*

## REGLUGERÐ

### um (17.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

## 1. gr.

1. ml. 1. mgr. 27. gr. orðist svo:

Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd aðfangaeftirlitsins skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 0,9% af innflutningsverði (c.i.f.) fóðurvöru að undanskildu fiskimjöli og lýsi en þar skal gjaldið vera 0,10% af innflutningsverði (c.i.f.), sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 0,9% af söluverði innlendrar fóðurvöru að undanskildu fiskimjöli og lýsi en þar skal gjaldið vera 0,10% (án vsk) af söluverði, sem innheimt skal tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, á eyðublöðum aðfangaeftirlitsins.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og tekur þegar gildi. Reglugerðin hefur verið tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/EBE um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða eins og henni var breytt með tilskipun nr. 98/48/EBE.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 23. maí 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

---

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmstöttir.*

## REGLUGERÐ um merkingu matvæla.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um merkingar matvæla sem dreift er til neytenda og atriði viðvíkjandi kynningu og auglýsingu þeirra. Reglugerð þessi gildir einnig um merkingar matvæla sem dreift er til veitingahúsa, heilbrigðisstofnana, mótuneyta og annarra sambærilegra stóreldhúsa. Reglugerðin gildir ekki um merkingar matvæla sem ætluð eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um einstök matvæli eða matvælaflokka gilda einnig eftir atvikum sérstakar reglugerðir.

### 2. gr.

#### *Markmið.*

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja að neytendur fái réttar og greinargóðar upplýsingar um þau matvæli sem boðin eru til sölu, auglýst eða kynnt með öðrum hætti.

### 3. gr.

#### *Skilgreiningar.*

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

1. „*Best fyrir*“ og „*Best fyrir lok*“ merkingar gefa til kynna lágmarksgeymsluþol vöru við þau geymsluskilyrði sem við eiga. Varan getur haldið eiginleikum sínum og verið neysluhæf eftir tilgreint lágmarksgeymsluþol. Óheimilt er að dreifa vörunni eftir tilgreint tímabil.
2. *Dreifing* er hvers konar flutningur, framboð og afhending, þ.m.t. innflutningur, útflutningur og sala. Hér er einnig átt við geymslu og annað sem tengist dreifingu.
3. *Forþökkun* vara er vara sem er sett í umbúðir án þess að kaupandinn sé viðstaddur og þegar magn vörunnar sem í umbúðunum er hefur fyrirfram ákvarðað gildi sem ekki er hægt að breyta án þess að opna umbúðirnar eða breyta þeim svo sjáanlegt sé.
4. *Framleiðslulota* merkir samsafn sölueininga matvæla sem eru framleidd eða er pakkað við nánast sömu skilyrði.
5. *Innihaldsefni* merkir hráefni, aukefni og önnur efni, sem notuð eru við framleiðslu matvæla og finnast í lokaafurð, jafnvel þó í breyttri mynd sé. Ef innihaldsefni matvæla er sjálft afurð úr nokkrum innihaldsefnum skulu þau talin innihaldsefni matvæla sem um er að ræða.
6. *Matvæli* eru hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn.
7. *Merking* eru orð, upplýsingar, vörumerki, sérheiti, myndefni eða tákn sem tengjast matvælum og eru sett á umbúðir, skjöl, tilkynningar, merkimiða, hringi eða kraga sem fylgja matvælunum eða vísa til þeirra.
8. *Þökkunardagur* er sá dagur þegar vörunni er pakkað í þær umbúðir sem henni er dreift í.
9. *Síðasti neysludagur* merkir lok þess tímabils sem varan heldur gæðum sínum. Óheimilt er að dreifa vörunni eftir dagsetningu síðasta neysludags.
10. *Stóreldhús* eru veitingahús, eldhús heilbrigðisstofnana, mótuneyti og önnur sambærileg starfsemi.
11. *Umbúðir* eru neytendaumbúðir eða þær umbúðir sem vöru er pakkað í til dreifingar til stóreldhúsa. Þær umlykja vöruna að einhverju eða öllu leyti þannig að notkun hennar er háð því að umbúðir séu rofnar.

## 4. gr.

*Ábyrgð framleiðenda/dreifingaraðila.*

Óheimilt er að dreifa matvælum sem ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar og sérreglugerða um merkingu, auglýsingu og kynningu. Framleiðandi eða dreifingaraðili vöru er ábyrgur fyrir því að merking hennar, auglýsing eða kynning sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og þeirra sérreglugerða sem við eiga.

## 5. gr.

*Almenn ákvæði.*

Merking skal vera greinileg og læsileg og hana má ekki á nokkurn hátt dylja, hylja eða slíta úr samhengi við annað les- eða myndmál. Hún skal vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku, en þó er heimilt að upplýsingar séu gefnar á fleiri en einu tungumáli.

Merking skal ekki vera blekkjandi fyrir kaupanda eða móttakanda, einkum að því er varðar sérkenni matvælna, nánar tiltekið eðli þeirra, auðkenni, eiginleika, tegund, samsetningu, þyngd, geymsluþol, uppruna, aðferð við gerð eða framleiðslu. Óheimilt er að:

1. eigna matvælum áhrif eða eiginleika sem þau hafa ekki,
2. gefa í skyn að matvæli hafi tiltekin sérkenni, ef öll sambærileg matvæli hafa í raun þessi sérkenni,
3. eigna matvælum þá eiginleika að fyrirbyggja eða vinna á sjúkdómum manna, hafa lækningarmátt eða að vísa til þess háttar eiginleika.

Bönn og takmarkanir, sem um getur í 2. og 3. mgr. gilda einnig um kynningu matvæla, einkum hvað varðar löggun, útlit eða umbúðir, umbúðaefni sem notuð eru, hvernig þeim er komið fyrir og við hvaða aðstæður þau eru höfð til sýnis, svo og auglýsingar.

## 6. gr.

*Merkingar sem skylt er að setja á neytendaumbúðir.*

Skylt er að merkja matvæli með eftirfarandi:

1. Vöruheiti, sbr. ákvæði 7. gr.
2. Innihaldslýsing, sbr. ákvæði 8.-13. gr.
3. Magn tiltekinna innihaldsefna eða flokka innihaldsefna sbr. ákvæði 14. gr.
4. Nettóþyngd þegar um er að ræða matvæli í neytendaumbúðum, sbr. ákvæði 15.-18. gr.
5. Geymslukilyrði, sbr. ákvæði 19. gr.
6. Geymsluþol, sbr. ákvæði 20. - 22. gr.
7. Heiti eða fyrirtækjaheiti og heimilisfang framleiðanda, pökkunaraðila eða seljanda með aðsetur á Evrópska efnahagssvæðinu. Heimilisfang skal gefið upp sem bær, borg eða hérað en auk þess er heimilt að skrá götuheiti, húsnúmer og/eða símanúmer.
8. Upplýsingar um uppruna eða framleiðsluland ef skortur á slíkum upplýsingum gæti villt um fyrir neytendum hvað varðar réttan uppruna matvælna.
9. Notkunarleiðbeiningar ef ekki er unnt að nýta matvælin á réttan hátt án slíkra leiðbeininga. sbr. 23. gr.
10. Styrk vínanda miðað við rúmmál í drykkjarvörum sem innihalda meira en 1,2% af vínanda miðað við rúmmál, sbr. ákvæði 24. gr.
11. Framleiðslulota, sbr. 25. – 26. gr.

Í viðauka 6 við reglugerð þessa er kveðið á um viðbótarupplýsingar sem tilgreina skal í merkingum viðkomandi matvæla.

Upplýsingar um vöruheiti, nettóþyngd, geymsluþol og styrk vínanda, þegar við á, skulu vera á sama sjónsviði.

Pegar um er að ræða margnota glerflöskur óafmáanlega merktar sem hafa engan merki-miða, hring eða kraga eða umbúðir þar sem stærsti flöturinn er minni en 10 cm<sup>2</sup> að flatarmáli er einungis nauðsynlegt að gefa upp vöruheiti, nettóþyngd og geymsluþol sbr. þó ákvæði 13. gr.

#### 7. gr.

##### *Vöruheiti.*

Matvæli skulu bera það vöruheiti sem mælt er fyrir um í þeim reglum sem gilda um viðkomandi vörutegund. Vanti slíkt heiti er notast við hefðbundið heiti eða lýsingu á vörunni eða notkun hennar, sem er nógu nákvæm til að kaupandinn fái rétta hugmynd um eðli vörunnar, og til að unnt sé að greina hana frá öðrum sambærilegum matvælum sem hún gæti verið tekin í misgrípum fyrir.

Vörumerki eða glysheiti má ekki koma í stað vöruheitis.

Á kartöfluumbúðum skal tegundarheiti koma skýrt fram.

Í vöruheiti eða í tengslum við það, skulu koma fram upplýsingar um ástand eða hvaða meðhöndlun matvæli hafa fengið, svo sem möluð, frostþurrkuð, hraðfryst, þykkt, reykt, í öllum þeim tilvikum þar sem skortur á slíkum upplýsingum gæti villt um fyrir kaupandanum. Sé um að ræða matvæli sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun skulu þau bera merkinguna „meðhöndlað með jónandi geislun,“ eða „geislað“.

#### 8. gr.

##### *Innihaldslýsing.*

Innihaldslýsing skal birt á eftir orðinu „Innihald“ eða „Innihaldslýsing“ og skal hún veita greinargóðar upplýsingar um samsetningu vörunnar. Auk þess að vera í samræmi við ákvæði þessarar greinar skal innihaldslýsing vera í samræmi við ákvæði 9.-13. gr. svo og viðauka 1, 2, 4 og 6 við þessa reglugerð.

Öll innihaldsefni skal tilgreina eftir minnkandi magni eins og þau eru notuð við framleiðslu vörunnar.

Þrátt fyrir 2. mgr.:

- a) skal tilgreina vatn og rokgjörn efnasambönd, sem notuð eru við framleiðslu, í innihaldslýsingu miðað við þyngd þeirra í lokaafurð. Vatnsinnihald skal þá reiknað með því að draga þyngd annarra innihaldsefna frá heildarþyngd lokaafurðar. Ef vatn reynist undir 5% af nettóþyngd vörunnar er ekki skylt að tilgreina það í innihaldslýsingu,
- b) er heimilt að tilgreina innihaldsefni, sem notuð eru þykkt eða þurrkuð og sem vatni er bætt aftur í við framleiðslu, í röð eftir magni eins og það var fyrir þykkingu eða þurrkun,
- c) er heimilt, fyrir þykktar eða þurrkaðar vörur, sem ætlast er til að verði þynntar eða leystar upp með vatnsíblöndun, að tilgreina innihald samkvæmt hlutföllum í þynntri eða uppleystri vörunni, að því tilskildu að innihaldslýsingunni fylgi athugasemd á borð við „innihald í þynntri/uppleystri vöru“ eða „innihald í vörunni tilbúinni til notkunar“,
- d) er heimilt fyrir ávaxta-, grænmetis- og sveppablöndur, þar sem ekki er umtalsvert meira af einni tegund en annarri miðað við þyngd, að tilgreina innihald þannig að vikið er frá magnröð, að því tilskildu að innihaldslýsingunni fylgi athugasemd á borð við „breytilegt hlutfall“ ásamt upptalningu á þeim ávöxtum, grænmeti og/eða sveppum sem í blöndunni eru. Blandan skal gefin upp í innihaldslýsingu í samræmi við 1. og 2. mgr.,
- e) er heimilt, fyrir blöndur af kryddi eða kryddjurtum þar sem ekki er umtalsvert meira af einni tegund en annarri miðað við þyngd, að tilgreina innihald þannig að vikið er

frá magnröð, að því tilskildu að innihaldslýsingunni fylgi athugasemd á borð við „breytilegt hlutfall“,

- f) er heimilt að tilgreina innihaldsefni sem eru innan við 2% af lokaafurð í hvaða röð sem er aftan við þau innihaldsefni sem tilgreind eru eftir minnkandi magni,
- g) er heimilt, þegar innihaldsefni er skipt út fyrir annað sambærilegt innihaldsefni við framleiðslu matvæla án þess að það breyti samsetningu, eðli eða skynrænum eiginleikum lokaafurðar og ef efnið er innan við 2% af lokaafurð, að í innihaldslýsingu komi fram „inniheldur.....og / eða ...“ þegar a.m.k. annað efnanna tveggja er til staðar í lokaafurð. Þetta ákvæði á þó ekki við um aukefni sem skráð eru í viðauka 2.

#### 9. gr.

##### *Innihaldslýsing óþörf.*

Innihaldslýsing er óþörf þegar um er að ræða:

- a) ferska ávexti og grænmeti, þar með taldar kartöflur, sem hvorki hafa verið flysjaðar, sneiddar né meðhöndlaðar á annan sambærilegan hátt,
- b) kolsýrt vatn, þar sem í merkingu kemur fram að það hafi verið kolsýrt,
- c) gerjað edik sem er unnið úr einu hráefni, að því tilskildu að engum öðrum innihaldsefnum hafi verið bætt við,
- d) ost, smjör, gerjaða mjólk og rjóma, að því tilskildu að engum innihaldsefnum hafi verið bætt í öðrum en mjólkurvörum, ensímum og örverustofnum, sem nauðsynlegir eru vegna framleiðslu, eða salti sem nauðsynlegt er til framleiðslu osta annarra en ferskra eða bræddra osta,
- e) vörur úr einu hráefni þar sem vöruheitið er það sama og heitið á hráefninu eða er lýsandi fyrir hráefnið,
- f) brennd og óbrennd vín. Sama gildir um drykkjarvörur sem innihalda meira en 1,2% alkóhól. Sjá þó 13. gr.

#### 10. gr.

##### *Hvað telst ekki til innihaldsefna.*

Eftirfarandi telst ekki til innihaldsefna:

- a) efnisþættir innihaldsefnis sem tímabundið hafa verið skildir frá í framleiðsluferlinu og síðar bætt í aftur en ekki umfram upprunaleg hlutföll,
- b) aukefni sem berast í matvæli einungis vegna þess að þau eru efnisþáttur í hráefnum þeirra og gegna engu tæknilegu hlutverki í lokaafurð,
- c) efni sem eru notuð sem tæknileg hjálparefni við framleiðslu, og efni sem eru í einhverju magni sem nauðsynlegur leysir eða burðarefni fyrir aukefni og bragðefni,
- d) efni sem ekki eru aukefni en eru notuð á sama hátt og í sama tilgangi og tæknileg hjálparefni og eru til staðar í lokaafurð, jafnvel þó í breyttri mynd sé.

#### 11. gr.

##### *Sérheiti innihaldsefna.*

Innihaldsefni skulu bera sitt sérheiti í samræmi við það sem lýst er í 7. gr.

Eigi að síður:

- a) er heimilt að nota flokksheiti fyrir ákveðin hráefni samkvæmt viðauka 1, Heitonum „sterkja“ og „umbreytt sterkja“ skal þó alltaf fylgja ábending um sérstakan uppruna úr jurtaríkinu séu líkur á því að þær innihaldi glúten, sbr. 13. gr.,
- b) skulu aukefni, sem heyra undir einhvern flokkanna í viðauka 2, merkt með heiti þess flokks og á eftir skal koma sérheiti eða E-númer. Ef aukefnið heyrir undir fleiri en



einn flokk skal tilgreina flokkinn sem best lýsir meginhlutverki efnisins í viðkomandi vöru,

- c) skal merkja bragðefni í samræmi við viðauka 2.

#### 12. gr.

##### *Samsett innihaldsefni.*

Heimilt er að merkja samsett innihaldsefni undir eigin heiti í innihaldslýsingu, að því tilskildu að jafnframt fylgi með innihaldslýsing efnanna.

Slíka lýsingu þarf þó ekki þegar samsett innihaldsefni eru:

- a) skilgreind samkvæmt sérreglugerðum og eru minna en 2% af lokaafurð. Þessi undantekning gildir ekki um aukefni, sbr. þó ákvæði 10. gr.,
- b) blanda af kryddi og/eða kryddjurtum sem inniheldur engin aukefni og er minna en 2% af lokaafurð,
- c) undanþegin kröfu um innihaldslýsingu samkvæmt öðrum sérreglugerðum.

#### 13. gr.

##### *Ofnæmis- og óþolsvaldar.*

Þrátt fyrir ákvæði 9., 11. og 12. gr. skal merkja með skýrum hætti öll innihaldsefni sem eru á lista 1 yfir ofnæmis- og óþolsvalda í viðauka 4 eða eru upprunnin úr þeim ef þau eru notuð í framleiðslu matvæla og eru enn til staðar í lokaafurð, jafnvel þó í breyttri mynd sé. Þetta á þó ekki við ef heiti innihaldsefnis kemur skýrt fram í heiti vörunnar.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. skulu öll efni og efnisþættir sem upprunnin eru úr einhverju þeirra innihaldsefna sem fram koma á lista 1 yfir ofnæmis- og óþolsvalda í viðauka 4 teljast innihaldsefni ef þau eru notuð í framleiðslu matvæla og eru til staðar í lokaafurð, jafnvel þó í breyttri mynd sé. Í innihaldslýsingu skal koma skýrt fram úr hvaða ofnæmis- eða óþolsvaldi af lista 1 í viðauka 4 þau eiga uppruna sinn.

Þrátt fyrir f-lið 9. gr. skal tilgreina í innihaldslýsingu efnin sem eru á lista 1 í viðauka 4 í drykkjarvörum með yfir 1,2% vínanda með orðinu „inniheldur“. Þetta á þó ekki við ef heiti innihaldsefnis kemur skýrt fram í heiti vörunnar.

#### 14. gr.

##### *Magnmerkingar.*

Ef merking matvæla gefur til kynna magn eða undirstrikar mikilvægi eins eða fleiri innihaldsefna eða ef ákveðin innihaldsefni eru venjulega tengd heiti matvæla eða eru nauðsynleg til að einkenna matvælin og greina þau frá vörum sem þau kunna að vera tekin í misgripum fyrir skal magn þeirra koma fram í tengslum við heiti vörunnar eða í innihaldslýsingu.

Magn innihaldsefna skal gefið upp í prósentum eins og það er notað við framleiðslu vörunnar nema annað sé ákveðið sbr. 8. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um innihaldsefni eða flokka þeirra þegar:

1. Nettóþyngd efnanna er tilgreind samkvæmt ákvæði um vörur í legi sbr. 18. gr.
2. Aðrar sérreglur hafa verið settar um merkingu þeirra eða að sérreglur gera kröfu um að efnið sé í vörunni í tilteknu magni, án þess að sérstök krafa sé gerð um merkingu.
3. Efnin eru notuð í litlu magni sem bragðefni.
4. Efnin koma fram í heiti vörunnar, en hafa ekki áhrif á fæðuval neytenda, þar sem magn þeirra er ekki mikilvægt til að auðkenna vöruna eða aðgreina hana frá samþærilegum vörum.
5. Innihaldsefni eru þannig að d-liður 3. mgr. 8. gr. getur átt við.
6. Innihaldsefni eru sætuefni og merkingin „með sætuefni“ eða „með sykri og sætuefni“ kemur fram í tengslum við heiti vörunnar sbr. 1. mgr.

7. Um er að ræða íblöndun bætiefna og upplýsingar um næringargildi koma fram á umbúðum, sbr. 10. gr. reglugerðar um merkingu næringargildis matvæla, nr. 586/1993.

#### 15. gr.

##### *Nettóþyngd forpakkaðrar vöru.*

Nettóþyngd (nettómagn) forpakkaðrar vöru skal tilgreina í rúmtakseiningum þegar um vökva er að ræða, en í þyngdareiningum þegar um aðrar vörur er að ræða. Nota skal einingarnar lítri, sentílítri, millílítri eða kílógramm, gramm, (l, cl, ml, kg, g), þar sem við á.

Nettóþyngd skal vera:

- nákvæm þyngd eftir vigt: Hver eining af vöru er vigtuð og síðan merkt og verðlögð eftir vigt,
- meðalþyngd: Þyngd vörunnar má ekki vera minni en 95% af uppgefinni nettóþyngd fyrir vörutegundir sem vege allt að 500 g (ml) og ekki minni en 98% fyrir vörutegundir sem vege 500 g (ml) eða meira. Tölfræðileg frávik einstakra eininga í lotu frá meðalþyngd er heimil. Meðalþyngd lotunnar sjálfrar skal þó ekki vera undir uppgefinni meðalþyngd, sbr. reglugerðir nr. 131/1994, 132/1994 og 133/1994 um forpakkaðar vörur,
- lágmarksþyngd: Tilgreina skal sérstaklega að um lágmarksþyngd sé að ræða.

Ekki er þó skylt að gefa upp nettóþyngd vöru sem hætt er við að verði fyrir umtalsverðu rúmmáls- eða þyngdartapi og er seld í stykkjatali eða vigtuð að kaupandanum viðstöddum. Fyrir vöru sem er undir 5 g eða 5 ml, aðrar en krydd og kryddjurtir, þarf ekki að gefa upp nettóþyngd.

#### 16. gr.

##### *Nettóþyngd forpakkaðra eininga.*

Þegar vara í ytri umbúðum er samsett úr tveim eða fleiri stökum einingum í innri umbúðum, sem innihalda sama magn af sömu vöru, skal tilgreina þyngd með því að gefa upp nettóþyngd innri eininga og heildarfjölda þeirra. Ekki er þó skylt að tilgreina þessar upplýsingar þegar glöggt má sjá og telja fjölda eininga utan frá og svo fremi sem þyngd eininganna sést greinilega utan frá. Þegar innri umbúðir teljast ekki sölueiningar, skal nettóþyngd gefin upp sem heildarþyngd og fjöldi eininga tilgreindur á ytri umbúðum vörunnar.

#### 17. gr.

##### *Nettóþyngd vöru sem seld er í stykkjatali.*

Ef um er að ræða matvæli sem venjulega eru seld í stykkjatali þarf ekki að tilgreina nettóþyngd að því tilskildu að einingafjöldi megi auðveldlega sjá og telja utan frá eða, ef svo er ekki, að það komi fram á merkingu.

#### 18. gr.

##### *Nettóþyngd vöru í legi.*

Þegar matvæli í föstu formi eru boðin til sölu í legi skal auk heildarþyngdar innihalds tilgreina nettóþyngd matvörunnar (þyngd fyrir utan löginn) á umbúðunum. Að því er varðar þetta ákvæði eiga orðin „í legi“ við vörur í eftirfarandi legi, að því tilskildu að lögurinn sé einungis viðbót við meginefnin í tilreiðslunni og því ekki afgerandi þáttur í kaupunum: vatn, saltvatn, þekill, sýrulausn, edik, sykurlausnir, ávaxta- eða grænmetissafar sé um ávexti eða grænmeti að ræða.

## 19. gr.

*Geymsluskilyrði.*

Geymsluskilyrði skulu merkt á eftirfarandi hátt:

- a) kælivörur skal geyma við  $+4^{\circ}\text{C}$  eða kaldara og merkja sem „KÆLIVARA“. Ef hitastig er tilgreint skal það vera  $0-4^{\circ}\text{C}$  (t.d. „KÆLIVARA,  $0-4^{\circ}\text{C}$ “),
- b) frystivörur á að geyma við  $-18^{\circ}\text{C}$  eða kaldara og merkja „FRYSTIVARA“. Ef hitastig er tilgreint skal það vera  $-18^{\circ}\text{C}$  (t.d. „FRYSTIVARA,  $-18^{\circ}\text{C}$ “),
- c) ekki er skylt að gefa upp geymsluskilyrði fyrir vörur sem geymdar eru við stofuhita ( $20^{\circ}\text{C}$ ).

## 20. gr.

*Geymsluþol.*

Matvæli, að undanskildum þeim sem talin eru upp í 22. gr., skal merkja með „best fyrir“ eða „best fyrir lok“. Kælivörur sem hafa fimm daga geymsluþol eða skemmra skal þó merkja með „síðasti neysludagur“. Allar kælivörur sem hafa þriggja mánaða geymsluþol eða skemmra, skal jafnframt merkja með „pökkunardagur“. Orðunum skal fylgja annaðhvort sjálf dagsetningin eða tilvísun í það hvar dagsetningin kemur fram.

Dagsetning skal tilgreind sem dagur, mánuður og ár, en eftirfarandi frávik eru heimil:

- a) fyrir matvæli sem geymast þrjú mánuði eða skemur nægir að tilgreina dag og mánuð,
- b) fyrir matvæli sem geymast í 18 mánuði eða skemur, þó lengur en 3 mánuði, nægir að tilgreina mánuð og ár,
- c) fyrir matvæli sem geymast lengur en 18 mánuði nægir að tilgreina ár.

Óheimilt er að gera breytingu á merkingu geymsluskilyrða og geymsluþols á umbúðum matvæla.

Óheimilt er að dreifa matvælum eftir dagsetningu „síðasta neysludags“ eða tímabil „best fyrir“ merkingar.

## 21. gr.

*Ákvörðun geymsluþols.*

Framleiðandi vöru skal ákvarða og bera ábyrgð á geymsluþolsmerkingu hennar. Við ákvörðun geymsluþols skal tekið tillit til eðlis vörunnar, flutnings-, dreifingar- og geymsluskilyrða. Leiði athaganir í ljós að gæði vörunnar eru ekki í samræmi við merkt geymsluþol, getur viðkomandi heilbrigðisnefnd ákvarðað það geymsluþol sem skal gilda fyrir vöruna. Skulu slíkar ákvarðanir tilkynntar Umhverfisstofnun. Ef ekki er bætt úr, getur hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd stöðvað vinnslu og sölu á vörunni.

Umhverfisstofnun er heimilt að gefa út reglur um geymsluþol fyrir ákveðnar tegundir eða flokka matvæla. Skulu slíkar reglur birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Ef verulega breyttar forsendur hafa áhrif á geymsluþol vegna meðhöndlunar vörunnar, t.d. opnun umbúða, getur stofnunin gert kröfu um að þess sé getið á umbúðum.

## 22. gr.

Undantekningar frá geymsluþolsmerkingu.

Ekki er skylt að tilgreina lágmarksgeymsluþol fyrir eftirtaldar vörur:

1. Ferska ávexti og grænmeti, þar með taldar kartöflur sem ekki hafa verið flysjaðar, sneiddar eða meðhöndlaðar með öðrum hætti. Undanþága þessi nær ekki til spírandi fræja eða sambærilegra afurða svo sem belgaldinspíra.
2. Vín, líkjöra, freyðivín, kryddvín og sambærilegar afurðir úr ávöxtum öðrum en þrúgum, einnig drykkjarvörur sem flokkast undir tollflokkinn 22.06, skv. alþjóða tollskránni og framleiddar eru úr þrúgum eða þrúgusafa.
3. Drykkjarvörur sem í eru 10% eða meira af vínanda miðað við rúmmál.

4. Gosdrykki, aldinsafa, nektar og áfenga drykki í flátum sem rúma 5 l eða meira til afgreiðslu til stóreldhúsa.
5. Bökunarvörur sem að öllu jöfnu er neytt innan sólarhrings frá framleiðslu. Rotvarðar bökunarvörur skulu geymsluþolsmerktar.
6. Edik.
7. Matarsalt.
8. Sykur.
9. Sælgæti sem nær einvörðungu er gert úr bragðbættum og/eða lituðum sykri.
10. Tyggigúmmí og hliðstæðar tyggjövörur.
11. Einstaka einingar af ís, þar sem geymsluþol kemur fram á ytri umbúðum.

## 23. gr.

*Notkunarleiðbeiningar.*

Leiðbeiningar um notkun matvæla skal setja fram þannig að þau nýtist á viðeigandi hátt og skulu slíkar leiðbeiningar koma fram þegar það telst nauðsynlegt fyrir rétta meðhöndlun vörunnar.

Á umbúðir alifugla og afurða þeirra skal skrá leiðbeiningar um meðhöndlun og matreiðslu. Skal það gert með merki því sem fram kemur í viðauka 5, og skal merkið að lágmarki vera 3 x 5 cm að stærð. Yfirskrift á merki skal vera í 14 punkta letri og annar texti að lágmarki 9 punktar. Texti í merki skal vera skýr og auðlesinn og þannig að hann sé annaðhvort dökkur á ljósum grunni eða ljóst letur á dökkum grunni.

## 24. gr.

*Styrkur vínanda.*

Merkja skal alkóhólstyrk drykkjarvara sem innihalda yfir 1,2% af vínanda miðað við rúmmál. Alkóhólstyrkleiki skal ákvarðaður við 20°C og gefinn upp með einum aukastaf hið mesta og þannig að fram komi „% miðað við rúmmál“. Á undan getur staðið orðið „alkóhól“ eða styttingin „alk“. Leyfileg frávik vegna upplýsinga um magn vínanda eru gefin upp í viðauka 3.

## 25. gr.

*Framleiðslulota.*

Merking framleiðslulotu skal koma fram á umbúðum matvæla eða ef því verður ekki við komið, á tilheyrandi viðskiptaskjólum. Á undan henni skal koma bókstafurinn „L“ nema þegar hún er skýrt aðgreind frá öðrum upplýsingum á umbúðunum.

Framleiðandi, pökkunaraðili eða dreifingaraðili ákveður í hverju tilviki framleiðslulotur þeirra vara er um ræðir. Einhver þessara aðila ábyrgist hvernig merkingin er ákveðin og sett á.

## 26. gr.

*Undantekningar frá framleiðslulotu.*

Ekki er skylda að merkja með framleiðslulotu þær landbúnaðarafurðir sem eru fluttar af bújörðinni, dreift til geymslu-, tilreiðslu- eða pökkunarstöðva, fluttar til framleiðslusamtaka eða sóttar til að koma þeim samstundis í tilreiðslu eða vinnslu.

Ís í stökum einingum, þar sem lotumerking kemur fram á ytri umbúðum, er undanskilinn kröfum um lotumerkingu.

Þegar dagsetning um lágmarksgeymsluþol, „best fyrir“ eða „síðasti neysludagur“, kemur fram er ekki nauðsynlegt að merkja framleiðslulotu, sbr. 25. gr., að því tilskildu að þessi dagsetning komi skýrt fram með því að tiltaka að minnsta kosti mánaðardag og mánuð í rétttri röð (d.m.).

## 27. gr.

*Merkingar matvæla til stórelldhúsa.*

Þær merkingar sem krafa er gerð um í 6. gr. og 3. mgr. 1. gr. skulu koma fram á umbúðum matvæla eða viðföstum merkimiða. Merkingar þessar geta þó í eftirfarandi tilvikum komið fram í viðskiptaskjölum sem fylgja þeim matvælum sem þau vísa til eða eru send á undan eða samtímis vörusendingunni:

- a) þegar matvæli í neytendaumbúðum eru markaðssett á fyrri stigum, áður en kemur til dreifingar til smásölu;
- b) þegar matvæli í umbúðum eru ætluð til að birgja upp stórelldhús vegna tilreiðslu, frekari vinnslu eða smásölu.

Í þessum tilvikum skulu þær merkingar sem gerð er krafa um í 1., 5. og 6. tl. 6. gr. jafnframt koma fram á ytri umbúðum sem vörunni er dreift í.

## 28. gr.

*Lausasala.*

Þegar vöru er dreift án umbúða, eða pakkað á sölustað eða sett í umbúðir til beinnar sölu til neytenda, skal seljandi vörunnar geta veitt kaupanda upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í 6. gr. þessarar reglugerðar, sbr. einnig ákvæði 27. gr.

Þegar kartöflur eru seldar í lausri vigt skal merkja með áberandi hætti hvaða tegund er um að ræða.

## 29. gr.

*Rofnar umbúðir.*

Ekki er heimilt að rjúfa neytendaumbúðir og selja vöru óinnpakkaða. Þetta á þó ekki við hafi framleiðandi, dreifandi eða pökkunaraðili heimilað seljanda að rjúfa umbúðir. Þegar slíkt er gert er það á ábyrgð viðkomandi framleiðanda, dreifanda eða pökkunaraðila, að óinnpökkuð vara haldi sínum eiginleikum og sé af sömu gæðum og sú vara sem seld er í neytendaumbúðum.

## 30. gr.

*Eftirlit og rannsóknir.*

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

- 2) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu leggja allt kapp á að árið 2003 verði hægt að setja reglur á alþjóðavettvangi, sem eru svipaðar þeim sem eru í þessari reglugerð og breyta reglugerð (EB) nr. 417/2002, með því að gera tilteknar breytingar á MARPOL-samningnum. Bæði ráðið og framkvæmdastjórnin fagna vilja Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) til að halda aukafund í umhverfisnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (MEPC) í desember 2003 til að greiða fyrir því að fundin verði alþjóðleg lausn á því hvernig flýta megi fyrir úreldingu olíuskipa með einföldum byrðingi og að innleiða í skamman tíma bann við flutningi þungar olíu í olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi.
- 3) Hjá Bandalaginu hafa menn þungar áhyggjur af því að reglurnar um aldursmörk olíuflutningaskipa í rekstri sem eru með einföldum byrðingi, sem er að finna í reglugerð (EB) nr. 417/2002, séu ekki nægilega

strangar. Lækka skal þessi aldursmörk enn frekar, einkum í kjölfar skipsskaða olíuflutningaskipsins „Prestige“ í 1. flokki sem er jafngamalt „Eriku“ (26 ára).

- 4) Í orðsendingu, sem framkvæmdastjórnin sendi til Evrópuþingsins og ráðsins um öryggi olíuviðskipta á sjó, eru lögð til aldursmörkin 23 ár, 28 ár og 25–30 ár fyrir þrjá flokka olíuflutningaskipa með einföldum byrðingi og eru árin 2005, 2010 og 2015 tilgreind sem síðustu úreldingarár fyrir slík flutningaskip. Í upphaflegu tillögunni frá framkvæmdastjórninni er kveðið á um að reglugerðin skuli gilda um olíuflutningaskip með 600 tonna burðargetu og þar yfir. Aldursmörkin, sem voru að lokum sett í reglugerð (EB) nr. 417/2002, voru, í kjölfar samningaviðræðna, rýmri á öllum sviðum.
- 5) Í orðsendingu, sem framkvæmdastjórnin sendi til Evrópuþingsins og ráðsins um að bregðast við „Prestige“-tilvikinu með því að auka öryggi á sjó var því haldið fram að framkvæmdastjórnin hefði í hyggju að leggja fram tillögu að reglugerð þar sem lagt er bann við flutningi þungar svartolíu í olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi á leið til eða frá höfnum aðildarríkjanna.
- 6) Í niðurstöðum ráðsins frá 6. desember 2002 var framkvæmdastjórnin hvött til að leggja fram, eins fljótt og auðið er, tillögu um að flýta fyrir úreldingu flutningaskipa með einföldum byrðingi og innleiða áætlun um ástandsmat fyrir flutningaskip frá og með 15 ára aldri, án tillits til hönnunar þeirra. Ráðið samþykkti enn fremur að einungis skuli flytja þunga olíu í olíuflutningaskipum með tvöföldum byrðingi.
- 7) Þegar flýtt er fyrir úreldingu skipa með einföldum byrðingi veldur það því að mun fleiri skip eru sett í brotajám og því er áriðandi að brotajársvinnsla þeirra fari þannig fram að öryggi manna og umhverfisins sé tryggt.
- 8) Áætluninni um ástandsmat er ætlað að greina byggingarfræðilega annmarka á olíuflutningaskipum sem eru komin til ára sinna og því skal hún gilda, frá árinu 2005, um öll olíuflutningaskip sem eru eldri en 15 ára.

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 133, 6.6.2003, bls. 97.<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 4. júní 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 22. júlí 2003.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 2099/2002 (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1).

- 9) Í ályktun sinni um stórslysið, sem Prestige-olíuflutningaskipið olli undan strönd Galísiu 21. nóvember 2002, krafðist Evrópuþingið öflugri ráðstafana sem gætu öðlast gildi með skemmri fyrirvara og staðhæfði að þetta nýja stórslys undirstrikaði enn á ný þörfina fyrir markvissar aðgerðir á alþjóðavettvangi og á vettvangi Bandalagsins til að auka til muna öryggi á sjó.
- 10) Ráðið og aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni umboð til að hún geti samið um samþykkt ákvæða þessarar reglugerðar innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.
- 11) Þar sem sífellt meira magn af olíu er flutt um Eystrasalt, sem skapar hættu fyrir umhverfi sjávar, einkum að vetrarlagi, skulu burðarvirki og knúningsvél olíuflutningaskipa, sem koma til eða fara frá höfn eða endastöð undan strönd eða leggjast við akkeri á svæði innan lögsögu aðildarríkis, styrkt fyrir siglingar í ís, samkvæmt kröfum stjórnvalda aðildarríkisins, þegar hafisaðstæður krefjast þess að notað sé skip sem er styrkt fyrir siglingar í ís.
- 12) Áriðandi er að hvetja þriðju lönd, einkum umsóknarlönd og nágrannalönd ESB, til að stöðva notkun olíuflutningaskipa með einföldum byrðingi.
- 13) Flutninga- eða gámaskip flytja oft þunga svartolíu í eldsneytishólfum sínum í mun meira magni en sem nemur farmi smærri olíuflutningaskipa. Framkvæmdastjórninni ber að leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið, eins fljótt og audið er, til að tryggja að í nýjum skipum sé eldsneytisolia einnig geymd í öruggum geymum með tvöföldum þiljum.
- 14) Nauðsynleg þekking er fyrir hendi hjá evrópskum skipasmíðastöðvum til að smíða tankskip með tvöföldum byrðingi. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu þar af leiðandi sjá til þess, með viðeigandi gæringum og ætlanum, að hin aukna eftirspurn eftir öruggum tankskipum með tvöföldum byrðingi, sem leiðir af þessari reglugerð, hafi jákvæð áhrif á skipasmíðaiðnað í Bandalaginu.
- 15) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 417/2002 til samræmis við það.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 417/2002:

## 1. Eftirfarandi bætist við í 1. gr.:

„og að banna flutning á þungri olíu í olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi til og frá höfnum aðildarríkjanna.“

## 2. Í stað 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„1. Reglugerð þessi gildir um olíuflutningaskip með 5 000 tonna burðargetu og yfir:

— sem koma til eða fara frá höfn eða endastöð undan strönd eða leggjast við akkeri á svæði innan lögsögu aðildarríkis, án tillits til þess undir hvaða fána það siglir, eða

— sem sigla undir fána aðildarríkis.

Að því er varðar 3. mgr. 4. gr. gildir reglugerð þessi um olíuflutningaskip með 600 tonna burðargetu og yfir.“

## 3. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Í stað 10. liðar komi eftirfarandi:

„10. „olíuflutningaskip með tvöföldum byrðingi“: olíuflutningaskip sem uppfyllir kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun í reglu 13F í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78. Olíuflutningaskip, sem uppfyllir ákvæði c-liðar 1. mgr. endurskoðaðrar reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78, telst einnig vera olíuflutningaskip með tvöföldum byrðingi.“

## b) Eftirfarandi liður bætist við:

„14. „þung olía“:

a) jarðolia með þéttleika yfir 900 kg/m<sup>3</sup> við 15°C (\*),

b) brennsluolia með þéttleika yfir 900 kg/m<sup>3</sup> við 15°C eða eðlisseigju yfir 180 mm<sup>2</sup>/s við 50°C (\*\*),

c) jarðbik og tjara og ýrulausnir þeirra.

(\* ) Samsvarar API-hreinleika sem er minni en 25,7.

(\*\* ) Samsvarar eðlisseigju sem er yfir 180 cSt.“

## 4. Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

## a) í stað a- og b-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„a) olíuflutningaskip í 1. flokki:

— 2003 fyrir skip sem voru afhent árið 1980 eða fyrr,

— 2004 fyrir skip sem voru afhent árið 1981,

— 2005 fyrir skip sem voru afhent árið 1982 eða síðar,

## b) olíuflutningaskip í 2. og 3. flokki:

— 2003 fyrir skip sem voru afhent árið 1975 eða fyrr,

— 2004 fyrir skip sem voru afhent árið 1976,

- 2005 fyrir skip sem voru afhent árið 1977,
- 2006 fyrir skip sem voru afhent árin 1978 og 1979,
- 2007 fyrir skip sem voru afhent árin 1980 og 1981,
- 2008 fyrir skip sem voru afhent árið 1982,
- 2009 fyrir skip sem voru afhent árið 1983,
- 2010 fyrir skip sem voru afhent árið 1984 eða síðar,

b) c-liður falli brott,

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að starfrækja olíuflutningaskip í 2. eða 3. flokki, sem eru einungis útbúin með tvöföldum botni eða með tvöföldum síðum, sem eru ekki notuð fyrir olíuflutninga og sem ná yfir alla lengd farmgeymisins eða með rými með tvöföldum byrðingi sem eru ekki notuð fyrir olíuflutninga og ná yfir alla lengd farmgeymisins en sem uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu frá ákvæðum c-liðar 1. mgr. endurskoðaðrar reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78, áfram eftir þann dag sem um getur í 1. mgr. en ekki eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2015 eða þann dag sem skipið nær 25 ára aldri frá afhendingardegi þess, hvort heldur ber fyrr að.“

d) í stað núverandi 2. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Olíuflutningaskipi, sem flytur þunga olíu, er óheimilt, án tillits til þess undir hvaða fána það siglir, að koma til eða fara frá höfn eða endastöðvum undan strönd eða leggjast við akkeri á svæði innan lögsögu aðildarríkis nema það sé með tvöföldum byrðingi.“

e) eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„4. Heimilt er að veita olíuflutningaskipum, sem starfa eingöngu innan hafnarsvæða og á skipgengum vatnaleiðum, undanþágu frá skuldbindingum skv. 3. mgr. að því tilskildu að þau séu viðurkennd samkvæmt löggjöf um skipgengar vatnaleiðir.

5. Olíuflutningaskip með burðargetu undir 5 000 tonnum skal uppfylla ákvæði 3. mgr. eigi síðar en við árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2008.

6. Aðildarríki er heimilt, til 21. október 2005, í tilvikum þar sem hafisaðstæður krefjast notkunar skips sem er styrkt fyrir siglingar í ís, að leyfa olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi, sem eru styrkt fyrir siglingar í ís og útbúin með tvöföldum botni sem er ekki notaður fyrir olíuflutninga

og sem nær yfir alla lengd farmgeymisins, að flytja þunga olíu og koma til eða fara frá höfn eða endastöð undan strönd eða leggjast við akkeri á svæði innan lögsögu aðildarríkis, að því tilskildu að þunga olían séu aðeins flutt í geymum miðskips.“

5. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

#### Samræmi skipa í 2. og 3. flokki við áætlun um ástandsmat

Olíuflutningaskipi í 2. og 3. flokki með einföldum byrðingi, sem er eldra en 15 ára, er óheimilt, án tillits til þess undir hvaða fána það siglir, að koma til eða fara frá höfn eða endastöðvum undan strönd eða leggjast við akkeri á svæði innan lögsögu aðildarríkis eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2005, nema það sé í samræmi við áætlunina um ástandsmat sem um getur í 6. gr.“

6. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

#### Áætlun um ástandsmat (CAS)

Að því er 5. gr. varðar gildir áætlunin um ástandsmat, sem samþykkt var með ályktun MEPC 94(46) frá 27. apríl 2001, með áorðnum breytingum.“

7. Í stað inngangssetningar 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 4., 5. og 7. gr. er lögbæru yfirvaldi aðildarríkis heimilt, með fyrirvara um ákvæði landslaga og í sérstökum tilvikum, að leyfa einstöku skipi að koma til eða fara frá höfn eða endastöð undan strönd eða leggjast við akkeri á svæði innan lögsögu þess aðildarríkis ef:“

2. gr.

Formaður ráðsins, fyrir hönd aðildarríkjanna, og framkvæmdastjórnin skulu í sameiningu tilkynna Alþjóðasiglingamálastofnuninni um samþykkt þessarar reglugerðar en með henni skal vísað til 3. mgr. 211. gr. í hafréttar-samningi Sameinuðu þjóðanna.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2003.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

G. ALEMANNO

*forseti.*

---



ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 77/2004

2004/EES/59/09

frá 8. júní 2004

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56m (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002) í XIII. viðauka við samninginn:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

„- **32003 R 1726**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1726/2003 frá 22. júlí 2003 (Stjtið. ESB L 249, 1.10.2003, bls. 1).“

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg <sup>(1)</sup>.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1726/2003, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1726/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 417/2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir oliuflutningaskip með einföldum byrðingi <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**S. Gillespie**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 249, 1.10.2003, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## REGLUGERÐ

### um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir bandalagið vegna mengunarefna í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem birt var í Stjórnartíðindum EB, L37, 13.2.1993, bls. 1.

Framangreind EB-gerð er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

#### 2. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

#### 3. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, samanber og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 13. maí 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 315/93****frá 8. febrúar 1993****um málsmeðferð fyrir bandalagið vegna mengunarefna í matvælum**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,í samvinnu við Evrópuþingið <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Mikilvægt er að samþykkja ráðstafanir með það í huga að koma smám saman á fót innri markaði fyrir 31. desember 1992. Innri markaðurinn á að mynda svæði án innri landamæra þar sem fjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfssemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir. Ósamræmi í reglum aðildarríkjanna kann að hindra starfssemi hins sameiginlega markaðar og því ber að mæla fyrir um málsmeðferð um samþykkt samræmdra reglna bandalagsins.

Mengunarefni geta komist í matvæli á öllum stigum frá framleiðslu til neyslu.

Mikilvægt er, til að stuðla að almannageilbrigði, að þessum mengunarvöldum sé haldið við mörk sem viðunandi eru í eiturefnafræðilegu tilliti.

Vinna ber frekar að því að lækka þessi mörk með góðum starfsvenjum hvenær sem færi gefst. Opinber yfirvöld geta haft virkt efirlit með því að góðar starfsvenjur séu hafðar í heiðri sakir starfsþjálfunar og reynslu starfsmanna sinna.

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda með fyrirvara um ákvæði sem samþykkt eru sem liður í enn sérhæfðari reglum bandalagsins

Að því er heilsuvernd varðar ber að hvetja til þess að fundin verði sameiginleg leið til að nálgast viðfangsefnið mengunarefni í matvælum.

Hafa ber samráð við vísindanefnd um matvæli, sem sett var á stofn með ákvörðun 74/234/EBE <sup>(4)</sup>, um öll þau viðfangsefni sem geta haft áhrif á almannageilbrigði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

1. Þessi reglugerð fjallar um mengunarefni í matvælum.

„Mengunarefni“ merkir efni sem ekki er bætt í matvæli af ásettu ráði en er afgangsafurð í matvælum úr ræktun (m.a. aðgerðum í jarðrækt, búfjárrækt og dýralækningum), framleiðslu, vinnslu, tilreiðslu, meðhöndlun, pökkun, umbúnaði, flutningi eða geymslu matvæla eða orsakast af umhverfismengun. Utanaðkomandi efni, eins og skordýrahlutir, dýrahár, o.s.frv. heyra ekki undir þessa skilgreiningu.

2. Þessi reglugerð gildir ekkium mengunarefni sem fjallað er um í enn sérhæfðari reglum bandalagsins. Þegar reglugerð þessi öðlast gildi skal framkvæmdastjórnin birta til upplýsingar skrá yfir þær reglur sem um getur í fyrstu undirgrein í C-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

Framkvæmdastjórnin skal endurnýja skrána eftir því sem þurfa þykir.

3. Samþykking skal ákvæði um mengunarefni í samræmi við þessa reglugerð, nema þau sem mælt er fyrir um í reglum sem um getur í 2. mgr.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 57, 4. 3. 1992, bls. 11.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 129, 20. 5. 1991, bls. 104 og ákvörðun frá 20. janúar 1993 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 223, 31. 8. 1992, bls. 24.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 136, 20. 5. 1974, bls. 1.nartíðindi EB 13.

## 2. gr.

1. Óheimilt er að markaðssetja matvæli sem innihalda mengunarefni í magni sem með tilliti til almannaheilbrigðis og einkum eiturefnafræðilegra marka er óviðunandi.

2. Ennfremur skal halda mengunarefnum í því lágmarki sem frekast er unnt með því að fylgja góðum starfsvenjum á öllum stigum sem um getur í 1. gr.

3. Til að stuðla að almannaheilbrigði og samkvæmt ákvæðum 1. mgr., ef nauðsyn krefur, skal ákvarða hæstu vikmörk fyrir sérstök mengunarefni í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr.

Samþykkja skal þessi vikmörk í formi ótæmandi skrár á vettvangi bandalagsins og geta þau innihaldið:

- mörk fyrir sama mengunarefni í ólíkum matvælum;
- greiningarmörk;
- ábendingu um sýnatöku- og greiningaraðferðir sem nota ber.

## 3. gr.

Samþykkja ber ákvæði sem geta haft áhrif á almannaheilbrigði að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli.

## 4. gr.

1. Hafi aðildarríki ástæðu til að ætla, vegna nýrra upplýsinga eða endurmats fyrirbyggjandi upplýsinga, að mengunarefni í matvælum sé hættulegt heilsufari manna, jafnvel þótt það sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar eða sérreglugerða sem samþykktar eru í samræmi við þessa reglugerð, er því heimilt að fresta tímabundið eða takmarka beitingu viðkomandi ákvæða á yfirráðsvæði sínu. Aðildarríkið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um slíkar aðgerðir og tilgreina ástæður fyrir ákvörðuninni.

2. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka eins fljótt og auðið er þær ástæður sem aðildarríkið sem um getur í 1. mgr. tilgreinir innan vísindanefndarinnar um matvæli, sem sett var á stofn með ákvörðun 69/314/EBE<sup>(1)</sup>, og skila álitu sínu án tafar og gera ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr.

## 5. gr.

1. Aðildarríkjunum er óheimilt að banna, takmarka eða setja höft á markaðssetningu matvæla sem eru í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar eða sérákvæði sem samþykkt eru samkvæmt þessari reglugerð af ástæðum er varða mengunarefnamörk þeirra.

2. Hafi ákvæði bandalagsins um hæstu vikmörk sem um getur í 3. mgr. 2. gr. ekki verið samþykkt skulu viðkomandi innlend ákvæði gilda með fyrirvara um að þau samræmist ákvæðum sáttmálans.

3a) Viðhaldi aðildarríki innlendum ákvæðum skal það tilkynna það framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum innan sex mánaða eftir að þessi reglugerð er samþykkt.

b) Álit aðildarríki nauðsynlegt að samþykkja nýja löggjöf skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um fyrirhugaðar ráðstafanir og greina frá ástæðum sem réttlæta þær. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við aðildarríkin innan fastanefndar um matvæli telji hún það gagnlegt eða æski aðildarríki þess.

Aðildarríki er aðeins heimilt að grípa til slíkra fyrirhugaðra ráðstafana þremur mánuðum eftir að fyrrnefnd tilkynning er send og að því tilskildu að álit framkvæmdastjórnarinnar sé ekki neikvætt.

Ef svo er skal framkvæmdastjórnin, áður en fresturinn sem um getur í annarri málsgrein er útrunninn, hefja þá málsmeðferð sem kveðið er á um í

8. gr. í því augnamiði að ákvarða hvort heimilt sé að hrinda fyrirhuguðum ráðstöfunum í framkvæmd með viðeigandi breytingum ef nauðsyn krefur.

## 6. gr.

Framkvæmdastjórnin skal ár hvert senda fastanefnd um matvæli skýrslu um heildarþróun löggjafar á vettvangi bandalagsins um mengunarefni.

## 7. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, fjórum árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar, senda ráðinu skýrslu um þá reynslu sem aflað hefur verið ásamt viðeigandi tillögum ef þörf krefur.

## 8. gr.

Fastanefnd um matvæli, hér á eftir kölluð „nefndin“, skal vera framkvæmdastjórninni til aðstoðar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitu sínu á drögnum fyrir þau tímamörk sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni skulu vegin eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

<sup>(1)</sup> Stjótd. EB nr. L 291, 19. 11. 1969, bls. 9.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

9. gr.

Reglugerð þessari er beint til aðildarríkjanna.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. febrúar 1993.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. TRØJBORG

*forseti.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Af hundum á Seltjarnarnesi skal bæjarsjóður Seltjarnarness innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald á Seltjarnarnesi, nr. 531/1999, sbr. 3. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráning kr. 4.250.

Skráning eftir útrunninn frest, sbr. 1. mgr. 2. gr. samþykktar um hundahald kr. 6.375.

Bráðabirgðaskráning kr. 2.125.

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund kr. 9.600.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald, kr. 11.000.

Gjald fyrir fyrstu afhendingu skráðs hunds, þegar eftirlitsgjald og vottorð eru í skilum, er þó kr. 5.500.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

## 6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. maí og eindagi 1. júní. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

## 7. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis er heimilt að veita afslátt af gjöldum samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar samkvæmt nánari reglum sem bæjarstjórn setur. Bæjarstjórn getur enn fremur sett reglur um slík afsláttarkjör fyrir hundaeigendur sem hafa í hvívetna fullnægt ákvæðum samþykktar um hundahald í ákveðinn árafjölda eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

## 8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Seltjarnarnesi, 25. maí 2005.*

**Jónmundur Guðmarsson** bæjarstjóri.

## REGLUGERÐ

**um lágmarksráðstafanir innan Evrópska efnahagssvæðisins  
vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum.**

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

## 1. gr.

Í þessari reglugerð er kveðið á um lágmarksráðstafanir til eftirlits með fisksjúkdómum sem upp geta komið í sjávareldisdýrum og lifandi afurðum þeirra og um getur í skrá I og II í viðauka A við reglugerð nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra.

## 2. gr.

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í 2. gr. reglugerðar nr. 511/2005 eftir þörfum. Þar að auki gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. *Sjúkdómar í skrá I:* Fisksjúkdómar sem um getur í skrá I í viðauka A við reglugerð nr. 511/2005.
2. *Sjúkdómar í skrá II:* Fisksjúkdómar sem um getur í skrá II í viðauka A við reglugerð nr. 511/2005.

3. *Fiskur sem grunur leikur á að sé sýktur*: Fiskur sem sýnir klínísk einkenni eða vefja-skemmdir við skoðun eftir slátrun eða tvíræðar svaranir við rannsóknarstofuprófum sem vekja grunsemdir um að sjúkdómur í skrá I eða II sé til staðar.
4. *Sýktur fiskur*: Fiskur þar sem tilvist sjúkdóma í skrá I eða II hefur verið opinberlega staðfest eftir rannsóknarstofupróf eða ef um er að ræða blóðþorra (ISA) eftir klíníska skoðun og skoðun eftir slátrun.
5. *Eldisstöð sem grunur leikur á um að sé sýkt*: Eldisstöð sem grunur leikur á um að hafi að geyma sýktan fisk.
6. *Sýkt eldisstöð*: Eldisstöð sem hefur að geyma sýktan fisk; einnig eldisstöð sem hefur verið tæmd en hefur ekki enn verið sóttthreinsuð.

### 3. gr.

Allar eldisstöðvar með ræktaðan eða alinn fisk, sem er smitnæmur fyrir sjúkdómum í skrá I og II:

- a) skulu skráðar af Fiskistofu. Skráningargögn skulu uppfærð með reglulegu millibili;
- b) skulu halda framleiðsludagbækur samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 238/2003 um eldi nytjastofna sjávar.

Þessa skrá sem Fiskistofa hefur frjálstan aðgang að hvenær sem er ber að uppfæra með reglulegu millibili og geyma í fjögur ár.

### 4. gr.

Tilkynna skal Fiskistofu þegar í stað ef grunur leikur á um að upp hafi komið einhver sjúkdómanna í skrá I og II.

## II. KAFLI

### Ráðstafanir vegna sjúkdóma í skrá I.

#### 5. gr.

1. Ef grunur leikur á um að fiskur í eldisstöð hafi sýkst af einhverjum sjúkdómanna í skrá I skal Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni hefja undireins opinbera rannsókn, að meðtaldri klínískri skoðun, til að staðfesta eða hrekja tilvist sjúkdómsins. Hún skal sérstaklega taka eða láta taka sýni sem eru nauðsynleg vegna rannsóknarstofurannsókna.
2. Um leið og tilkynnt er um grun á smiti skal Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni hafa eldisstöðina undir opinberu eftirliti og einkum krefjast þess að:
  - a) fram fari talning í öllum tegundum og flokkum fiska í eldisstöðinni og skráning í hverjum flokki og hverri tegund á fjölda dauðra fiska eða þeim sem gætu hafa sýkst eða smitast. Eiganda eða umsjónarmanni fisksins ber að uppfæra skráninguna og gefa upplýsingar um fjölgun og dánartíðni á þeim tíma sem grunur leikur á smiti. Skráningargögn skulu lögð fram ef um það er beðið og þau má skoða í hverri vitjun;
  - b) enginn fiskur, lifandi eða dauður, eða hrogn og svil séu flutt til eða frá eldisstöðinni án leyfis sem opinbera þjónustustofnunin gefur út;
  - c) förgun á dauðum fiski eða sláturúrgangi fari fram undir opinberu eftirliti;
  - d) flutningur á fódri, áhöldum, hlutum eða öðrum efnum, eins og úrgangi, til og frá fiskeldisstöðinni sem getur leitt til útbreiðslu sjúkdóms verði, ef nauðsyn krefur, háður leyfi embættis yfirdýralæknis sem skal kveða nánar á um skilyrði til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvaldsins;
  - e) ferðir fólks til og frá eldisstöðinni verði háðar leyfi sem yfirdýralæknir gefur út;
  - f) koma og brottför ökutækja frá eldisstöðinni verði háð leyfi yfirdýralæknis sem skal kveða nánar á um skilyrði til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvaldsins;

- g) notaðar verði viðeigandi sóttthreinsiaðferðir við inngöngu- og útgönguleiðir eldisstöðvarinnar;
- h) faraldsfræðileg rannsókn skuli gerð í samræmi við 1. mgr. 8. gr.;
- i) allar eldisstöðvar sem eru á sama vatnsöflunar- eða strandsvæði verði háðar opinberu eftirliti og að enginn fiskur, hrogn eða svil verði flutt frá eldisstöðinni án leyfis sem opinbera þjónustustofnunin gefur út. Ef um er að ræða víðáttumikið vatnsöflunar- eða strandsvæði er yfirdýralækni heimilt að takmarka þessar ráðstafanir við minna svæði sem liggur nálægt eldisstöðinni sem grunur leikur á um að sé sýkt, ef hún telur að þetta svæði veiti hámarksábyrgð gegn útbreiðslu sjúkdómsins. Ef nauðsyn krefur skal opinberum eftirlitsaðilum í öðrum ríkjum á EES eða þriðju ríkjum tilkynnt um slíkar grunsemdir. Í því tilviki skulu opinberu eftirlitsaðilarnir grípa til viðeigandi aðgerða til að ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í þessari grein gildi.
3. Þar til þær opinberu ráðstafanir sem kveðið er á um í 2. mgr. hafa komið til framkvæmda skal eigandi eða umsjónarmaður fisks sem grunur leikur á að hafi sjúkdóminn gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að ákvæðum 2. mgr., að h- og i-lið undanskildum.
4. Ráðstöfunum sem um getur í 2. mgr. skal ekki hætt fyrir en yfirdýralæknir hefur staðfest að ekki leiki lengur grunur á að sjúkdómurinn sé til staðar.

#### 6. gr.

Jafnskjótt og opinberlega hefur verið staðfest að einhver sjúkdómanna í skrá I sé kominn upp skal Fiskistofa í samræði við yfirdýralækni koma eftirfarandi til leiðar, auk þeirra ráðstafana sem tilgreindar eru í 2. mgr. 5. gr.:

##### a) Í sýktri eldisstöð:

- skal allur fiskur fjarlægður í samræmi við opinbera áætlun,
- skulu, ef um er að ræða eldisstöð á landi, öll kör tæmd svo hægt sé að hreinsa þau og sóttthreinsa,
- skulu öll hrogn og svil, dauður fiskur og fiskur sem sýnir klínísk sjúkdómseinkenni talin til áhættusamra efna og fargað í samræmi við reglugerð nr. 403/1986 um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum,
- skal allur lifandi fiskur annaðhvort aflífaður eða honum fargað í samræmi við reglugerð nr. 403/1986 um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum eða að öðrum kosti, ef um er að ræða fisk sem hefur náð sölustærð og sýnir engin klínísk sjúkdómseinkenni, slátrað undir eftirliti Fiskistofu með markaðssetningu eða vinnslu til manneldis í huga.

##### Fiskistofa skal tryggja:

- að fiskinum verði tafarlaust slátrað og hann slægður,
- að þessar aðgerðir fari fram við skilyrði sem komi í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvalda,
- að fisk- og sláturúrgangur teljist til áhættusamra efna og sé meðhöndlaður þannig að tryggt sé að sjúkdómsvöldum sé fargað í samræmi við reglugerð nr. 403/1986,
- að frárennslisvatn sé meðhöndlað þannig að sjúkdómsvaldar sem það mögulega inniheldur verði gerðir óvirkir,
- skulu kör, búnaður og efni sem líkleg eru til að bera smit, eftir að fiskur, hrogn og svil hafa verið fjarlægð, hreinsuð og sóttthreinsuð eins fljótt og auðið er, í samræmi við fyrirmæli yfirdýralæknis, til að komið sé í veg fyrir hættu á að sjúkdómsvaldurinn breiðist út eða lifi af,



- skal öllum efnum sem gætu borið smit, sem um getur í d-lið 2. mgr. 5. gr., fargað eða þau meðhöndluð þannig að tryggt verði að öllum sjúkdómsvöldum sem gætu verið til staðar sé fargað,
  - skal gerð faraldsfræðileg rannsókn í samræmi við 1. mgr. 8. gr. og ákvæði 4. mgr. 8. gr. gilda. Þessi athugun skal fela í sér töku sýna sem eru nauðsynleg vegna rannsóknarstofurannsókna.
- b) Allar eldisstöðvar sem eru á sama vatnsöflunar- eða strandsvæði og sýkta eldisstöðin skulu gangast undir heilbrigðisskoðun. Ef skoðun leiðir í ljós smittifelli skal grípa til þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í a-lið þessarar málsgreinar.
- c) Leyfi verður að fást hjá Fiskistofu í samráði við yfirdýralækni til að endurnýja fiskistofn eldisstöðvarinnar eftir að fram hefur farið fullnægjandi úttekt á hreinsunar- og sótthreinsiaðgerðunum og í lok tímabils sem hún telur nógu langt til að tryggja að sjúkdómsvaldinum og öðrum mögulegum sýkingum á sama vatnsöflunarsvæði hafi verið útrýmt.
- d) Ef ráðstafanirnar sem mælt er um í a-, b-, c- og d-lið 2. mgr. 5. gr. krefjast samstarfs milli opinberra eftirlitsaðila í öðrum aðildarríkjum skulu opinberu eftirlitsaðilarnir í viðkomandi aðildarríki sýna samstarfsvilja til að tryggja að ráðstöfunum sem mælt er fyrir um í þessari grein verði hlítt.

#### 7. gr.

Ef villtur fiskur, sem tilheyrir ekki eldisstöð eða fiskur í vötnum, kerum eða öðrum mannvirkjum þar sem hægt er að veiða á stöng eða færi eða skrautfiskur er geymdur, er smitaður eða vaknað hefur grunur um það, skulu aðildarríkin sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar. Fiskistofa skal tilkynna ESA og öðrum EES-ríkjum um ráðstafanir sem hún hefur gert.

#### 8. gr.

1. Faraldsfræðileg rannsókn skal taka til:
  - a) lengdar tímabilsins sem sjúkdómurinn getur hafa verið til staðar í eldisstöðinni áður en tilkynnt var um hann eða grunur vaknaði;
  - b) hugsanlegra upptaka sjúkdómsins í eldisstöðinni og auðkenningar annarra eldisstöðva þar sem eru hrogn, svil og fiskur af smitnæmum tegundum sem geta hafa sýkst;
  - c) flutninga á fiski, hrognum eða svilum og á ökutækjum, efnum og fólki sem geta hafa borið sjúkdómsvaldinn til eða frá viðkomandi eldisstöð;
  - d) hugsanlegrar tilvistar og dreifingar á smitberum.
2. Ef faraldsfræðilega rannsóknin leiðir í ljós að sjúkdómurinn gæti hafa borist frá öðrum vatnsöflunar- eða strandsvæðum eða til annars vatnsöflunar- eða strandsvæðis með flutningi fisks, hrogna eða svilja, dýra, ökutækja eða fólks, eða með öðrum hætti, skulu eldisstöðvar sem eru staðsettar á þessum vatnsöflunar- og strandsvæðum liggja undir grun og skulu ráðstafanir þær sem mælt er fyrir um í 5. gr. gilda. Ef tilvera sjúkdómsins er staðfest gilda þær ráðstafanir sem mælt er fyrir um í 6. gr.
3. Ef faraldsfræðileg rannsókn leiðir í ljós kröfu um samvinnu milli opinberra eftirlitsaðila í öðrum ríkjum á EES skal Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að ákvæðum þessarar reglugerðar verði fylgt.
4. Fisksjúkdómanefnd skal samræma allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að sjúkdóminum sé útrýmt eins fljótt og hægt er og í því skyni annast faraldsfræðilegu rannsókna.

## III. KAFLI

**Eftirlitsráðstafanir vegna sjúkdóma í skrá II.**

## 9. gr.

1. Ef grunur leikur á um eða staðfest hefur verið að sjúkdómur af skrá II hafi komið upp á viðurkenndu svæði eða í viðurkenndri eldisstöð sem er staðsett á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu skal láta fara fram faraldsfræðilega rannsókn í samræmi við 8. gr. EES-ríki sem óska eftir að endurheimta viðurkenningu sem skilgreind er í samræmi við reglugerð nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra skulu hlíta ákvæðum viðauka B og C við þá reglugerð.
2. Ef faraldsfræðilega rannsóknin leiðir í ljós að sjúkdómurinn gæti hafa borist frá viðurkenndu svæði eða frá annarri viðurkenndri eldisstöð eða gæti hafa borist til annarrar viðurkenndrar eldisstöðvar með flutningi fisks, hroгна eða svilja, ökutækja og fólks, eða með öðrum hætti, skulu þessi svæði eða eldisstöðvar liggja undir grun og viðeigandi ráðstafanir gilda.
3. Fiskistofu í samráði við yfirdýralækni er þó heimilt að leyfa að fiskur sem á að aflífa verði fitaður þar til hann nær sölustærð.

## 10. gr.

1. Ef grunur leikur á um að fiskur í eldisstöð sem hefur ekki hlotið viðurkenningu og er staðsett á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu hafi sýkst af einhverjum sjúkdómanna í skrá II skal Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni:
  - a) hefja undireins opinbera rannsókn til að staðfesta eða hrekja tilvist sjúkdómsins og ef þörf er á, töku sýna til rannsókna á viðurkenndri rannsóknarstofu;
  - b) framkvæma eða láta fara fram opinbera talningu á sýktum eldisstöðvum. Uppfæra skal skráninguna með reglulegu millibili;
  - c) hafa sýktar eldisstöðvar undir opinberu eftirliti eða láti þær heyra undir það, til að tryggja að þrátt fyrir c-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra, verði aðeins heimilaðir flutningar á lifandi fiski, eggjum eða svilum frá eldisstöðinni sem annaðhvort er ætlað fyrir aðrar eldisstöðvar þar sem sami sjúkdómur er til staðar eða til slátrunar til manneldis.
2. Gera skal, um ákveðinn tíma, valfrjálsa eða lögboðna áætlun um að útrýma sjúkdómum í skrá II í eldisstöðvum sem hafa ekki hlotið viðurkenningu eða eru á svæðum sem hafa ekki hlotið viðurkenningu. Á þessu tímabili er bannað að flytja lifandi fisk, egg eða svil frá ósýktum eldisstöðvum eða eldisstöðvum með óþekkta heilbrigðisviðurkenningu til svæðis eða eldisstöðvar þar sem slík áætlun er í gangi. Þegar tímabilinu er lokið skal Fiskistofa, hafi hún nýtt sér þessa málsmeðferð, tilkynna það ESA og öðrum EES-ríkjum.

## IV. KAFLI

**Lokaákvæði.**

## 11. gr.

1. Sýnataka og prófun á rannsóknarstofu til að greina sjúkdóma í skrá I og II skal fara fram með því að nota þær aðferðir sem ákvarðaðar eru í 15. gr. reglugerðar nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra.
2. Sýnataka til að greina sjúkdóm eða sjúkdómsvald skal fara fram á rannsóknarstofu sem er viðurkennd. Við prófun á rannsóknarstofu skal, ef þörf krefur og einkum við fyrstu uppkomu sjúkdóms, greina stofn, tegund eða afbrigði viðkomandi sjúkdómsvalds og ber

að staðfesta sjúkdómsvaldinn á tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum eða, ef nauðsyn krefur, á tilvísunarrannsóknarstofu sem um getur í 13. gr.

#### 12. gr.

1. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er tilvísunarrannsóknarstofa með búnaði og sérmenntuðu fólki til að hægt sé undir öllum kringumstæðum, einkum þegar umræddur sjúkdómur kemur fyrst upp, að ákvarða stofn, tegund og afbrigði viðkomandi sjúkdómsvalds og staðfesta niðurstöður sem hafa fengist á staðbundnum greiningarrannsóknarstofum.
2. Rannsóknarstofur sem eru tilnefndar fyrir hvern sjúkdóm um sig eru ábyrgar fyrir samræmingu greiningarstaðla og -aðferða og notkun prófunarefna.
3. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er ábyrg fyrir samræmingu greiningarstaðla og -aðferða sem hver rannsóknarstofa um sig mælir fyrir um vegna greiningar á viðkomandi sjúkdómi. Í þessum tilgangi skal hún:
  - a) útvega viðurkenndum rannsóknarstofum greiningarprófunarefni;
  - b) hafa eftirlit með gæðum allra greiningarprófunarefna sem eru notuð;
  - c) láta samanburðarpróf fara fram með reglulegu millibili;
  - d) geyma ræktaða sjúkdómsvalda úr tilvikum sem hafa verið staðfest;
  - e) fá staðfestingu á jákvæðum niðurstöðum viðurkenndra rannsóknarstofa.
4. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að leita til tilvísunarrannsóknarstofa annarra EES-ríkja, sem eru bærar að því er tiltekinn sjúkdóm varðar.
5. Í viðauka A er skrá yfir tilvísunarrannsóknarstofur vegna fisksjúkdóma.
6. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum skal eiga samvinnu við viðkomandi tilvísunarrannsóknarstofur á EES sem um getur í 13. gr.

#### 13. gr.

1. Í viðauka B eru tilgreindar tilvísunarrannsóknarstofur EES-ríkja vegna fisksjúkdóma.
2. Mælt er fyrir um hlutverk og skyldur tilvísunarrannsóknarstofa sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í viðauka C.

#### 14. gr.

Bannað er að bólusetja gegn sjúkdómum í skrá II á viðurkenndum svæðum, í viðurkenndum eldisstöðvum sem eru á svæðum sem hafa ekki verið viðurkennd eða á svæðum eða í eldisstöðvum, þar sem málsmeðferð fyrir viðurkenningu sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra, hefur þegar verið samþykkt, og gegn sjúkdómum í skrá I. Ef sjúkdómar í skrá I koma upp má þó heimila bólusetningu gegn þeim, að því tilskildu að tilhögun við bólusetninguna sé tilgreind í viðbúnaðaráætlunum í samræmi við 15. gr. og tillit sé tekið til viðmiðananna sem settar eru fram í viðauka E.

#### 15. gr.

1. Gera skal viðbragðsáætlun þar sem tilgreindar eru ráðstafanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, sem grípa á til komi einhver sjúkdómanna í skrá I upp. Í áætluninni skulu vera ákvæði um aðgang að aðstöðu, búnaði, starfsfólki og öllum viðeigandi efnum sem nota þarf til að útrýma sjúkdóminum með skjótvirkum hætti.
2. Þær almennu viðmiðanirnar sem gilda um gerð þessara áætlana eru tilgreindar í viðauka D. Þó nægir að nota viðmiðanir sem eru sérstaklega settar fyrir umrædda sjúkdóma hafi almennu viðmiðanirnar þegar verið í notkun þegar áætlanir voru lagðar fram um beitningu eftirlitsráðstafana vegna annars sjúkdóms.

3. Áætlanirnar sem eru gerðar samkvæmt viðmiðunum sem eru tilgreindar í viðauka D skulu lagðar fyrir ESA eigi síðar en sex mánuðum eftir að þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

16. gr.

Sérfræðingar ESA geta, í samvinnu við Fiskistofu og yfirdýralækni, og að svo miklu leyti sem þörf er á til að tryggja að þessari reglugerð sé beitt á samræmdan hátt, gert vettvangsskönnun. Þeir geta í þessu skyni kannað hæfilegt hundraðshlutfall eldisstöðva til að fylgjast með hvort Fiskistofa hafi eftirlit með því að eldisstöðvarnar uppfylli kröfur þessarar reglugerðar. ESA skal tilkynna um niðurstöður slíkra kannana. Fiskistofa skal veita sérfræðingum ESA alla nauðsynlega aðstoð við skyldustörf þeirra.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar og lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og til innleiðingar á tilskipunum ráðsins nr. 93/53/EBE og nr. 2000/27/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2001/288/EB. Reglugerðin tekur gildi þegar í stað.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. maí 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Ásta Einarsdóttir.*

VIÐAUKI A

**Innlendar tilvísunarrannsóknarstofur í fisksjúkdómum.**

Belgía: CODA — Centrum voor Onderzoek in Diergeneeskunde en Agrochemie  
CERVA — Centre d'étude et de recherches vétérinaires et agrochimiques  
Groeselenberg 99  
B-1180 Brussel/Bruxelles.

Tékkland: Výzkumný ústav veterinárního lékařství  
Hudcova 70  
621 32 Brno-Medlánky.

Danmörk: Statens Veterinære Serumlaboratorium  
Fødevareministeriet  
Hangøvej 2  
DK-8200 Århus N.

Þýskaland: Bundesforschungsanstalt für Viruskrankheiten der Tiere  
Boddenblick 5a  
D-17498 Insel Riems.

Eistland: Veterinaar- ja Toidulaboratoorium  
Väike-Paala 3  
11415 Tallinn.

Grikkland: Laboratory of Fish Pathology and Bio-Pathology of Aquatic Organisms  
Centre of Athens Veterinary Institutes, Institute of Infectious and Parasitic  
Diseases  
25 Neapoleos ST.  
GR-153 10 Ag. Paraskevi Attiki.

Spánn: Laboratorio Central de Veterinaria de Algete  
Madrid.

Frakkland: Agence française de sécurité sanitaire des aliments (AFSSA)  
Laboratoire d'études et de recherches en pathologie des poissons (LERPP)  
Technopôle Brest Iroise — BP 70  
F-29280 Plouzane.

Írland: Fisheries Research Centre Abbotstown  
Castleknock  
Dublin15  
Ireland.

Ítalía: Istituto zooprofilattico sperimentale delle Venezie  
Via Romea 14/A  
I-35020 Legnaro, Padova.

Kýpur: Εργαστήριο Αναφοράς για Ασθένειες των Ζώων,  
Κτηνιατρικές Υπηρεσίες, 1417 Λευκωσία  
National Reference Laboratory for Animal Health  
Veterinary Services  
CY-1417 Nicosia

Lettland: Valsts veterinārmedicīnas diagnostikas centrs  
Lejupes iela 3  
LV-1076 Rīga

Litháen: Nacionalinė veterinarijos laboratorija  
J. Kairiūkščio g. 10  
LT-2021 Vilnius.

Lúxemborg: CODA — Centrum voor Onderzoek in Diergeneeskunde en Agrochemie  
CERVA — Centre d'étude et de recherches vétérinaires et agrochimiques  
Groeselenberg 99  
B-1180 Brussel/Bruxelles.

Ungverjaland: Országos Állategészségügyi Intézet (OÁI), Pf. 2.  
Tábornok u. 2.  
HU-1581 Budapest.

Malta: Istituto Zooprofilattico Sperimentale delle Venezie  
Legnaro (PD)  
Italy.

Holland: Fish Diseases Laboratory  
ID-Lelystad  
Institute for Animal Science and Health  
Edelhertweg 15  
PO Box 65  
8200 AB Lelystad  
Nederland.

Austurríki: Institut für Hydrobiologie, Fisch- und Bienenkunde  
Veterinärmedizinische Universität Wien  
Veterinärplatz 1  
A-1210 Wien.

Pólland: Laboratorium Zakładu Chorób Ryb Państwowego  
Instytutu Weterynaryjnego  
AL. Partyzantów 57  
PL-24-100 Puławy

Portúgal: Laboratório Nacional de Investigação Veterinária  
Estrada de Benfica 701  
P-1500 Lisboa.

Slóvenía: Nacionalni veterinarski inštitut,  
Gerbičeva 60  
SI-1000 Ljubljana.

Slóvakía: Štátný veterinárny a potravinový ústav  
Janoškova 1611/58  
026 80  
SK-Dolný Kubín.

Finnland: Eläinlääkintä- ja elintarvikelaitos (EELA)  
PL 368  
FIN-00231 Helsinki.

Svíþjóð: Statens Veterinärmedicinska Anstalt (SVA)  
S-751 89 Uppsala.

Breska konungsríkið:  
CEFAS Weymouth Laboratory  
Barrack Road  
Weymouth DT4 8UB  
United Kingdom.  
The Marine Laboratory  
PO box 101  
Victoria Road  
Aberdeen AB9 8DB  
United Kingdom.

**VIÐAUKI B**  
**Tilvísunarrannsóknarstofa Evrópska efnahagssvæðisins**  
**vegna fisksjúkdóma.**

Danmörk: Statens Veterinære Serumlaboratorium  
Fødevareministeriet  
Hangøvej 2  
DK-8200 Århus N.

**VIÐAUKI C**  
**Hlutverk og skyldur tilvísunarrannsóknarstofu**  
**Evrópska efnahagssvæðisins vegna fisksjúkdóma.**

Hlutverk og skyldur tilvísunarrannsóknarstofu EES vegna sjúkdóma í skrá I og II skal vera:

1. Að samræma, í samráði við ESA, aðferðir sem eru notaðar við greiningu viðkomandi sjúkdóms, einkum með því að:
  - a) ákveða, geyma og afgreiða viðkomandi sjúkdómsvalda með sermipróf og gerð mótsermis í huga;
  - b) afgreiða staðlað sermi og önnur viðmiðunarprófunarefni til innlendra tilvísunarrannsóknarstofa til að hægt sé að staðla próf og prófunarefni sem eru notuð í aðildarríkjunum;
  - c) birgja sig upp og viðhalda nýjasta safni stofna sjúkdómsvalda og ræktaðra sjúkdómsvalda viðkomandi sjúkdóms;
  - d) skipuleggja reglubundin samanburðarpróf á greiningaraðferðum innan EES;
  - e) safna og halda saman gögnum og upplýsingum um greiningaraðferðir sem eru notaðar og niðurstöður prófa sem fram fara innan EES;
  - f) ákvarða einkenni viðkomandi ræktaðra sjúkdómsvalda með nýjustu aðferðum til að unnt sé að auka skilning á farsóttarfræði sjúkdómsins;
  - g) fylgjast með framförum á sviði eftirlits, farsóttarfræða og varna gegn viðkomandi sjúkdómi alls staðar í heiminum;
  - h) viðhalda sérfræðiþekkingu um viðkomandi sjúkdómsvald og aðra hugsanlega sjúkdómsvalda svo að unnt sé að gera skjótvirka samanburðargreiningu;
  - i) afla staðgóðrar þekkingar á gerð og notkun dýraónæmislyfja sem eru notuð til að berjast gegn og útrýma viðkomandi sjúkdómi.

2. Að veita virka aðstoð við greiningu á uppkomu viðkomandi sjúkdóms innan EES með hjálp rannsókna á ræktuðum sjúkdómsvöldum sem eru sendir þeim til staðfestingar á sjúkdómsgreiningu, ákvörðunar á einkennum og farsóttarfræðilegra rannsókna;
3. Að auðvelda menntun eða endurmenntun sérfræðinga í rannsóknarstofugreiningu með það í huga að samhæfa greiningaraðferðir innan EES.
4. Að eiga samvinnu við þar til bærar rannsóknarstofur í þriðju löndum að því er varðar aðferðir til greiningar á sjúkdómum í skrá I, ef þessir sjúkdómar eru útbreiddir þar.

#### VIÐAUKI D

##### Lágmarksviðmiðanir vegna viðbragðsáætlana.

Viðbragðsáætlanir skulu hið minnsta uppfylla eftirfarandi:

1. Að komið sé á fót viðlagamiðstöð með það fyrir augum að samræma allar eftirlitsráðstafanir.
2. Að tekin sé saman skrá yfir sjúkdómseftirlitsmiðstöðvar sem hafa fullnægjandi búnað til að samræma eftirlit með ráðstöfunum vegna sjúkdóma.
3. Að gefnar séu nákvæmar upplýsingar um starfsfólkið sem sér um eftirlitsráðstafanir, hæfni þess og ábyrgð.
4. Að sjúkdómseftirlitsmiðstöð á hverjum stað sé í stakk búin til að hafa samband með hraði við einstaklinga/samtök sem tengjast beint eða óbeint uppkomu sjúkdóms.
5. Að búnaður og efni séu til staðar svo hægt sé að grípa til ráðstafana vegna eftirlits með sjúkdómum á réttan hátt.
6. Að gefin séu nákvæm fyrirmæli um aðgerðir sem grípa skal til ef grunur vaknar eða staðfesting fæst á sýkingu eða smiti.
7. Að komið sé á fót þjálfunarnámskeiðum til að viðhalda og auka færni í vettvangs- og stjórnsýsluáðgerðum.
8. Að greiningarrannsóknarstofur hafi, eftir atvikum, búnað til skoðunar eftir slátrun, nauðsynlega aðstöðu til sermi- og vefjafræðirannsókna, o.s.frv., og verða að viðhalda færni til skjótrar greiningar. Í þessu skyni verður að gera ráðstafanir til að hægt sé að flytja sýni með hraði.
9. Að sett séu ákvæði til að tryggja nauðsynlegt lagaumboð til að hrinda viðbragðsáætlunum í framkvæmd.

#### VIÐAUKI E

##### Viðmiðanir vegna áætlana um bólusetningu.

Í áætlunum um bólusetningar skulu að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Upplýsingar um eðli þess sjúkdóms sem verður til þess að beiðni kemur fram um bólusetningu.
2. Upplýsingar um strand- og meginlandssvæði, staði og eldisstöðvar þar sem bólusetning getur farið fram. Ekki má undir neinum kringumstæðum bólusetja utan marka sýkta svæðisins eða, ef nauðsyn krefur, sóttvarnabeltisins sem skilgreint hefur verið umhverfis sýkta svæðið.
3. Nákvæmar upplýsingar um bóluefnið sem nota skal, þar á meðal um þá tegund eða tegundir bóluefnis sem kunna að verða notaðar.
4. Nákvæmar upplýsingar um notkunarskilyrði, tíðni bólusetningar og þær takmarkanir sem gilda um notkun bóluefnisins (hvaða fiskur, hvaða kvíar o.s.frv.).
5. Viðmiðanir um stöðvun bólusetningar.



6. Upplýsingar um samþykkt ákvæði sem tryggja að skrá sé haldin yfir allar bólusetningar (dagsetningar, staði og eldisstöðvar þar sem bólusetning hefur farið fram, skilgreiningar sóttvarnasvæða o.s.frv.).
7. Þær ráðstafanir sem gerðar eru til þess að halda hreyfingu fisksins innan bólusetningarsvæðisins í lágmarki til að tryggja að fiskurinn fari ekki af því svæði öðruvísi en þegar honum er slátrað til mannelis eða til eyðingar ef nauðsyn krefur.
8. Hvers kyns önnur ákvæði sem eru nauðsynleg vegna bólusetningar.

## REGLUGERÐ

### um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um markaðssetningu innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og innflutning frá löndum utan EES á sjávareldisdýrum og afurðum þeirra. Með reglugerðinni er kveðið nánar á um þær heilbrigðiskröfur sem gerðar eru við markaðssetningu á sjávareldisdýrum og afurðum þeirra.

Tilgangur þessarar reglugerðar er að hindra útbreiðslu smitsjúkdóma í sjávareldisdýrum við markaðssetningu þeirra og afurða þeirra.

###### 2. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Eldisdýr*: Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, að meðtöldum þeim sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
2. *Eldisafurðir*: Afurðir af eldisdýrum, hvort sem þær eru ætlaðar til ræktunar, eins og hrogn og svil, eða til mannelis.
3. *Fiskur, krabbadýr eða lindýr*: Hvaða fiskur, krabbadýr eða lindýr sem er, óháð þroskastigi.
4. *Eldisstöð*: Starfsstöð eða almennt landfræðilega skilgreint mannvirki þar sem eldisdýr eru ræktuð eða alin með markaðssetningu í huga.
5. *Viðurkennd eldisstöð*: Eldisstöð sem uppfyllir, eftir því sem við á, kröfurnar í I., II. eða III. hluta viðauka C og er viðurkennd sem slík samkvæmt 6. gr.
6. *Viðurkennt svæði*: Svæði sem uppfyllir, eftir því sem við á, ákvæði I., II. eða III. hluta viðauka B og er viðurkennt sem slíkt samkvæmt 5. gr.
7. *Viðurkennd rannsóknarstofa*: Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, físksjúkdómadeild hér á landi, en erlendis önnur sambærileg stofnun sem tilnefnd er af þar til bæru yfirvaldi aðildarríkis innan EES eða þriðja lands.
8. *Opinber þjónustustofnun*: Fiskistofa, en erlendis önnur sambærileg stofnun sem er tilnefnd af þar til bæru yfirvaldi EES-ríkis eða þriðja ríkis og ber ábyrgð á eftirlitinu sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
9. *Heilbrigðisskoðun*: Vitjun á vegum opinberrar þjónustustofnunar eða stofnana í eldisstöð eða á svæði til heilbrigðiseftirlits með eldisstöð eða svæði.

10. *Markaðssetning*: Afurðir sem eru geymdar eða sýndar með sölu í huga, boðnar til sölu, seldar, afhentar, framseldar eða með einhverjum öðrum hætti settar á markað innan EES, að smásölu undanskilinni.
11. *Sjávareldisdýr*: Eldisdýr sem lifa allan sinn lífsferil í sjó.
12. *EES-ríki*: Ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.
13. *ESA*: Eftirlitsstofnun EFTA.

## II. KAFLI

### **Markaðssetning sjávareldisdýra og -afurða innan Evrópska efnahagssvæðisins.**

#### 3. gr.

1. Markaðssetning sjávareldisdýra og afurða þeirra skal háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

- a) Þau mega ekki sýna nein klínísk sjúkdómseinkenni á fermingardegi;
- b) Þau mega ekki vera ætluð til förgunar eða slátrunar samkvæmt þeirri áætlun um útrýmingu sjúkdóms sem tilgreind er í viðauka A;
- c) Þau mega ekki koma frá eldisstöð sem er í banni af dýraheilbrigðissjónarmiðum og mega ekki hafa komist í snertingu við dýr frá slíkri eldisstöð, einkum dýr frá eldisstöð sem eftirlitsráðstafanir gilda um í tengslum við reglugerð nr. 510/2005 um lágmarksráðstafanir innan EES vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum.

2. Eldisafurðir sem eru settar á markað til ræktunar (hrogn og svil) verða að vera af dýrum sem fullnægja skilyrðum 1. mgr.

3. Eldisafurðir sem eru settar á markað til manneldis verða að vera af dýrum sem fullnægja skilyrðum a-liðar 1. mgr.

4. Þessi grein gildir með fyrirvara um ákvæði reglugerðar nr. 510/2005 um lágmarksráðstafanir innan EES að því er varðar eftirlit með tilteknum fisksjúkdómum, einkum sjúkdómum í skrá I.

#### 4. gr.

Flytja verður eldisdýr eins fljótt og unnt er til viðtökustaðar með flutningatæki sem hefur verið hreinsað og ef með þarf, sótthreinsað fyrirfram með sótthreinsiefni sem er opinberlega viðurkennt í EES-sendingarríkinu.

Ef vatn er notað í landflutningum skulu flutningatækin þannig úr garði gerð að vatn geti ekki lekið út meðan á flutningunum stendur. Flutningar skulu fara þannig fram að heilbrigði dýranna sé tryggt, einkum með því að skipta um vatn. Skipta verður um vatn á þeim stöðum sem uppfylla kröfur viðauka D. Senda verður Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) skrá yfir slíka staði og tilkynna um breytingar síðar og skal hún koma upplýsingunum á framfæri við hin EES-ríkin.

#### 5. gr.

1. Til að fá svæði viðurkennt vegna eins eða fleiri sjúkdóma sem um getur í 1. dálki í skrá II í viðauka A skal Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni leggja fyrir ESA:

- öll sönnunargögn varðandi þau skilyrði sem sett eru, eftir því sem við á, í þætti B í I., II. eða III. hluta viðauka B,
- innlendar reglur sem tryggja að þeim skilyrðum sem sett eru, eftir því sem við á, í þætti C í I., II. eða III. hluta viðauka B sé fullnægt.

## 6. gr.

1. Til að fá eldisstöð viðurkennda á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, vegna eins eða fleiri sjúkdóma sem um getur í 1. dálki í skrá II í viðauka A, skal Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni leggja fyrir ESA:

- öll sönnunargögn varðandi þau skilyrði sem sett eru, eftir því sem við á, í þætti A í I., II. eða III. hluta viðauka C,
- innlendar reglur sem tryggja að þeim skilyrðum sem sett eru, eftir því sem við á, í þætti B í I., II. eða III. hluta viðauka C sé fullnægt.

2. Þegar ESA hefur móttengið gögn varðandi beiðni um viðurkenningu eða endurnýjun á viðurkenningu eldisstöðvar á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu hefur hún einn mánuð til að rannsaka gögnin. Rannsóknin skal fara fram á grundvelli upplýsinganna sem um ræðir í 1. mgr. og, eftir því sem við á, niðurstaðna eftirlits á staðnum sem fram fer í samræmi við ákvæði 17. gr. Ef niðurstöður rannsóknarinnar eru jákvæðar skal ESA koma þeim á framfæri við Fiskistofu. Fiskistofa hefur tveggja vikna frest til að gera athugasemdir.

Hafi engar athugasemdir verið gerðar þegar fresturinn er útrunninn, eða stangist athugasemdirnar ekki á við niðurstöður ESA, skal ESA viðurkenna eða endurnýja viðurkenningu á eldisstöð. Ef verulegt misræmi er á milli niðurstaðna ESA og athugasemda Fiskistofu og yfirdýralæknis, eða komist ESA að þeirri niðurstöðu eftir að hafa skoðað gögnin að ekki beri að veita viðurkenninguna eða endurnýja hana, hefur ESA tveggja mánaða frest til að vísa málinu til fastanefndar Evrópusambandsins um dýraheilbrigði og leita eftir álitni hennar. Ef svo ber undir skal veita viðurkenninguna eða endurnýja hana. Ef Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni dregur viðurkenningu á eldisstöð til baka í samræmi við þátt C í I., II. eða III. hluta viðauka C skal ESA afturkalla ákvörðun sína um viðurkenningu.

## 7. gr.

1. Markaðssetning lifandi fisks af þeim tegundum sem eru smitnæmar og um getur í 2. dálki í skrá II í viðauka A, hrognna þeirra eða svilja, skal háð því að eftirfarandi viðbótarkröfum sé fullnægt:

- a) Eigi að flytja hann á viðurkennt svæði verður að fylgja honum, samkvæmt 11. gr., flutningsskýrsla sem er í samræmi við fyrirmyndina í 1. eða 2. kafla viðauka E til staðfestingar á að hann komi frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð. Viðbótarábyrgðir skulu ákveðnar vegna aðflutnings fisks sem kemur frá viðurkenndri eldisstöð á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, á viðurkennt svæði. Uns sú ákvörðun liggur fyrir skulu innlendar reglur gilda áfram að því tilskildu að þær séu í samræmi við almenn ákvæði sáttmálans;
- b) eigi að flytja hann til eldisstöðvar sem uppfyllir skilyrði í I. hluta viðauka C, enda þótt hún sé ekki á viðurkenndu svæði, skal fylgja honum, samkvæmt 11. gr., flutningsskýrsla sem er í samræmi við fyrirmynd í 1. eða 2. kafla viðauka E til staðfestingar á að hann komi frá viðurkenndu svæði eða eldisstöð sem hefur sömu heilbrigðisviðurkenningu og viðtökueldisstöðin.

## 8. gr.

1. Markaðssetning lifandi lindýra sem um getur í 2. dálki í skrá II í viðauka A skal háð því að eftirfarandi viðbótarkröfum sé fullnægt:

- a) Eigi að sleppa þeim á viðurkennt strandsvæði verður að fylgja þeim, samkvæmt 11. gr., flutningsskýrsla sem er í samræmi við fyrirmyndina í 3. eða 4. kafla viðauka E til staðfestingar á að þau komi frá viðurkenndu strandsvæði eða viðurkenndri eldisstöð á strandsvæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, eftir því sem við á;
- b) eigi að sleppa þeim í viðurkenndri eldisstöð sem uppfyllir þau skilyrði sem sett eru

í III. hluta viðauka C, enda þótt hún sé ekki á viðurkenndu strandsvæði, verður að fylgja þeim, samkvæmt 11. gr., flutningsskýrsla sem er í samræmi við fyrirmynd í 3. eða 4. kafla viðauka E til staðfestingar á að þau komi frá viðurkenndu strandsvæði eða eldisstöð sem hefur sömu heilbrigðisviðurkenningu og viðtökueldisstöðin.

#### 9. gr.

Markaðssetning á viðurkenndu svæði á eldisdýrum og -afurðum til manneldis frá svæðum sem hafa ekki hlotið viðurkenningu skal háð því að eftirfarandi kröfum sé fullnægt:

1. Fiskur sem er smitnæmur fyrir þeim sjúkdómum sem um getur í 1. dálki í skrá II í viðauka A skal aflífaður og slægður fyrir afgreiðslu. Ekki skal þess krafist að fiskur sé slægður ef hann kemur frá viðurkenndri eldisstöð á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu. Veita má undanþágur frá þessari meginreglu. Uns ákvörðun liggur fyrir skulu innlendar reglur gilda áfram að því tilskildu að þær séu í samræmi við almenn ákvæði sáttmálans.
2. Lifandi lindýr sem eru smitnæm fyrir þeim sjúkdómum sem um getur í 1. dálki í skrá II í viðauka A skal afhenda annaðhvort beint til manneldis eða til lagmetisidnaðarins og þeim ekki sleppt nema:
  - þau komi frá viðurkenndri eldisstöð á strandsvæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, eða
  - þeim hafi verið sókkt um stundarsakir í geymsluker eða hreinsunarstöðvar sem eru sérstaklega búnar og viðurkenndar í því skyni af Fiskistofu og í þeim sé meðal annars kerfi til meðhöndlunar og sóthreinsunar á frárennslisvatni.

#### 10. gr.

1. Ef Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni leggur fram eða gerir áætlun sem gerir henni síðar kleift að innleiða þær aðferðir sem kveðið er á um 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. skal hún leggja þessar áætlanir fyrir ESA og tilgreina einkum:
  - viðkomandi landsvæði og eldisstöð eða -stöðvar,
  - ráðstafanir sem hinar opinberu þjónustustofnanir gera til að tryggja að áætluninni sé fylgt réttilega,
  - aðferðir sem viðurkenndar rannsóknarstofur nota, fjölda þeirra og staðsetningu,
  - tíðni þess sjúkdóms eða sjúkdóma sem tilgreindir eru í 1. dálki skráa I og II í viðauka A,
  - ráðstafanir sem eru gerðar til að berjast gegn þessum sjúkdómum þar sem þeir koma fram.

#### 11. gr.

1. Flutningsskýrslurnar sem um getur í 7. og 8. gr. verða að vera gefnar út af opinberri þjónustustofnun á upprunastaðnum innan 48 klukkustunda fyrir fermingu, á opinberu tungumáli eða tungumálum viðtökustaðarins. Þær skulu vera ein pappírsörk og einungis gefnar út vegna eins viðtakanda. Þær skulu gilda í 10 daga.
2. Hver vörusending af eldisdýrum og -afurðum skal greinilega auðkennd svo að unnt sé að rekja hana til baka til upprunaeldisstöðvarinnar og sannreyna, eftir því sem við á, tengsl dýranna eða afurðanna við upplýsingarnar sem fram koma í meðfylgjandi flutningsskýrslu. Þessar upplýsingar má skrá beint á ílátið eða á merkimiða sem er festur við það eða í flutningsskýrsluna.

## 12. gr.

1. Ef Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni leggur fram eða hefur gert ólögboðna eða lögboðna eftirlitsáætlun vegna eins þeirra sjúkdóma sem tilgreindir eru í 1. dálki skrár III í viðauka A skal það leggja þessa áætlun fyrir ESA og tilgreina einkum:
  - útbreiðslu sjúkdómsins,
  - rök fyrir áætluninni þar sem tekið er tillit til umfangs sjúkdómsins og áætlaðan ávinning af henni í samanburði við kostnað,
  - landsvæði þar sem áætlunin kemur til framkvæmda,
  - hvernig eigi að flokka eldisstöðvar, og hvaða staðla eldisstöðvar í hverjum flokki verði að uppfylla, að prófunaraðferðum meðtöldum,
  - reglur sem gilda um komu dýra með lægri heilbrigðisviðurkenningu í eldisstöð,
  - hvaða aðgerða skuli gripið til ef eldisstöð missir þá viðurkenningu sem hún hefur, af hvaða ástæðu sem það kann að vera,
  - hvers konar eftirlit er haft með áætluninni.
2. ESA skal grandskoða slíkar áætlanir. Viðbótarábyrgðir, almennar eða sértækar, sem krefjast má vegna aðflutnings fiskeldisdýra og -afurða til svæða eða eldisstöðva sem eru undir opinberu eftirliti skulu skilgreindar.
3. Breyta má eða bæta við slíkar áætlanir. Það sama gildir um áætlun sem um getur í 2. mgr.

## 13. gr.

1. Telji Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni að Ísland eða hluti þess sé ósýkt af einhverjum þeirra sjúkdóma sem eru tilgreindir í 1. dálki skrár III í viðauka A skal hún leggja fyrir ESA viðeigandi sönnunargögn, þar sem einkum komi fram:
  - heiti sjúkdómsins og fyrri tilvik,
  - niðurstöður eftirlitsprófa sem eru byggð á sermifræðilegum, veirufræðilegum, örverufræðilegum eða meinafræðilegum niðurstöðum eða greiningu sníkjudýrs, eftir því sem við á, og þeirri staðreynd að skylt er að tilkynna sjúkdóminn til Fiskistofu og yfirdýralæknis,
  - lengd eftirlitstímabils,
  - eftirlitsráðstafanir til að ganga úr skugga um að viðkomandi svæði sé áfram ósýkt af sjúkdóminum.
2. ESA skal kanna sönnunargögnin og tilgreina þau svæði sem teljast skulu ósýkt og þær tegundir sem smitnæmar eru gagnvart viðkomandi sjúkdómi auk viðbótarábyrgða, almennra eða sértækra, sem nauðsynlegar kunna að vera til að unnt sé að flytja eldisdýr og -afurðir til þessara svæða. Lífandi fiski, skelfiski eða krabbadýrum og, ef við á, hrognum þeirra og sviljum sem flutt eru á slík svæði skal fylgja flutningsskýrsla sem staðfestir að þau uppfylla kröfur slíkra viðbótarábyrgða.
3. Tilkynna skal ESA um breytingar á gögnum sem um getur í 1. mgr. og tengjast sjúkdóminum. Breyta má eða fella niður viðbótarábyrgðir skv. 2. mgr., á grundvelli veittra upplýsinga.

## 14. gr.

1. Með fyrirvara um kröfur vegna sjúkdóma sem um getur í 1. dálki skrár III í viðauka A, settar samkvæmt málsmeðferðinni í 12. og 13. gr., skal markaðssetning á lífandi eldisfiski (lífingum eða krabbadýrum), sem er ekki af smitnæmum tegundum samkvæmt 2. dálki í skrá II í viðauka A, og hrogn þeirra og svil vera háð því að eftirfarandi viðbótarkröfum sé fullnægt:
  - a) Þegar flytja á hann inn á viðurkennt svæði, verður að fylgja honum flutningsskýrsla

skv. 11. gr. sem samsvarar fyrirmyndinni til staðfestingar á að hann komi frá svæði með sömu heilbrigðisviðurkenningu, frá viðurkenndri eldisstöð á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu eða frá eldisstöð sem getur verið á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, að því tilskildu að í þeirri eldisstöð sé ekki að finna fisk af smitnæmum tegundum sem um getur í 2. dálki í skrá II í viðauka A og að hún tengist ekki vatnsfalli, hafströnd eða ármynni.

Hægt er að fara fram á undanþágu frá undanfarandi undirgrein, einkum með það í huga að banna aðflutning á viðurkennt svæði á þeim fiski sem um getur í þessari málsgrein og kemur frá viðurkenndri eldisstöð á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, að því tilskildu að í þeirri eldisstöð sé ekki að finna fisk af smitnæmum tegundum sem um getur í 2. dálki í skrá II í viðauka A og að hún tengist ekki vatnsfalli, hafströnd eða ármynni. Samkvæmt sömu málsmæðferð skal ákveða viðeigandi skilyrði og ráðstafanir til að tryggja að ákvæðinu verði fylgt á einsleitann hátt. Uns ákvarðanir liggja fyrir skulu innlendar reglur gilda;

- b) þegar flytja á hann í eldisstöð sem fullnægir skilyrðum viðauka C, enda þótt hún sé á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, verður að fylgja þeim flutningsskýrsla samkvæmt 11. gr. sem samsvarar fyrirmyndinni, til staðfestingar á að hann komi frá viðurkenndu svæði, frá eldisstöð með sömu heilbrigðisviðurkenningu eða frá eldisstöð sem getur verið á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, að því tilskildu að í þeirri eldisstöð sé ekki að finna fisk af smitnæmum tegundum sem um getur í 2. dálki í skrá II í viðauka A og að hún tengist ekki vatnsfalli, hafströnd eða ármynni.

2. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. gilda um markaðssetningu á lindýrum frá eldisstöð sem eru ekki af þeim smitnæmu tegundum sem um getur í 2. dálki í skrá II í viðauka A.

3. Með fyrirvara um kröfur vegna sjúkdóma sem um getur í 1. dálki í skrá III í viðauka A, settar samkvæmt málsmæðferðinni í 12. og 13. gr., skal markaðssetning á villtum fiski, lindýrum eða krabbadýrum, hrognum þeirra og sviljum, vera háð því að eftirfarandi viðbótarkröfum sé fullnægt:

- a) Þegar flytja á þau inn á viðurkennt svæði verður að fylgja þeim flutningsskýrsla skv. 11. gr. sem samsvarar fyrirmyndinni til staðfestingar á að þau komi frá svæði með sömu heilbrigðisviðurkenningu;
- b) þegar flytja á þau í eldisstöð sem fullnægir skilmálum viðauka C, enda þótt hún sé á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, verður að fylgja þeim flutningsskýrsla samkvæmt 11. gr. sem samsvarar fyrirmyndinni til staðfestingar á að þau komi frá viðurkenndu svæði;
- c) ef slíkir dýr eru veidd úti á opnu hafi og eru notuð til ræktunar á viðurkenndum svæðum og eldisstöðvum verður að setja þau í sóttkví sem er undir eftirliti Fiskistofu í samráði við yfirdýralækni á hentugum starfssvæðum og samkvæmt viðeigandi skilyrðum.

4. Kröfur þær sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki ef reynslan hefur sýnt og/eða vísindalegar staðreyndir að ekkert aðfengið smit berst þegar fiskeldisdýr, sem eru ekki af smitnæmu tegundunum er um getur í 2. dálki í skrá II í viðauka A, eru flutt frá svæði sem ekki er viðurkennt til viðurkennds svæðis. ESA skal gera skrá yfir þau fiskeldisdýr sem undanþágan sem um getur í fyrstu undirgrein gildir fyrir og, ef nauðsyn krefur, breyta þeirri skrá í ljósi framfara á sviði vísinda og tækni. Setja skal sérstök skilyrði fyrir markaðssetningu slíkra dýra, þar með talið um tilskilið fylgiskjal, og þeim breytt samkvæmt sömu málsmæðferð.

5. Þessi grein gildir ekki um hitabeltisskrautfiska sem eingöngu eru hafðir í fiskabúrum.

## 15. gr.

Ákveða skal sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir sem á að nota til að greina og staðfesta þá sjúkdóma sem um getur í 1. dálki viðauka A. Þessar sýnatökuáætlanir verða að taka mið af tilvist villts fisks, krabbadýra og lindýra í vatnsumhverfinu.

## 16. gr.

Reglur þær sem settar eru í reglugerð nr. 849/1999 um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, og reglugerð nr. 512/2005 um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES, að því er varðar markaðssett eldisdýr og -afurðir, skulu gilda, einkum um skipulag og aðgerðir sem grípa skal til að lokinni skoðun sem EES-ríki á viðtökustað á að annast og verndarráðstafanirnar sem eiga að koma til framkvæmda.

## 17. gr.

Dýraheilbrigðissérfræðingar ESA geta framkvæmt skoðanir á staðnum í samvinnu við Fiskistofu og yfirdýralækni. Veita skal sérfræðingunum alla þá aðstoð sem nauðsynleg er til að þeir geti unnið verk sitt. ESA skal tilkynna um niðurstöður slíkra skoðana.

## III. KAFLI

**Reglur um innflutning frá þriðju ríkjum.**

## 18. gr.

Eldisdýr og -afurðir sem flutt eru inn til EES skulu fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru í 19., 20. og 21. gr.

## 19. gr.

1. Eldisdýr og -afurðir verða að koma frá þriðju ríkjum eða hlutum þeirra sem eru taldir upp í skrá sem ESA tekur saman og uppfærir.
2. Þegar ákveðið er hvort þriðja ríki eða hluti þess skuli tilgreint í skránni sem um getur í 1. mgr. skal einkum tekið mið af:
  - a) heilbrigðisástandi eldisdýranna, einkum skal gefa gaum að framandi sjúkdómum og ástandi heilbrigðismála í þriðja ríki sem gæti stofnað heilbrigði stofnsins í hættu í viðtökuríkinu;
  - b) hversu reglulega og hve oft þriðja ríkið lætur í té upplýsingar um tilvist smitsjúkdóma í fiskeldisdýrum á yfirráðasvæði sínu, einkum um þá sjúkdóma sem eru tilgreindir í skrá B frá Alþjóðastofnun um smitsjúkdóma dýra;
  - c) reglum þriðja ríkisins um forvarnaaðgerðir og eftirlit með sjúkdómum í eldisdýrum;
  - d) uppbyggingu opinberra þjónustustofnana í þriðja ríkinu og valdsviði þeirra;
  - e) skipulagi og framkvæmd ráðstafana til að koma í veg fyrir og hafa eftirlit með smitsjúkdómum í eldisdýrum;
  - f) þeim tryggingum sem þriðja ríkið veitir vegna reglna sem eru settar í þessari reglugerð.
3. Skrána sem um getur í 1. mgr. og allar breytingar á henni skal birta.

## 20. gr.

1. Fyrir hvert þriðja ríki skulu eldisdýr og -afurðir fullnægja þeim heilbrigðisskilyrðum sem eru samþykkt.
2. Eftir því hvert ástand dýraheilbrigðismála er í viðkomandi þriðja ríki geta skilyrðin sem um getur í 1. mgr. einkum tekið til:
  - takmarkana á innflutningi frá hluta þriðja ríkisins,
  - takmarkana vegna tiltekinna tegunda, óháð þroskastigi,

- forskrifta um meðferð sem afurðirnar eiga að hljóta, eins og sóttthreinsun hrogna,
- forskrifta um notkun þessara dýra eða afurða,
- ráðstafana sem gera skal vegna innflutnings, eins og sóttkvíun eða sóttthreinsun hrogna.

3. Uns innflutningsskilyrðin sem kveðið er á um hafa verið sett skal tryggja að innflutningur á eldisdýrum og -afurðum frá þriðju ríkjum sé háður skilyrðum sem eru að minnsta kosti sambærileg þeim skilyrðum sem gilda um framleiðslu og markaðssetningu á EES-vörum.

#### 21. gr.

1. Eldisdýrum og -afurðum skal fylgja vottorð sem er gefið út af opinberri þjónustustofnun í þriðja ríkinu sem flytur út. Vottorðið skal:

- a) gefið út þann dag sem vörusendingin er afhent til afgreiðslu til viðtöku EES-ríkisins;
- b) fylgja vörusendingunni í frumriti;
- c) staðfesta að eldisdýrin og tiltekna afurðir uppfylli kröfur þessarar reglugerðar og þær sem eru settar í tengslum við hana vegna innflutnings frá þriðja ríkinu;
- d) gilda í 10 daga;
- e) vera ein pappírsörk;
- f) gert fyrir einn viðtakanda.

2. Vottorðið sem um getur í 1. mgr. skal vera samkvæmt fyrirmynd í viðauka E.

#### 22. gr.

Dýraheilbrigðissérfræðingar EES-ríkjanna og ESA skulu kanna með skoðun á staðnum hvort ákvæðum þessarar reglugerðar, einkum 19. og 20. gr., er fylgt í reynd. ESA skal tilnefna sérfræðinga þeirra EES-ríkja sem skulu annast þessar skoðanir, að fenginni tillögu EES-ríkjanna. Skoðanirnar skulu gerðar á ábyrgð og kostnað ESA.

### IV. KAFLI

#### Lokaákvæði.

#### 23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi. Með mál út af brotum á reglum samkvæmt reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

#### 24. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar og til innleiðingar á tilskipunum ráðsins nr. 91/67/EBE, 93/54/EBE, 95/22/EB, 97/79/EB, 98/45/EB, 806/2003/EB og ákvörðun ráðsins nr. 95/1/EB. Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. maí 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Ásta Einarsdóttir.*



VIÐAUKI A  
Skrá yfir sjúkdóma/sjúkdómsvalda í fiskum, lindýrum og krabbadýrum.

Dálkur 1	Dálkur 2
Sjúkdómur	Smitnæmar tegundir
<b>Skrá I</b>	
<b>Fiskur:</b> Blóðþorri (ISA)	Lax ( <i>Salmo salar</i> L.)
<b>Skrá II</b>	
<b>Fiskur:</b> Veirublæðing (VHS)	Laxfiskar ( <i>Salmo</i> sp., <i>Salvelinus</i> sp., <i>Oncorhynchus</i> sp.) Harri ( <i>Thymallus thymallus</i> ) Tjarnasíld ( <i>Coregonus</i> spp.) Gedda ( <i>Esox lucius</i> ) Sandhverfa ( <i>Scophthalmus maximus</i> )
Iðradrep (IHN)	Laxfiskar ( <i>Salmo</i> sp., <i>Salvelinus</i> sp., <i>Oncorhynchus</i> sp.) Gedduseiði ( <i>Esox lucius</i> )
<b>Lindýr:</b> Ostruveiki ( <i>Bonomia ostreae</i> ) Marteiliuveiki ( <i>Marteilia refringens</i> )	Ostra ( <i>Ostrea edulis</i> ) Ostra ( <i>Ostrea edulis</i> )
<b>Skrá III</b>	
<b>Fiskur:</b> Brisdrep (IPN)	Verða tilgreindir í áætluninni sem um getur í 12. og 13. gr.
Vorveira í vatnakarpa (SVC)	
Nýrnaveiki (BKD) ( <i>Renibacterium salmoninarum</i> )	
Kýlaveiki ( <i>Aeromonas salm. ssp. salmonicida</i> )	
Rauðmunnaveiki ( <i>Yersinia ruckeri</i> )	
Roðflyðrusýki ( <i>Gyrodactylus salaris</i> )	
<b>Krabbadýr:</b> Krabbapest ( <i>Aphanomycois astaci</i> )	

## VIÐAUKI B Viðurkennd svæði.

### I. Meginlandssvæði fyrir fisk (2. dálkur í skráum I og II í viðauka A).

#### A. Skilgreining á meginlandssvæðum.

Með meginlandssvæði er átt við:

- hluta yfirráðasvæðis sem nær yfir heilt vatnasvið frá upptökum vatnsfallanna að árósum þar sem sjávarfalla gætir, eða eins eða fleiri vatnasviða, þar sem fiskur er ræktaður, veiddur eða alinn, eða
- hluta vatnasviðs frá upptökum vatnsfallanna að náttúrulegri eða tilbúinni stíflu sem kemur í veg fyrir að fiskurinn fari niður fyrir þá stíflu.

Stærð og landfræðileg lega meginlandssvæðis verður að vera þannig að líkur á endursmitun, t.d. vegna farfisks, séu í lágmarki. Þetta getur þýtt að ákveða verði stíflusvæði þar sem eftirlit fer fram án þess að svæðið verði flokkað sem viðurkennt svæði.

#### B. Viðurkenning.

Til að hljóta viðurkenningu verður meginlandssvæði að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Allur fiskur verður að vera laus við klínísk einkenni eða önnur merki um einn eða fleiri af sjúkdómunum sem um getur í 1. dálki í skrá II í viðauka A í að minnsta kosti fjögur ár;
2. Allar eldisstöðvar á meginlandssvæðinu verða að vera undir eftirliti embættis yfirdýralæknis. Heilbrigðisskoðun tvisvar á ári verður að hafa farið fram í tvö ár. Heilbrigðisskoðun verður að fara fram á þeim árstíma sem vatnshitastigið skapar skilyrði fyrir þróun þessara sjúkdóma. Heilbrigðisskoðun verður að fela í sér að minnsta kosti:
  - skoðun á fiski þar sem einhver frávik koma fram,
  - töku sýna í samræmi við áætlun sem er ákveðin samkvæmt málsmeðferð í 15. gr. sem senda skal eins fljótt og kostur er til viðurkenndrar rannsóknarstofu þar sem fram fer greining á viðkomandi smitefnum.

Hins vegar geta svæði, þar sem reynslan sýnir að þeir sjúkdómar sem um getur í 1. dálki í skrá II í viðauka A fyrirfinnast ekki, öðlast stöðu viðurkennds svæðis ef:

- a) landfræðileg lega er þannig að sjúkdómar eigi ekki greiða leið að svæðinu;
- b) opinbert heilbrigðiseftirlitskerfi hefur verið í lengri tíma, minnst tíu ár, þar sem:
  - reglulegt eftirlit hefur verið haft með öllum eldisstöðvum,
  - notað hefur verið sjúkdómatilkynningakerfi,
  - ekkert sjúkdómstilvik hefur verið tilkynnt,
  - samkvæmt gildandi reglum var aðeins unnt að flytja inn á viðkomandi svæði hrogn fiska eða svil frá ósmituðum svæðum eða eldisstöðvum sem opinbert eftirlit er haft með og framvísa sambærilegum heilbrigðisábyrgðum.

Heimilt er að stytta tíu ára tímabilið sem um getur í fyrsta undirlið í fimm ár á grundvelli niðurstaðna rannsókna sem fara fram á vegum opinberrar þjónustustofnunar í því EES-ríki sem sækir um slíkt, að því tilskildu að auk þeirra krafna sem um getur í fyrsta undirlið hafi heilbrigðisskoðun farið fram að minnsta kosti tvisvar á ári í reglubundnu eftirliti með öllum eldisstöðvum, sem um getur hér að framan, sem að minnsta kosti felst í:

- skoðun á fiski þar sem einhver frábrigði koma fram,
- töku sýna úr að minnsta kosti 30 fiskum í hverri heimsókn.

3. Ef engin eldisstöð er á meginlandssvæði sem á að viðurkenna verður yfirdýralæknir að hafa gert það að skilyrði að heilbrigðisskoðun fari fram á fiski á lægri hluta vatnasviðsins tvisvar á ári í fjögur ár, í samræmi við 2. lið.
4. Rannsóknarstofurannsóknir á fiski sem er tekinn við heilbrigðisskoðun hafi sýnt neikvæðar niðurstöður að því er viðkomandi smitefni varðar.

*C. Viðurkenningu haldið við.*

Fullnægja þarf eftirfarandi kröfum til að halda viðurkenningu:

1. Fiskur sem er fluttur á svæðið verður að koma frá öðru viðurkenndu svæði eða frá viðurkenndri eldisstöð.
2. Heilbrigðisskoðun verður að fara fram tvisvar á ári á hverri eldisstöð í samræmi við 2. lið í B-hluta nema á eldisstöðvum án seiðastofns, þar verður heilbrigðisskoðun að fara fram einu sinni á ári. Þó verða sýni tekin á víxl í 50% af fiskeldisstöðvunum á meginlandssvæðinu á hverju ári.
3. Niðurstöður rannsóknarstofurannsóknna á fiski sem hefur verið tekinn við heilbrigðisskoðun verða að hafa verið neikvæðar að því er varðar sjúkdómana sem um getur í 1. dálki skráar II í viðauka A.
4. Þeir sem reka eldisstöðvar eða þeir sem bera ábyrgð á aðflutningi fisks verða að halda skrá þar sem fram koma allar nauðsynlegar upplýsingar svo að unnt sé að hafa óslitið eftirlit með heilbrigði fisksins.

*D. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.*

1. Tilkynna skal eins fljótt og kostur er til yfirdýralæknis óvænt dauðsföll eða önnur einkenni þar sem grunur gæti leikið á að fisksjúkdómur sem um getur í 1. dálki í skrá II í viðauka A hafi komið upp.

Hann skal þegar í stað fella niður tímabundið viðurkenningu svæðisins eða hluta þess, að því tilskildu að sá hluti svæðisins sem enn hefur stöðu viðurkennds svæðis sé áfram í samræmi við skilgreininguna í A-lið.

2. Úrtak með að minnsta kosti 10 sýktum fiskum skal sent til viðurkenndu rannsóknarstofunnar til greiningar á viðkomandi smitefnum. Yfirdýralækni skal umsvifalaust tilkynnt um niðurstöður prófsins.

3. Ef niðurstöður smitefnagreiningarinnar eru neikvæðar, enda þótt aðrar niðurstöður kunni að vera jákvæðar, skal yfirdýralæknir endurnýja viðurkenninguna.

4. Ef ekki er unnt að gera sjúkdómsgreiningu verður frekari heilbrigðisskoðun að fara fram innan 15 daga frá því að fyrsta úrtak var tekið og taka verður nógu marga sýkta fiska og senda þá til viðurkenndu rannsóknarstofunnar til smitefnagreiningar. Fáist aftur neikvæðar niðurstöður eða séu ekki fleiri fiskar sýktir endurnýjar embætti yfirdýralæknis viðurkenninguna.

5. Ef niðurstöðurnar eru jákvæðar skal embætti yfirdýralæknis afturkalla viðurkenningu svæðisins eða hluta svæðisins sem um getur í 1. lið.

6. Endurnýjun á viðurkenningu svæðis eða hluta svæðis sem um getur í 1. lið er háð eftirfarandi skilyrðum:

a) komi upp sjúkdómur:

- verður allur fiskur í sýktu eldisstöðinni að hafa verið aflífaður og farga verður fiski sem er smitaður,
- skal sótthreinsa öll tæki og búnað í samræmi við þær reglur sem yfirdýralæknir setur;

b) þegar sjúkdóminum hefur verið útrýmt verður aftur að fullnægja kröfum þáttar B.

7. Yfirdýralæknir skal tilkynna ESA og hinum EES-ríkjunum um tímabundna niðurfell-

ingu, endurútgáfu eða afturköllun á viðurkenningu svæðis eða hluta svæðis eins og um getur í 1. lið.

## **II. Strandsvæði fyrir fisk** (2. dálkur skráa I og II í viðauka A).

A. Strandsvæði er landfræðilega vel afmarkaður hluti strandar, hafsvæðis eða ármynnis og myndar einsleitt vatnakerfi eða röð slíkra kerfa. Ef nauðsyn krefur má líta svo á að strandsvæði sé myndað af hluta strandar eða hafsvæðis eða ármynnis sem er milli mynnis tveggja vatnsfalla eða af hluta strandar eða hafsvæðis eða ármynnis þar sem er ein eldisstöð eða fleiri, að því tilskildu að gert sé ráð fyrir stíflusvæði báðum megin við eldisstöðina eða -stöðvarnar sem ESA ákveður hve langt skuli ná í hverju tilviki fyrir sig í samræmi við málsmeðferð í 26. gr.

### *B. Viðurkenning.*

Til að hljóta viðurkenningu verður strandsvæði fyrir fisk að fullnægja þeim kröfum sem settar eru vegna meginlandssvæða og um getur í þætti B í I. hluta.

### *C. Viðurkenningu haldið við.*

Fullnægja verður þeim kröfum sem settar eru í þætti C í I. hluta til að halda viðurkenningu.

### *D. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.*

Sömu reglur gilda og fram koma í þætti D í I. hluta. Ef svæðið er myndað af röð vatnasvæða getur tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar samt sem áður átt við hluta af þessari vatnasvæðaröð ef sá hluti er landfræðilega skýrt afmarkaður og er einsleitt vatnasvæði, að því tilskildu að sá hluti sem enn er viðurkenndur sé áfram í samræmi við skilgreininguna í þætti A.

## **III. Strandsvæði fyrir lindýr** (2. dálkur skráar II í viðauka A).

A. Strandsvæði verður að uppfylla skilgreininguna sem kemur fram í þætti A í II. hluta.

### *B. Viðurkenning.*

Til að hljóta viðurkenningu verður strandsvæði að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Öll lindýr verða að vera laus við klínísk einkenni eða önnur merki um einn eða fleiri af sjúkdómum sem um getur í 1. dálki skráar II í viðauka A í að minnsta kosti tvö ár.
2. Allar eldisstöðvar á strandsvæðinu verða að vera undir eftirliti embættis yfirdýralæknis. Það fer eftir þróun viðkomandi smitefna hversu oft heilbrigðisskoðun fer fram. Við heilbrigðisskoðun eru sýni tekin og send eins fljótt og kostur er til viðurkenndrar rannsóknarstofu, þar sem fram fer greining á viðkomandi smitefnum.
3. Embætti yfirdýralæknis skal gera að skilyrði að heilbrigðisskoðun fari fram á lindýrum í samræmi við 2. lið, svo oft sem hæfir þróun viðkomandi smitefna ef engin eldisstöð er á strandsvæði. Sýni hins vegar nákvæm skoðun á dýralífinu að engin lindýr fyrirfinnist á svæðinu af tegundum sem eru smitnæmar eða arfberar getur embætti yfirdýralæknis viðurkennt svæðið áður en lindýr eru flutt þangað.
4. Rannsóknarstofurannsóknir á lindýrum sem eru tekin við heilbrigðisskoðun hafi sýnt neikvæðar niðurstöður að því er viðkomandi smitefni varðar. Við viðurkenningu má taka tillit til þess að reynslan hafi sýnt að sjúkdómarnir sem um getur í 1. dálki skráar II í viðauka A finnast ekki.

*C. Viðurkenningu haldið við.*

Fullnægja þarf eftirfarandi kröfum til að halda viðurkenningu:

1. Lindýr sem flutt eru á strandsvæði komi frá öðru viðurkenndu strandsvæði eða frá viðurkenndri eldisstöð á strandsvæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu.
2. Heilbrigðisskoðun fari fram í hverri eldisstöð í samræmi við 2. lið í þætti B, svo oft sem hæfir þróun viðkomandi smitefna.
3. Niðurstöður rannsóknarstofurannsókna á lindýrum sem hafa verið tekin við heilbrigðisskoðun hafi verið neikvæðar að því er varðar sjúkdómana sem um getur í 1. dálki í skrá II í viðauka A.
4. Þeir sem reka eldisstöðvar eða þeir sem bera ábyrgð á aðflutningi lindýra verða að halda skrá þar sem fram koma allar nauðsynlegar upplýsingar svo að unnt sé að hafa óslitið eftirlit með heilbrigði lindýranna.

*D. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.*

1. Tilkynna skal eins fljótt og kostur er til yfirdýralæknis óvænt dauðsföll eða önnur ein-kenni þar sem grunur gæti leikið á að lindýrasjúkdómur sem um getur í 1. dálki í skrá II í viðauka A hafi komið upp. Hann skal þegar í stað fella niður tímabundið viðurkenningu svæðisins eða, ef svæðið er myndað af röð vatnasvæða, hluta slíkrar raðar ef hann er landfræðilega skýrt afmarkaður og er einsleitt vatnasvæði, að því tilskildu að sá hluti sem enn hefur stöðu viðurkennds svæðis sé áfram í samræmi við skilgreininguna í A-lið.
2. Úrtak með sýktum lindýrum skal sent til viðurkenndu rannsóknarstofunnar til greiningar á viðkomandi smitefnum. Yfirdýralækni skal umsvifalaust tilkynnt um niðurstöður prófsins.
3. Ef niðurstöður smitefnagreiningarinnar eru neikvæðar, enda þótt aðrar niðurstöður kunni að vera jákvæðar, skal viðurkenningin endurnýjuð.
4. Ef ekki er unnt að gera sjúkdómsgreiningu verður frekari heilbrigðisskoðun að fara fram innan 15 daga frá því að fyrsta úrtak var tekið og taka verður nógu mörg sýkt lindýr og senda þau til viðurkenndu rannsóknarstofunnar til smitefnagreiningar. Fáist aftur neikvæðar niðurstöður eða séu ekki fleiri lindýr sýkt endurnýjar embætti yfirdýralæknis viðurkenninguna.
5. Ef niðurstöðurnar eru jákvæðar skal yfirdýralæknir afturkalla viðurkenningu svæðisins eða hluta svæðisins eins og um getur í 1. lið.
6. Endurnýjun á viðurkenningu svæðis eða hluta svæðis, eins og um getur í 1. lið., er háð eftirfarandi skilyrðum:
  - a) Komi upp sjúkdómur:
    - skal farga öllum lindýrum sem eru smituð eða sýkt,
    - skal sótthreinsa öll tæki og búnað í samræmi við þær reglur sem embætti yfirdýralæknis setur;
  - b) Þegar sjúkdóminum hefur verið útrýmt verður aftur að fullnægja kröfum þáttar B.
7. Yfirdýralæknir skal tilkynna ESA og hinum EES-ríkjunum um tímabundna niðurfellingu, endurútgáfu og afturköllun á viðurkenningu svæðis eða hluta svæðis, eins og um getur í 1. lið.

## VIÐAUKI C

**Viðurkenndar eldisstöðvar á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu.****I. Meginlandseldisstöðvar fyrir fisk (2. dálkur í skrá I og II í viðauka A).***A. Viðurkenning.*

Til að öðlast viðurkenningu verður eldisstöð að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Vatn komi úr brunni, borholu eða uppsprettu. Þegar slíkir vatnsöflunarstaðir eru í ákveðinni fjarlægð frá eldisstöðinni skal vatnið leitt beint til hennar um rör eða, með samþykki embættis yfirdýralæknis, eftir opnum skurði eða náttúrulegri rás, að því tilskildu að slíkt sé ekki uppspretta smits fyrir viðkomandi eldisstöð og villtur fiskur komist ekki inn í hana. Vatnsrásin skal vera undir eftirliti eldisstöðvarinnar eða, ef því verður ekki komið við, heilbrigðiseftirliti.
2. Náttúrulegar eða tilbúnar hindranir séu forstreymis til að koma í veg fyrir að fiskur gangi upp í viðkomandi eldisstöð.
3. Ef nauðsyn krefur skal eldisstöð varin gegn flóðum og því að vatn geti þrengt sér inn.
4. Eldisstöð skal að breyttu breytanda fullnægja þeim kröfum sem um getur í þætti B í I. hluta viðauka B. Þegar sótt er um viðurkenningu á grundvelli skráðra upplýsinga og opinbert eftirlitskerfi hefur verið starfrækt í tíu ár skal hún fullnægja eftirfarandi viðbótarkröfum:
  - Klínísk rannsókn skal hafa farið fram í eldisstöðinni að minnsta kosti árlega og sýni tekin og kannað á viðurkenndri rannsóknarstofu hvort um viðkomandi smitefni er að ræða.
5. Yfirdýralæknir kann að grípa til viðbótarráðstafana gagnvart eldisstöðinni sé slíkt talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að sjúkdómar komi upp. Slíkar ráðstafanir geta fallist í því að koma upp stíflusvæði umhverfis stöðina þar sem eftirlitsáætlun er fylgt og koma á vörnum gegn innkomu hugsanlegra sjúkdómsvalda eða smitbera.
6. Samt sem áður:
  - a) er heimilt að viðurkenna nýja eldisstöð, sem fullnægir þeim kröfum sem um getur í 1., 2., 3. og 5. lið og hefur starfsemi sína með fiski, hrognum eða sviljum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar;
  - b) er heimilt að viðurkenna eldisstöð, sem fullnægir þeim kröfum sem um getur í 1., 2., 3. og 5. lið og hefur starfsemi að nýju eftir hlé með fiski, hrognum eða sviljum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar, að því tilskildu að:
    - yfirdýralæknir þekki heilbrigðissögu eldisstöðvarinnar fjögur undanfarin ár. Hafi viðkomandi stöð hins vegar verið starfrækt skemur en fjögur ár skal miða við þann rauntíma sem hún hefur verið í rekstri,
    - ekki hafi verið gerðar ráðstafanir í eldisstöðinni á sviði dýraheilbrigðis vegna þeirra sjúkdóma sem taldir eru upp í skrá II í viðauka A og ekki sé vitað um slík sjúkdómstilfelli áður í stöðinni,
    - eldisstöðin sé þrífín og sótthreinsuð og látin standa auð í að minnsta kosti 15 daga undir opinberu eftirliti áður en fiskur, hrogn eða svil eru flutt inn í hana.

#### B. Viðurkenningu haldið við.

Fullnægja verður þeim kröfum sem eru settar í þætti C í I. hluta viðauka B til að halda viðurkenningu. Þó skal taka sýni einu sinni á ári.

#### C. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.

Sömu reglur gilda og fram koma í þætti D í I. hluta viðauka B.

## II. Strandeldisstöðvar fyrir fisk (2. dálkur skráar II í viðauka A).

### A. Viðurkenning.

Til að hljóta viðurkenningu verður eldisstöð að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Hún skal fá vatn í gegnum kerfi sem er með búnaði til að eyða smitefnum þeirra sjúkdóma sem um getur í skrá II í 1. dálki í viðauka A. Ákveða ber nauðsynlegar viðmiðanir til að unnt sé að beita þessum ákvæðum alls staðar með sama hætti, einkum þeim er lúta að því að kerfið starfi eðlilega.
2. Hún skal, að breyttu breytanda, fullnægja þeim kröfum sem eru settar í þætti B í II. hluta viðauka B.
3. Samt sem áður:
  - a) er heimilt að viðurkenna nýja eldisstöð, sem fullnægir þeim kröfum sem um getur í 1. og 2. lið og hefur starfsemi sína með fiski, hrognum eða sviljum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar;
  - b) er heimilt að viðurkenna eldisstöð, sem fullnægir þeim kröfum sem um getur í 1. og 2. lið og hefur starfsemi að nýju eftir hlé með fiski, hrognum eða sviljum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar, að því tilskildu að:
    - yfirdýralæknir þekki heilbrigðissögu eldisstöðvarinnar fjögur undanfarin ár. Hafi viðkomandi stöð hins vegar verið starfrækt skemur en fjögur ár skal miða við þann rauntíma sem hún hefur verið í rekstri,
    - ekki hafi verið gerðar ráðstafanir í eldisstöðinni á sviði dýraheilbrigðis vegna þeirra sjúkdóma sem taldir eru upp í skrá II í viðauka A og ekki sé vitað um slík sjúkdómstilfelli áður í stöðinni,
    - eldisstöðin sé þrífín og sóttþreinsuð og látin standa auð í að minnsta kosti 15 daga undir opinberu eftirliti áður en fiskur, hrogn eða svil eru flutt inn í hana.

#### *B. Viðurkenningu haldið við.*

Fullnægja verður, að breyttu breytanda, þeim kröfum sem settar eru í þætti C í II. hluta viðauka B til að halda viðurkenningu.

#### *C. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.*

Sömu reglur gilda, að breyttu breytanda, og fram koma í þætti D í II. hluta viðauka B.

### **III. Strandeldisstöðvar fyrir lindýr (2. dálkur skráar II í viðauka A).**

#### *A. Viðurkenning.*

Til að hljóta viðurkenningu verður eldisstöð að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Hún skal fá vatn í gegnum kerfi sem er með búnaði til að eyða smitefnum þeirra sjúkdóma sem um getur í skrá II í 1. dálki í viðauka A. Ákveða ber nauðsynlegar viðmiðanir til að unnt sé að beita þessum ákvæðum alls staðar með sama hætti, einkum þeim er lúta að því að kerfið starfi eðlilega, í samræmi við þá málsmeðferð sem kveðið er á um í 26. gr.
2. Hún skal, að breyttu breytanda, fullnægja þeim kröfum sem settar eru í 1., 2. og 4. lið í þætti B í III. hluta viðauka B.
3. Samt sem áður:
  - a) er heimilt að viðurkenna nýja eldisstöð, sem fullnægir þeim kröfum sem um getur í 1. og 2. lið og hefur starfsemi sína með lindýrum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar;
  - b) er heimilt að viðurkenna eldisstöð, sem fullnægir þeim kröfum sem um getur í 1. og 2. lið og hefur starfsemi að nýju eftir hlé með lindýrum frá viðurkenndu svæði

eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar, að því tilskildu að:

- yfirdýralæknir þekki heilbrigðissögu eldisstöðvarinnar tvö undanfarin ár,
- ekki hafi verið gerðar ráðstafanir í eldisstöðinni á sviði dýraheilbrigðis vegna þeirra sjúkdóma sem taldir eru upp í skrá II í viðauka A og ekki sé vitað um slík sjúkdómstilfelli áður í stöðinni,
- eldisstöðin sé þrífín og sóttþreinsuð og látin standa auð í að minnsta kosti 15 daga undir opinberu eftirliti áður en lindýr eru flutt inn í hana.

*B. Viðurkenningu haldið við.*

Fullnægja verður, að breyttu breytanda, þeim kröfum sem settar eru í liðum 1-4 í þætti C í III. hluta viðauka B til að halda viðurkenningu.

*C. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.*

Sömu reglur gilda, að breyttu breytanda, og fram koma í þætti D í III. hluta viðauka B.

#### VIÐAUKI D Endurnýjun vatns.

Endurnýjun vatns við flutninga á fiskeldisdýrum skal fara fram með búnaði sem er viðurkenndur af EES-ríkjunum og uppfyllir eftirfarandi kröfur:

1. Hreinleikastig vatns sem er notað til skipta sé þannig að það hafi ekki áhrif á heilbrigðisástand tegundanna sem verið er að flytja að því er varðar smitefni þeirra sjúkdóma sem um getur í 1. dálki skráa I og II í viðauka A.
2. Búnaður sé þannig gerður að hann komi í veg fyrir smitun í því umhverfi sem vatni er veitt í:
  - annaðhvort með því að auðvelda sóttþreinsun vatnsins, eða
  - með því að tryggja að vatnið geti ekki undir neinum kringumstæðum flætt út í sjó eða rennandi vatnsföll.



VIÐAUKI E  
Fyrirmyndir að flutningsskýrslum.

I. KAFLI

**Flutningsskýrsla fyrir lifandi fisk, hrogn og svil frá viðurkenndu svæði.**

**I. Upprunaland:** \_\_\_\_\_

Viðurkennt svæði: \_\_\_\_\_

**II. Upprunaeldisstöð** (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

**III. Eldisdýr eða afurðir:**

	Lifandi fiskur:	Hrogn:	Svil:
<b>Ætt (almennt heiti og vísindaheiti):</b>			
<b>Magn:</b>			
<b>Fjöldi:</b>			
<b>Heildarþyngd:</b>			
<b>Meðalþyngd:</b>			

**IV. Viðtökustaður:** \_\_\_\_\_

Viðtökuland: \_\_\_\_\_

Viðtakandi (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

**V. Flutningatæki** (tegund og auðkenni): \_\_\_\_\_

**VI. Heilbrigðisvottun:**

Ég undirritaður staðfesti hér með að eldisdýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndu svæði og uppfylla kröfur reglugerðar nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra.

Gjört í: \_\_\_\_\_ Hinn: \_\_\_\_\_

Heiti opinbers eftirlitsaðila:

Heiti (með hástöfum) \_\_\_\_\_

Stimpill opinbers eftirlitsaðila:

\_\_\_\_\_ Titill undirritunaraðila

\_\_\_\_\_ Undirskrift

## II. KAFLI

## Flutningsskýrsla fyrir lifandi fisk, hrogn og svil frá viðurkenndri eldisstöð.

I. Upprunaland: \_\_\_\_\_

II. Upprunaeldisstöð (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

III. Eldisdýr eða afurðir: \_\_\_\_\_

	Lifandi fiskur:	Hrogn:	Svil:
Ætt (almennt heiti og vísindaheiti):			
Magn: Fjöldi: Heildarþyngd: Meðalþyngd:			

IV. Viðtökustaður: \_\_\_\_\_

Viðtökuland: \_\_\_\_\_

Viðtakandi (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

V. Flutningatæki (tegund og auðkenni): \_\_\_\_\_

## VI. Heilbrigðisvottun:

Ég undirritaður staðfesti hér með að eldisdýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndu svæði og uppfylla kröfur reglugerðar nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra.

Gjört í: \_\_\_\_\_ Hinn: \_\_\_\_\_

Heiti opinbers eftirlitsaðila:

Heiti (með hástöfum) \_\_\_\_\_

Stimpill opinbers eftirlitsaðila: \_\_\_\_\_

Titill undirritunaraðila \_\_\_\_\_

Undirskrift \_\_\_\_\_

## III. KAFLI

## Flutningsskýrsla fyrir lindýr frá viðurkenndu strandsvæði.

I. Upprunaland: \_\_\_\_\_

Viðurkennt svæði: \_\_\_\_\_

II. Upprunaeldisstöð (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

III. Eldisdýr eða afurðir:

	Lifandi fiskur:	Hrogn:	Svil:
Ætt (almennt heiti og vísindaheiti):			
Magn: Fjöldi: Heildarþyngd: Meðalþyngd:			

IV. Viðtökustaður: \_\_\_\_\_

Viðtökuland: \_\_\_\_\_

Viðtakandi (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

V. Flutningatæki (tegund og auðkenni): \_\_\_\_\_

VI. Heilbrigðisvottun:

Ég undirritaður staðfesti hér með að eldisdýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndu svæði og uppfylla kröfur reglugerðar nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra.

Gjört í: \_\_\_\_\_ Hinn: \_\_\_\_\_

Heiti opinbers eftirlitsaðila:

Heiti (með hástöfum) \_\_\_\_\_

Stimpill opinbers eftirlitsaðila:

\_\_\_\_\_  
Titill undirritunaraðila\_\_\_\_\_  
Undirskrift

IV. KAFLI  
Flutningsskýrsla fyrir lindýr frá viðurkenndri eldisstöð.

I. Upprunaland: \_\_\_\_\_

II. Upprunaeldisstöð (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

III. Eldisdýr eða afurðir: \_\_\_\_\_

	Lifandi fiskur:	Hrogn:	Svil:
Ætt (almennt heiti og vísindaheiti):			
Magn: Fjöldi: Heildarþyngd: Meðalþyngd:			

IV. Viðtökustaður: \_\_\_\_\_

Viðtökuland: \_\_\_\_\_

Viðtakandi (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

V. Flutningatæki (tegund og auðkenni): \_\_\_\_\_

VI. Heilbrigðisvottun:

Ég undirritaður staðfesti hér með að eldisdýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndu svæði og uppfylla kröfur reglugerðar nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra.

Gjört í: \_\_\_\_\_ Hinn: \_\_\_\_\_

Heiti opinbers eftirlitsaðila:  
Heiti (með hástöfum) \_\_\_\_\_

Stimpill opinbers eftirlitsaðila: \_\_\_\_\_  
Titill undirritunaraðila

Undirskrift \_\_\_\_\_

## REGLUGERÐ

### um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

#### 1. gr.

Heilbrigðiseftirlit með lifandi sjávareldisdýrum og afurðum þeirra sem koma frá EES-ríkjum skal fara fram samkvæmt þessari reglugerð. Ferskvatnsdýr eru undanskilin gildissviði reglugerðar þessarar.

Þessi reglugerð hefur hvorki áhrif á velferð dýra á meðan á flutningi stendur né eftirlit sem fer fram í tengslum við óhlutdræga skoðun á vegum yfirdýralæknis.

#### 2. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Heilbrigðiseftirlit*: Eftirlit með ástandi og/eða formsatriðum á sviði stjórnsýslu sem tekur til þeirra dýra eða afurða sem um getur í 1. gr. og er ætlað að vernda, beint eða óbeint, heilbrigði manna eða dýra.
2. *Viðskipti*: Viðskipti milli ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu með vörur.
3. *Eldisstöð*: Eldisstöð eða athafnasvæði dreifingaraðila, eins og skilgreint er samkvæmt gildandi innlendum reglum.
4. *Miðstöð eða fyrirtæki*: Fyrirtæki sem framleiðir, tekur til geymslu eða vinnslu afurðirnar sem um getur í 1. gr.
5. *Lögbært yfirvald*: Fiskistofa.
6. *Opinber dýralæknir*: Dýralæknir sem er tilnefndur af embætti yfirdýralæknis.
7. *Sjávareldisdýr*: Samanber skilgreiningu í reglugerð nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra.
8. *EES-ríki*: Ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.
9. *ESA*: Eftirlitsstofnun EFTA.

### I. KAFLI

#### Eftirlit á upprunastað.

#### 3. gr.

1. Viðskipti með dýr og afurðir samkvæmt 1. gr. skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
  - a) Sjávareldisdýrin og afurðir þeirra sem um getur í viðauka A skulu fullnægja þeim kröfum sem eru taldar upp í honum og dýraheilbrigðiskröfum viðtökuaðildarríkisins;
  - b) þau skulu vera frá eldisstöðvum, miðstöðvum eða fyrirtækjum sem opinbert reglulegt dýraheilbrigðiseftirlit nær til í samræmi við 3. mgr.;
  - c) þau skulu annars vegar auðkennd samkvæmt EES og hins vegar skráð þannig að unnt sé að rekja uppruna- eða umflutningseldisstöð, miðstöð eða fyrirtæki;
  - d) við flutning skal fylgja þeim heilbrigðisvottorð og/eða önnur skjöl eins og kveðið er á um í reglugerðum sem vísað er til í viðauka A og, þegar um er að ræða önnur dýr og afurðir sem falla undir 1. gr., skal við flutning fylgja reglum EES-viðtökuríkis. Þessi vottorð eða skjöl, gefin út af opinberum dýralækni sem ber ábyrgð á upprunaeldisstöðinni, -miðstöðinni eða -fyrirtækinu, verða að fylgja dýrinu/dýrunum og afurðunum á viðtökustað;
  - e) þegar margir viðtökustaðir koma við sögu í flutningunum verður að flokka dýr og afurðir saman í eins margar vörusendingar og viðtökustaðirnir eru. Hverri sendingu skal fylgja vottorð og/eða skjöl sem um getur í d-lið;

f) þegar þau sjávareldisdýr eða afurðir sem falla undir viðauka A fullnægja innlendri löggjöf, eru ætluð til útflutnings til þriðja ríkis um yferráðasvæði annars EES-ríkis, verður flutningurinn – nema í bráðatilvikum sem tilskilin leyfi hafa fengist fyrir hjá lögbæru yfirvaldi til að tryggja velferð dýranna – að vera undir eftirliti tollayfirvalda á þeim stað þar sem tollsvæði viðkomandi EES-ríkis endar.

2. Óheimilt er:

- að flytja út til annars EES-ríkis, sjávareldisdýr og afurðir sem um getur í 1. gr., sem kann að þurfa að slátra samkvæmt innlendri áætlun um útrýmingu sjúkdóma;
- að flytja til annars EES-ríkis þau sjávareldisdýr og afurðir sem um getur í 1. gr. ef þau eru ekki hæf til markaðssetningar á eigin yferráðasvæði af heilbrigðisástæðum.

3. Með fyrirvara um eftirlitsskyldur opinbers dýralæknis samkvæmt reglum EES skal Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni hafa eftirlit með eldisstöðvum, viðurkenndum mörkuðum og söfnunarstöðum, miðstöðvum eða fyrirtækjum til að fullvissa sig um að sjávareldisdýr og afurðir sem eiga á viðskipti með fullnægi kröfum þessarar reglugerðar sérstaklega þau skilyrði sem sett eru í c-lið 1. mgr. vegna auðkenningar. Þegar grunur leikur á að kröfum hafi ekki verið fullnægt skal Fiskistofa viðhafa nauðsynlegt eftirlit og, sé grunurinn staðfestur, grípa til nauðsynlegra ráðstafana í samráði við yfirdýralækni sem geta falið í sér einangrun viðkomandi eldisstöðvar, miðstöðvar eða fyrirtækis.

4. gr.

1. Fiskistofa skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- a) eigendur lifandi sjávareldisdýra og afurða þeirra sem um getur í 1. gr. fullnægi kröfum reglugerðar þessarar;
- b) þau sjávareldisdýr og afurðir sem um getur í reglugerð nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra, séu skoðuð að minnsta kosti eins nákvæmlega, frá dýraheilbrigðissjónarmiði, og væru þau ætluð fyrir innlandan markað, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í reglum viðtökuaðildarríkis;
- c) sjávareldisdýr séu flutt með viðeigandi flutningatækjum sem uppfylla reglur um hreinlæti.

2. Lögbært yfirvald skal við útgáfu vottorða eða skjala sem fylgja eldisdýrunum og afurðunum samdægurs tilkynna lögbærum yfirvöldum í EES-viðtökuríkinu viðurkennda upplýsingaskiptakerfið, þær upplýsingar sem ESA ákveður.

## II. KAFLI

### Eftirlit á viðtökustað.

5. gr.

1. a) Fiskistofa getur í samráði við yfirdýralækni, á viðtökustað dýranna og afurðanna, kannað með óhlutdrægum skyndikönnunum á dýraheilbrigði hvort kröfum 3. gr. hefur verið fullnægt og getur einnig tekið sýni í þessu sambandi. Jafnframt getur Fiskistofa, hafi hún rökstuddan grun um brot, látið fara fram eftirlit við flutning dýranna og afurðanna;
- b) þegar afurðirnar samkvæmt 1. gr. sem eru upprunnar í öðru EES-ríki eru ætlaðar:
  - i) viðurkenndum markaði eða söfnunarstað ber rekstraraðilinn ábyrgð á móttöku dýra sem uppfylla ekki kröfur 1. mgr. 3. gr. Fiskistofa skal í samráði við yfirdýralækni ganga úr skugga um, með óhlutdrægri skoðun á vottorðum eða skjölum sem fylgja dýrunum, að dýrin uppfylli umræddar kröfur;
  - ii) sláturhúsi sem er undir eftirliti Fiskistofu, sbr. reglugerð nr. 238/2003 um eldi

nytjastofna sjávar, verður hún að tryggja, einkum á grundvelli vottorðsins eða fylgiskjalsins, að einungis dýrum sem uppfylla kröfur 1. mgr. 3. gr. sé slátrað. Rekstraraðili sláturhússins ber ábyrgð á slátrun dýra sem uppfylla ekki kröfur c- og d-liðar 1. mgr. 3. gr.;

- iii) skráðum dreifingaraðila sem skiptir upp sendingum eða starfsstöð sem er ekki undir stöðugu eftirliti skal Fiskistofa líta á slíkan dreifingaraðila eða starfsstöð sem viðtakanda dýranna og gilda þá skilyrðin í ii) undirgrein;
- iv) eldisstöðvum, miðstöðvum eða fyrirtækjum, einnig í þeim tilvikum þegar sendingin er að hluta afhent meðan á flutningi stendur, skal hverju dýri eða hópi dýra fylgja samkvæmt 3. gr. frumrit af heilbrigðisvottorði eða fylgiskjali þar til það er komið í hendur þess viðtakanda sem þar er tilgreindur.

Viðtakendur þeir sem um getur í iii- og iv-lið 1. mgr. verða, áður en til uppskiptingar eða sölu kemur, að ganga úr skugga um að auðkennin, vottorðin eða skjölin sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 3. gr. séu til staðar og tilkynna Fiskistofu um sérhverja vanrækslu eða frávik og verði þess vart skal í samráði við yfirdýralækni einangra viðkomandi dýr þar til Fiskistofa hefur tekið ákvörðun um hvað skuli gera.

Ábyrgðirnar sem viðtakendur sem um getur í iii- og iv-lið verða að gefa skulu tilgreindar í samningi við Fiskistofu og undirritaðar þegar fyrirframskráningin sem kveðið er á um í 12. gr. fer fram. Fiskistofa skal gera slembiathuganir til að ganga úr skugga um að ábyrgðirnar haldi. Þessi liður gildir að breyttu breytanda um viðtakendur afurðanna sem um getur í 1. gr.

2. Allir viðtakendur sem tilgreindir eru á vottorðinu eða skjalinu sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 3. gr.:

- a) verða, fari Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni fram á það vegna eftirlitsins sem um getur í 1. mgr., að tilkynna fyrirfram um komu dýra og afurða frá öðru EES-ríki og tilgreina þá sérstaklega um eðli sendingarinnar og áætlaðan komudag. Tilkynningafrestur skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en einn dagur. Engu að síður getur Fiskistofa í undantekningartilvikum krafist tveggja daga tilkynningafrests;
- b) skulu geyma í að minnsta kosti sex mánuði þau heilbrigðisvottorð eða skýrslur sem um getur í 3. gr. svo að unnt sé að framvísa þeim til Fiskistofu fari hún fram á slíkt. Fiskistofa getur krafist þess að gögnin séu geymd lengur.

#### 6. gr.

1. Þegar lifandi fiskur og önnur sjávardýr eiga samkvæmt reglum EES að fara í sóttkví skal það að öllu jöfnu vera á viðtökueldisstöðinni.

2. Nota má sóttvarnarstöð ef dýraheilbrigðissjónarmið styðja það. Líta ber á slíka stöð sem viðtökustað sendingarinnar. Tilkynna skal ESA um ástæður slíkrar aðgerðar.

#### 7. gr.

1. Við eftirlit Fiskistofu sem fer fram á landamærastöð samkvæmt reglugerð nr. 849/1999 um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, þar sem heimilt er að flytja dýr og afurðir sem um getur í viðauka A, frá þriðju ríkjum inn til Íslands, skal:

- a) fara fram sannprófun vottorða eða skjala sem fylgja dýrum og afurðum;
- b) fara að þeim reglum sem mælt er fyrir um í 5. gr.;
- c) tryggja að afurðir frá þriðju löndum heyri undir reglugerð nr. 849/1999;
- d) tryggja að dýr frá þriðju löndum heyri undir þær reglur sem settar eru í reglugerð nr. 513/2005 um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurða þeirra sem eru flutt til EES frá þriðju ríkjum.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu þó öll dýr og afurðir, sem eru flutt með flutningatæki sem tengir

saman tvo landfræðilega aðgreinda staði innan EES með reglulegum og beinum hætti, heyra undir eftirlitsreglurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr.

#### 8. gr.

1. Verði Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni þess áskynja við eftirlit sem fram fer á viðtökustað sendingar, eða meðan á flutningi stendur:

- a) að til staðar séu sjúkdómsvaldar sem orsaka sjúkdóm sem er tilkynningarskyldur til viðurkennda upplýsingaskiptakerfisins, dýrasjúkdómur sem getur einnig lagst á menn eða annar sjúkdómur, eða eitthvert það ástand sem getur stofnað dýrum eða mönnum í hættu, eða að afurðirnar komi frá svæði sem er smitað af dýrasjúkdómi, skal hún í samráði við yfirdýralækni gefa fyrirmæli um að dýrunum eða dýrasendingu sé komið í sóttkví á næstu sóttvarnarstöð eða þeim sé slátrað og/eða fargað. Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni skal í slíkum tilvikum tilkynna lögbærum yfirvöldum annarra ríkja innan EES skriflega, með þeim hætti sem á best við, um þær upplýsingar sem liggja fyrir, ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökstuðning fyrir þeim.

Beita má verndarráðstöfunum sem kveðið er á um í 10. gr.

- b) að, með fyrirvara um a-lið, eldisdýrin og afurðirnar fullnægi ekki skilyrðum um dýraheilbrigði, geta þau, að því tilskildu að það stangist ekki á við heilbrigðis- eða dýraheilbrigðissjónarmið, leyft sendanda eða fulltrúa hans að velja á milli þess:
- þegar efna- eða lyfjaleifar eru til staðar, að eldisdýrunum og afurðunum sé haldið undir eftirliti þar til staðfest hefur verið að reglunum sé fylgt, og ef reglunum er ekki fylgt, að ráðstöfunum sem kveðið er á um í innlendum reglum sé beitt,
  - að eldisdýrunum sé slátrað eða afurðunum fargað í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 238/2003 um eldi nytjastofna sjávar,
  - að eldisdýrin eða sendingin sé send til baka með leyfi lögbærs yfirvalds EES-sendingarríkis og tilkynningu fyrirfram til EES-umflutningsríkis eða -ríkja.

Komi hins vegar í ljós að vottorð eða skýrslur eru ekki samkvæmt settum reglum verður sendandi eða umboðsmaður hans að fá umbóttunartíma til að koma skjölunum í lag áður en gripið er til síðarnefnda úrræðisins.

2. ESA skal taka saman skrá yfir þá sjúkdómsvalda og sjúkdóma sem um getur í 1. mgr.

#### 9. gr.

1. Í því tilviki sem kveðið er á um í 8. gr. skal lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis hafa samband við lögbær yfirvöld sendingaraðildarríkis án tafar. Síðarnefndu yfirvöldin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna því fyrrnefnda um eðli eftirlitsins sem fram hefur farið, ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökstuðning fyrir þeim. Óttist lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis að ráðstafanirnar séu ófullnægjandi skal það leita sameiginlegra leiða og aðferða til að bæta stöðuna með lögbærum yfirvöldum sendingaraðildarríkis. Ef svo ber undir getur það falið í sér skoðun á staðnum. Komi endurtekin vanræksla fram við eftirlit sem kveðið er á um í 8. gr. skal Fiskistofa tilkynna það ESA og dýraheilbrigðisyfirvöldum annarra EES-ríkja.

ESA getur, að beiðni Fiskistofu eða að eigin frumkvæði, og að teknu tilliti til þess hvers eðlis brotið er:

- sent skoðunarmenn, í samráði við lögbær innlend yfirvöld, til viðkomandi staðar,
- falið opinberum dýralækni, en nafn hans verður að vera á skrá sem ESA tekur saman að tillögu EES-ríkjanna og samkomulag er um meðal hlutaðeigandi aðila, að kanna aðstæður á staðnum,



- farið fram á það við lögbæra yfirvaldið að það auki eftirlit með umræddri eldisstöð, miðstöð, fyrirtæki, viðurkenndum markaði, söfnunarstað eða upprunasvæði. Hún skal tilkynna Íslandi og Noregi um niðurstöður sínar. Uns ESA hefur komist að niðurstöðu verður sendingaraðildarríkið, að beiðni EES-viðtökuríkis, að bæta eftirlit með dýrum og afurðum frá umræddri eldisstöð, miðstöð, fyrirtæki, viðurkenndum markaði, söfnunarstað eða upprunasvæði og fresta útgáfu vottorða eða flutningsskírteina ef til þess liggja alvarlegar ástæður er varða heilbrigði manna eða dýra. EES-viðtökuríkið getur fyrir sitt leyti aukið tíðni eftirlits með dýrum sem koma frá sömu eldisstöð, miðstöð, fyrirtæki, viðurkenndum markaði, söfnunarstað eða svæði.

### III. KAFLI

#### Sameiginleg ákvæði.

##### 10. gr.

1. Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni skal þegar í stað tilkynna ESA og öðrum EES-ríkjum ef upp koma á Íslandi aðrir sjúkdómar en þeir sem eru tilkynningarskyldir, dýrasjúkdómar sem geta einnig lagst á menn eða annar sjúkdómur, eða eitthvert það ástand sem getur stofnað heilbrigði dýra eða manna í hættu.

Lögbært yfirvald EES-sendingaríkis skal þegar í stað koma í framkvæmd eftirlits- eða varúðarráðstöfunum, einkum að því er tekur til þess að ákvarða sérstök eftirlitssvæði, eða gera einhverja aðra ráðstöfun sem það álitur viðeigandi.

Komist Fiskistofa að því við eftirlitið sem um getur í 5. gr. að einhver sjúkdómanna eða orsakanna sem um getur í 1. mgr. séu til staðar getur hún í samráði við yfirdýralækni, ef nauðsyn krefur, gert varúðarráðstafanirnar, þar með talið að setja dýrin í sóttkví.

Uns ráðstafanir hafa verið gerðar samkvæmt 4. mgr. getur Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni, liggi til þess mikilvægar ástæður er varða heilbrigði manna eða dýra, gripið til tímabundinna verndarráðstafana gagnvart umræddum eldisstöðvum, miðstöðvum eða fyrirtækjum eða, þegar um dýrasjúkdóm er að ræða, komið á verndarsvæði, sbr. reglugerð nr. 665/2001 um viðbrögð við smitsjúkdómum. Tilkynna skal ESA og öðrum EES-ríkjum án tafar um ráðstafanir sem gerðar eru.

2. Einn eða fleiri fulltrúar ESA geta, að beiðni Fiskistofu eða að frumkvæði ESA, farið rakiðis á umræddan stað til að rannsaka, í samvinnu við Fiskistofu, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar og skal leggja fram álit á ráðstöfununum.

3. Hafi ESA ekki verið tilkynnt um ráðstafanirnar, eða telji hún ráðstafanirnar ófullnægjandi, getur hún, í samvinnu við Fiskistofu, gripið til tímabundinna verndarráðstafana vegna eldisdýra eða afurða sem koma frá svæði sem er sýkt af dýrasjúkdóminum eða frá ákveðinni starfsstöð, framleiðslumiðstöð eða fyrirtæki.

##### 11. gr.

Fiskistofa fer með framkvæmd þessarar reglugerðar eftir atvikum í samráði við yfirdýralækni.

##### 12. gr.

Fiskistofa skal tryggja að allir dreifingaraðilar sem taka þátt í viðskiptum innan EES með dýrin og/eða afurðirnar sem falla undir 1. gr.:

a) hafi tilskilin leyfi;

b) haldi skrá yfir afgreiðslu og, vegna aðila sem um getur í iii-lið í b-lið 1. mgr. 5. gr., síðari viðtökustaði dýranna eða afurðanna. Geyma skal skrána í þann tíma sem Fiskistofa ákveður svo að unnt sé að framvísa henni óski Fiskistofa eftir því.

## 13. gr.

Fiskistofa skal tryggja að starfsmenn hennar, og ef svo ber undir í samvinnu við yfirdýra-lækni, séu færir um að:

- skoða eldisstöðvar, mannvirki, flutningatæki og aðferðir við mörkun og auðkenningu dýra,
- hafa eftirlit, að því er varðar afurðir sem eru taldar upp í reglugerð nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra, með því hvort starfslið fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð,
- taka sýni úr:
  - i) eldisdýrum sem á að selja, setja á markað eða flytja;
  - ii) afurðum sem á að taka til geymslu, selja, setja á markað eða flytja,
- rannsaka skýrslu- eða tölvugögn sem varða eftirlit á grundvelli þeirra ráðstafana sem gerðar eru samkvæmt þessari tilskipun.

Forsvarsmenn eldisstöðva, miðstöðva eða fyrirtækja sem eru undir eftirliti skulu sýna nauðsynlegan samstarfsvilja svo að unnt sé að inna af hendi þessi störf.

## 14. gr.

Sendandi, fulltrúi hans, eða sá aðili sem ber ábyrgð á afurðunum eða dýrunum, skal standa undir kostnaði er hlýst af því að endursenda sendinguna, geyma eða einangra dýrin eða ef við á slátra þeim eða farga og ráðstöfunum í 1. mgr. 8. gr.

## 15. gr.

*Viðurlög.*

Brot á reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

## 16. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 55/1998 um meðferð vinnslu og dreifingu sjávarafurða og lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar og til innleiðingar á tilskipunum ráðsins nr. 90/425/EBE, 90/539/EBE, 90/667/EBE, 90/675/EBE, 91/68/EBE, 91/174/EBE, 91/496/EBE, 91/628/EBE, 92/60/EBE, 92/65/EBE, 92/118/EBE og tilskipun þingsins og ráðsins nr. 2002/33/EB. Reglugerðin tekur gildi þegar í stað.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. maí 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ásta Einarsdóttir.*

VIÐAUKI A  
**Dýraheilbrigðislöggjöf.**

Þegar vísað er til viðauka A í reglugerðinni skal líta á það sem tilvísun til reglugerðar nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra.

## REGLUGERÐ

### um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra sem eru flutt til EES-svæðisins frá þriðju ríkjum.

#### 1. gr.

1. Fiskistofa skal tryggja að dýraheilbrigðiseftirlit með sjávareldisdýrum sem eru flutt inn, um eða til Íslands inn á Evrópska efnahagssvæðið frá þriðju ríkjum, sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

#### 2. gr.

1. Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar nr. 512/2005 um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES-svæðisins, eftir því sem við á.

2. Auk þess er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) *Sannprófun skjala*: Sannprófun dýraheilbrigðisvottorða eða -skjala sem fylgja dýrinu.
- b) *Sannprófun auðkenna*: Sannprófun, sem fer eingöngu fram með sjónrænni skoðun, á því að samræmi sé milli skjalanna eða vottorðanna og dýranna og að dýrin séu merkt með réttum hætti.
- c) *Eftirlit með ástandi*: Eftirlit með sjálfu dýrinu, ef til vill með sýnatöku og prófi á rannsóknastofu og, ef við á, viðbótareftirlit meðan dýrið er í sóttkví.
- d) *Innflytjandi*: Einstaklingur eða lögpersóna sem kemur með dýr til innflutnings til bandalagsins.
- e) *Sending*: Fjöldi dýra af sömu tegund sem sama dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal gildir um, sem er flutt með sama flutningatæki og kemur frá sama þriðja landi eða sama hluta þriðja lands.
- f) *Landamærastöð*: Eftirlitsstöð á landamærum Evrópska efnahagssvæðisins, tilnefnd og samþykkt til að þar megi fara fram eftirlit með vörum frá þriðju ríkjum sbr. 6. gr.
- g) *Eldisdýr*: Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð.

#### I. KAFLI

### Skipulagning og framhald eftirlits.

#### 3. gr.

- a) Innflytjendur skulu tilkynna Fiskistofu að minnsta kosti einum virkum degi áður um fjölda, tegund og áætlaðan komutíma dýranna.
- b) Farið skal með dýrin, undir opinberu eftirliti, beint á viðkomandi landamærastöð sem um getur í 6. gr. eða, eftir atvikum, á sóttvarnarstöðina sem kveðið er á um í öðrum undirlið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr.
- c) Ekki er heimilt að fara með dýrin frá þessum stöðvum nema samkvæmt viðurkenndri málsmeðferð og að sannað sé:
  - i) með vottorði sem kveðið er á um í öðrum undirlið 1. mgr. 7. gr. eða í 8. gr., að dýraheilbrigðiseftirlit hafi farið fram með viðkomandi dýrum í samræmi við 1. mgr. og a-, b- og d-lið 2. mgr. 4. gr. og 8. og 9. gr., og að skilyrði lögbærs yfirvalds þar að lútandi hafi verið uppfyllt;
  - ii) að búið sé að greiða fyrir dýraheilbrigðiseftirlitið og, ef við á, að trygging hafi verið sett fyrir hugsanlegum kostnaði sem kveðið er á um í öðrum og þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr., 6. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 12. gr.;
- d) Tollyfirvöld skulu ekki heimila afgreiðslu til frjálsrar dreifingar á Evrópska efnahagssvæðinu nema sannað sé að kröfum c-liðar hafi verið fullnægt.

## 4. gr.

1. Fiskistofa skal sannprófa skjöl og auðkenni vegna hverrar sendingar dýra frá þriðja ríki, án tillits til tollafgreiðslustaðar. Fiskistofa skal ganga úr skugga um:

- uppruna þeirra,
- síðari viðtökustað þeirra, einkum þegar um umflutning er að ræða eða sérstakar kröfur sem eru viðurkenndar með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA og varða Ísland,
- að upplýsingarnar í vottorðunum eða skjölunum séu fullnægjandi,
- að engin vísbending um að sendingunni hafi verið hafnað hafi verið gefin í viðurkennda upplýsingaskiptakerfinu.

2. Með fyrirvara um undanþágur samkvæmt 8. gr., skal Fiskistofa, í samráði við yfirdýralækni, sjá um eftirlit með ástandi dýra sem komið er með á landamærastöðvar. Eftirlitið skal einkum felast í:

- a) klínískri rannsókn á dýrunum til að ganga úr skugga um að þau samrýmist upplýsingunum sem kveðið er á um í meðfylgjandi vottorði eða skjali og að þau séu klínískt heilbrigð;
- b) rannsóknastofuprófum sem teljast nauðsynleg;
- c) töku opinberra sýna, ef til kemur, sem á að rannsaka með tilliti til efnaleifa og láta efnagreina eins skjótt og auðið er;
- d) með tilliti til síðara eftirlits með flutningi skal Fiskistofa senda lögbærum yfirvöldum viðtökuaðildarríkis nauðsynlegar upplýsingar með aðstoð viðurkennda upplýsingaskiptakerfisins.

3. Samt sem áður er heimilt, þrátt fyrir 1. og 2. mgr., að sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi dýra, sem eru flutt um höfn eða flugvöll inn á Evrópska efnahagssvæðið, fari fram í þeirri viðtökuhöfn eða á þeim viðtökuflugvelli, að því tilskildu að höfnin eða flugvöllurinn sé landamæraskoðunarstöð af því tagi sem um getur í 6. gr. og að dýrin verði flutt áfram, annaðhvort sjóleiðis eða með flugi, með sama skipi eða sömu flugvél. Í því tilvikum skal lögbæra yfirvaldið tilkynna opinbera dýralækninum á landamærastöð viðtökuaðildarríkisins, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu dýraheilbrigðisyfirvalds á staðnum, um viðurkennda upplýsingaskiptakerfið að dýrin hafi farið þar um.

## 5. gr.

Innflutningur inn á EES-svæðið er óheimill ef eftirlit leiðir í ljós:

- a) að eldisdýr koma frá yfirráðasvæði eða hluta yfirráðasvæðis þriðja ríkis sem er ekki, að því er viðkomandi tegundir varðar, tilgreint í skrá ESA þar að lútandi;
- b) að önnur dýr en þau sem um getur í a-lið fullnægi ekki þeim kröfum sem kveðið er á um í innlendum reglum er gilda um hin ýmsu tilvik sem falla undir þessa reglugerð;
- c) að dýrin þjáist af eða grunur leikur á að þau þjáist af eða séu haldin smitandi sjúkdómi eða sjúkdómi sem geti stofnað heilbrigði manna eða dýra í hættu samkvæmt innlendum lögum og reglum;
- d) að þriðja ríkið sem flytur dýrin út hafi ekki fullnægt kröfunum sem kveðið er á um í innlendum lögum og reglum;
- e) að ástand dýranna komi í veg fyrir áframhaldandi flutning á þeim;
- f) að dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal sem fylgir með dýrunum uppfylli ekki þau skilyrði sem eru sett samkvæmt reglugerð nr. 511/2005 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra.

## 6. gr.

1. Landamærastöðvar skulu uppfylla skilyrði laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og

dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og reglugerðar nr. 849/1999 um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

2. Landamærastöðvar skulu jafnframt:

- a) vera á komustað inn á yfirráðasvæði Evrópska efnahagssvæðisins. Samt sem áður er unnt að samþykkja tiltekna fjarlægð milli landamærastöðvar og komustaðar vegna landfræðilegra aðstæðna (t.d. affermingarbryggjur, fjallvegir) og að því tilskildu að löng leið sé á milli landamærastöðvarinnar og staða þar sem dýr eru haldin og líkur eru á að smit berist á milli;
- b) vera á tollsvæði þar sem unnt er að uppfylla önnur formsatriði er varða stjórnslu, þar með talin tollmeðferð í tengslum við innflutning;
- c) vera undir stjórn Fiskistofu sem ber ábyrgð á eftirlitinu og eftir atvikum yfirdýralæknis. Fiskistofa óskar eftir staðfestingu yfirdýralæknis þegar innflutningur á lifandi fiski og öðrum sjávardýrum á sér stað frá þriðju ríkjum. Fiskistofa skal sjá til þess að gögn séu færð inn í viðurkennda upplýsingaskiptakerfið og uppfærsla á gögnum eigi sér þar stað reglulega.

7. gr.

1. Ef eldisdýr, sem falla undir eftirlit skv. 4. gr., eru ekki ætluð til markaðssetningar hér á landi skal eftirlitsmaður á landamærastöðinni:

- láta hlutaðeigandi fá staðfest afrit af frumriti vottorðanna eða, ef sendingu er skipt, nokkur staðfest afrit af frumriti vottorðanna fyrir dýrin; gildistími afritanna skal vera 10 dagar hið mesta,
- gefa út vottorð eftir fyrirmyndinni þar sem fram kemur að eftirlitið sem um getur í 1. mgr. og a-, b- og d-lið 2. mgr. 4. gr. hafi farið fram og uppfylli kröfur yfirdýralæknis, hvaða sýni hafa verið tekin og tilgreint er um niðurstöður úr rannsóknastofu- prófum eða hvenær búist er við að niðurstöðurnar liggi fyrir,
- varðveita frumrit vottorðsins eða vottorðanna sem fylgja dýrunum.

2. Þegar dýrin sem um getur í 1. mgr. hafa farið um landamærastöðvar og hafa verið flutt inn á Evrópska efnahagssvæðið skulu viðskipti með þau fara fram í samræmi við reglur um dýraheilbrigðiseftirlit sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 512/2005 um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES-svæðisins.

Í þeim upplýsingum sem lögbært yfirvald á viðtökustað sendir um viðurkennda upplýsingaskiptakerfið skal einkum koma fram hvort:

- dýrin eiga að fara til aðildarríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda,
- sýni hafi verið tekin en niðurstöður hafi ekki legið fyrir þegar flutningatækið fór frá viðkomandi landamærastöð.

8. gr.

1. Heimila skal umflutning dýra frá einu þriðja ríki til annars þriðja ríkis, eða til sama þriðja ríkis að því tilskildu að:

- a) eftirlitsmaður á landamærastöð hafi áður heimilað slíkan umflutning og farið hafi fram eftirlit skv. 4. gr. og eftir atvikum að Fiskistofa, í samráði við embætti yfirdýralæknis, hafi áður heimilað slíkan umflutning;
- b) hlutaðeigandi aðili leggi fram sönnun um að fyrsta þriðja ríkið sem dýrin eru send til, eftir umflutning um eitt af yfirráðasvæðum Evrópska efnahagssvæðisins, skuldbindi sig til þess að vísa í engu tilviki frá eða endursenda dýr sem það hefur leyft innflutning eða umflutning á og að það muni fara eftir innlendum reglum um vernd dýra meðan á flutningi um Ísland stendur;
- c) eftirlitið sem um getur í 4. gr. fullvissi Fiskistofu um að dýrin standist kröfur þess-

arar reglugerðar eða, að því er varðar dýr sem um getur í viðauka A við reglugerð nr. 512/2005 um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES-svæðisins, gefi kost á heilbrigðisábyrgðum sem eru viðurkenndar og eru að minnsta kosti jafngildar kröfunum;

- d) eftirlitsmaður á landamærostöð tilkynni lögbærum yfirvöldum umflutningsaðildarríkis eða -ríkja og lögbærum yfirvöldum þeirrar landamærastöðvar sem dýrin fara síðast um áður en þau fara út af Evrópska efnahagssvæðinu, um viðurkennda upplýsingaskiptakerfið að dýrin hafi farið þar um;
- e) þegar um er að ræða gegnumferð um Ísland fari slíkur umflutningur fram samkvæmt málsmeðferð sem hér er kveðið á um. Eina meðhöndlunin sem er leyfð meðan á umflutningi stendur er sú sem fram fer á komustað inn á og brottfararstað frá EES-svæðinu og aðgerðir sem eiga að tryggja velferð dýranna.

#### 9. gr.

1. Í tilvikum þegar innlendar reglur á viðtökustað, kveða á um að lifandi eldisdýr skuli sett í sóttkví eða einangrun er heimilt að setja dýrin í sóttkví eða einangrun:

- á sóttvarnarstöð í þriðja ríki sem er upprunaríki, að því tilskildu að hún hafi verið samþykkt,
- á sóttvarnarstöð sem er á EES-svæðinu og uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðauka B,
- á viðtökueldisstöð.

Heimilt er að mæla fyrir um sérstakar verndarráðstafanir sem skulu gerðar við flutning milli sóttvarnarstöðvar, uppruna- og viðtökueldisstöðva og skoðunarstöðva á landamærum og á sóttvarnarstöðvunum sem um getur í fyrsta undirlíð fyrri undirgreinar.

2. Ef Fiskistofa, í samráði við yfirdýralækni, fyrirskipar sóttkví skal setja dýrin í sóttkví, allt eftir því hve alvarleg hættan er talin:

- annaðhvort á sjálfri skoðunarstöðinni eða í næsta nágrenni hennar,
- eða á viðtökueldisstöð,
- eða á sóttvarnarstöð sem er í nágrenni viðtökueldisstöðvar.

3. Almenn skilyrði, sem sóttvarnarstöðvar sem um getur í fyrsta og öðrum undirlíð 1. mgr. skulu uppfylla, eru sett í viðauka B.

#### 10. gr.

Með fyrirvara um önnur ákvæði þessa kafla skal Fiskistofa í samráði við yfirdýralækni sjá til þess að videigandi heilbrigðiseftirlit sé framkvæmt ef grunur leikur á að ekki sé farið að innlendri löggjöf eða vafi leikur á að viðkomandi eldisdýr séu rétt auðkennd.

#### 11. gr.

1. Ef eftirlitið leiðir í ljós að dýr uppfylla ekki kröfur sem mælt er fyrir um í innlendum reglum eða eftirlitið leiðir í ljós vanrækslu skal Fiskistofa, í samráði við yfirdýralækni og innflytjanda eða fulltrúa hans, ákveða:

- a) að hýsa, fódra og ef nauðsyn ber til, meðhöndla dýrin; eða
- b) eftir atvikum, að setja þau í sóttkví eða einangra sendinguna;
- c) að endursenda dýrin frá Íslandi innan þeirra tímamarka sem Fiskistofa, í samráði við yfirdýralækni, setur, svo framarlega sem slíkt samræmist ákvæðum um heilbrigði dýra eða velferð. Í því tilviki skal eftirlitsmaður á landamærostöð í samráði við yfirdýralækni:
  - tilkynna í gegnum viðurkennda upplýsingaskiptakerfið að innflutningi hafi verið vísað frá,

- ógilda það dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal sem fylgir sendingunni sem vísað var frá,
  - að lokinni skoðun meðan dýrin eru enn lifandi, heimila slátrun dýranna til manneldis í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 238/2003 um eldi nytjastofna sjávar,
  - að öðrum kosti, fyrirskipa slátrun dýranna í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 238/2003 um eldi nytjastofna sjávar, í öðrum tilgangi en til manneldis eða fyrirskipa að dýrunum verði fargað og tilgreina skilyrði varðandi eftirlit með nýtingu afurðanna sem verða til með þessum hætti. Fiskistofa skal tilkynna ESA um þau tilvik þar sem þessum undanþágum er beitt.
2. Kostnaður sem stofnað er til vegna þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í 1. mgr., þar með talið förgun sendingarinnar eða nýting dýranna í öðrum tilgangi, hvílir á innflytjanda eða fulltrúa hans. Afrakstur af sölu afurðanna sem um getur í þriðju undirgrein c-liðar 1. mgr. skal renna til eiganda dýranna eða fulltrúa hans, að frádrögnum áðurnefndum kostnaði.

#### 12. gr.

Til að framfylgja eftirlitinu sem um getur í 2. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar skal aukening og skrásetning sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 512/2005 um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan EES-svæðisins, fara fram á viðtökustað eldisdýranna.

### II. KAFLI

#### Öryggisákvæði.

#### 13. gr.

1. Ef dýrasjúkdómur sem einnig getur lagst á menn, annar sjúkdómur eða annað það sem kann að stofna heilbrigði dýra eða manna í alvarlega hættu kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði þriðja ríkis, eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði dýra réttlætir slíkt, er ráðherra heimilt að gera þegar í stað eina af eftirfarandi ráðstöfunum eftir því hve alvarlegt ástandið er:
- fella niður tímabundið innflutning frá hlutaðeigandi þriðja ríki eða hluta þess og, eftir atvikum, frá umflutningslandi sem er þriðja ríki,
  - setja sérstök skilyrði að því er varðar dýr frá hlutaðeigandi þriðja ríki eða hluta þess.
2. Ef eftirlit sem kveðið er á um í þessari reglugerð leiðir í ljós að sending dýra kunni að stofna heilbrigði dýra eða manna í hættu skal Fiskistofa þegar í stað gera eftirfarandi ráðstafanir:
- leggja hald á og farga sendingunni,
  - þegar í stað tilkynna öðrum landamærastöðvum og ESA um niðurstöðurnar og uppruna dýranna, í gegnum viðurkennda upplýsingaskiptakerfið.
3. Í því tilviki sem kveðið er á um í 1. mgr. er ráðherra heimilt að gera tímabundnar verndarráðstafanir vegna dýra er heyra undir 9. gr.
4. Ef settar eru á einhliða verndarráðstafanir gagnvart þriðja ríki samkvæmt skilmálum þessarar greinar skal það tilkynnt öðrum EES-ríkjum og ESA.

### III. KAFLI

#### Skoðun.

#### 14. gr.

1. ESA er heimilt, í samvinnu við Fiskistofu, að ganga úr skugga um að landamærastöðvar, sem eru samþykktar í samræmi við 6. gr. uppfylli skilyrðin sem eru talin upp í viðaukum A og B við þessa reglugerð og viðauka E við reglugerð nr. 849/1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða. Landamærastöðvar sem samþykktar eru fyrir innflutning á lifandi fiski og

öðrum sjávardýrum eru tilgreindar í 13. gr. reglugerðar nr. 849/1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

2. ESA er heimilt, í samvinnu við Fiskistofu, að gera skyndiskoðanir á staðnum.

3. Þegar skoðun fer fram á landamærastöð skal Fiskistofa veita ESA alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að stofnunin geti unnið verk sitt.

#### 15. gr.

Telji Fiskistofa, á grundvelli eftirlits hennar, að brotið sé í bága við ákvæði þessarar reglugerðar á landamærastöð í öðru EES-ríki skal Fiskistofa þegar í stað senda stjórnvöldum þess ríkis tilkynningu þar að lútandi.

Berist Fiskistofu slík tilkynning frá öðru EES-ríki skal Fiskistofa gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna lögbæra yfirvaldinu í því ríki um það eftirlit sem hefur farið fram, þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökstuðning fyrir þeim.

Ef eftirlitið sem um getur í fyrstu undirgrein leiðir í ljós að ítrekað er brotið í bága við ákvæði þessarar reglugerðar skal Fiskistofa tilkynna það ESA og lögbærum yfirvöldum annarra EES-ríkja.

Fiskistofu er heimilt, þar til niðurstöður ESA liggja fyrir, að efla eftirlit á viðkomandi landamærastöð eða sóttvarnarstöð.

### IV. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

#### 16. gr.

##### *Kostnaður.*

Kostnaður í tengslum við framkvæmd eftirlits skv. 4., 5., 8 og 11. gr., þar með talið við förgun sendingarinnar eða nýting afurða í öðrum tilgangi, hvílir á sendanda, viðtakanda eða fulltrúa þeirra án þess að endurgreiðslur EES-ríkis komi til. Afrakstur af sölu afurðanna sem um getur í þriðja undirlið c-liðar 11. gr. skal renna til eiganda eldisdýranna eða fulltrúa hans, að frádregnum áðurnefndum kostnaði.

Innheimta skal gjald fyrir heilbrigðiseftirlit við innflutning dýra sem um getur í þessari reglugerð. Innheimta skal kostnað samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegsráðherra staðfestir.

#### 17. gr.

##### *Viðurlög.*

Brot á reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

#### 18. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipunum ráðsins nr. 91/496/EBE, 91/628/EBE, 95/29/EB, 92/438/EB, 96/43/EB. Reglugerðin tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. maí 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Ásta Einarsdóttir.*



## VIÐAUKI A

**Almenn skilyrði fyrir viðurkenningu skoðunarstöðva á landamærum.**

Til að hljóta viðurkenningu skulu landamærastöðvar hafa:

- 1) sérstaka aðrein fyrir flutning lifandi dýra, til að hlífa dýrunum við tilefnislausri bið;
- 2) aðstöðu (sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa) fyrir fermingu og affermingu ólíkra flutningatækja, skoðun, fóðrun og meðhöndlun dýranna, þar sem rými, lýsing og loft-ræsting er fullnægjandi með tilliti til þess fjölda dýra sem á að skoða;
- 3) nógu marga eftirlitsmenn til að þeir geti, með tilliti til þess fjölda dýra sem fer um viðkomandi landamærastöð, sannprófað fylgiskjöl og framkvæmt klíníska eftirlitið sem um getur í 4., 5. og 8. gr. þessarar reglugerðar;
- 4) nógu rúmgott húsnæði fyrir starfsmenn sem annast heilbrigðiseftirlitið, þar með talið búningsherbergi, sturtur og salerni;
- 5) húsnæði og aðstöðu sem hentar fyrir sýnatöku og úrvinnslu sýna í tengslum við kerfisbundna eftirlitið sem mælt er fyrir um í innlendum lögum og reglum;
- 6) aðgang að þjónustu sérhæfðrar rannsóknastofu þar sem unnt er að gera sérstök próf á sýnunum sem eru tekin á stöðinni;
- 7) aðgang að starfsstöð í næsta nágrenni stöðvarinnar með aðstöðu og búnað til að hýsa, fóðra, meðhöndla og, ef nauðsyn ber til, slátra dýrunum;
- 8) hentuga aðstöðu, ef skoðunarstöðvarnar eru áningar- eða umfermingarstaðir við flutning dýra, til að unnt sé að afferma, fóðra og hýsa dýrin ef þörf krefur og meðhöndla þau eða, ef nauðsyn ber til, slátra þeim á staðnum á þann hátt að þau þurfi ekki að óþörfu;
- 9) viðeigandi búnað fyrir hröð upplýsingaskipti við aðrar skoðunarstöðvar á landamærum og lögbær dýraheilbrigðisyfirvöld;
- 10) búnað og aðstöðu fyrir þríf og sótthreinsun.

## VIÐAUKI B

**Almenn skilyrði fyrir viðurkenningu sóttvarnarstöðva.**

1. Kröfur 2., 4., 5., 7., 9. og 10. liðar viðauka A skulu gilda.
2. Þar að auki skulu sóttvarnarstöðvar:
  - vera undir stöðugu eftirliti Fiskistofu, í samráði við yfirdýralækni, og vera á hans ábyrgð,
  - vera staðsettar langt frá eldisstöðvum og öðrum stöðum þar sem dýr eru haldin sem líkur eru á að séu með smitandi sjúkdóma,
  - hafa gott eftirlitskerfi til að tryggja viðunandi eftirlit með dýrunum.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
489	17. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi íbúðarhverfis í Norðurbæ vegna Garðavegar 15 í Hafnarfirði .....	921
490	26. apríl	Samþykkt fyrir Veiðifélagið Hölkna .....	922-923
491	17. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, Laugarvatni .....	923
492	11. maí	Gjaldskrá fyrir búfjárefntilrit í Bolungarvíkurhreppi, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhreppi .....	923-924
493	18. maí	Auglýsing um deiliskipulag á Álftanesi .....	924
494	17. maí	Gjaldskrá fyrir rannsóknasvið Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins .....	925
495	13. maí	Auglýsing um hættumat fyrir Ólafsfjörð .....	925
496	13. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Lækjarhlíðar vegna Lækjarhlíðar 3 í Mosfellsbæ .....	926
497	12. maí	Auglýsing um deiliskipulagsbreytingu í Sveitarfélaginu Árborg .....	926
498	6. maí	Auglýsing um umferð í Reykjavík .....	927
499	27. apríl	Gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúans á Seltjarnarnesi .....	928-929
500	17. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um aukefni í matvælum, nr. 285/2002, með síðari breytingum .....	930-1040
501	20. maí	Reglugerð um (16.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri .....	1040-1043
502	23. maí	Reglugerð um (17.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri .....	1043
503	17. maí	Reglugerð um merkingu matvæla .....	1044-1059
504	13. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um efni og hluti úr plasti sem er ætlað að snerta matvæli, nr. 111/2003 .....	1060-1068
505	13. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um varnarefnaleifar í matvælum, nr. 121/2004 .....	1068-1074
506	23. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 751/2003 um skráningu ökutækja .....	1074-1075
507	30. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um hönnun olíuflutningaskipa, nr. 310/2003 .....	1075-1080
508	13. maí	Reglugerð um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum .....	1081-1084
509	25. maí	Gjaldskrá fyrir hundahald á Seltjarnarnesi .....	1084-1085
510	26. maí	Reglugerð um lágmarksráðstafanir innan Evrópska efnahagssvæðisins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum ...	1085-1096
511	26. maí	Reglugerð um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra .....	1096-1115
512	26. maí	Reglugerð um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra og afurðum þeirra í viðskiptum innan Evrópska efnahagssvæðisins .....	1116-1121
513	26. maí	Reglugerð um eftirlit með heilbrigði sjávareldisdýra sem eru flutt til EES-svæðisins frá þriðju ríkjum .....	1122-1128

